


**skoðun 14**

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is




## Fara ótroðnar slóðir
*Ísraelska hönnunarteymið Yael Mer og Shay Alkalay hefur fangað heiminn með ótrúlegri hönnun.*
**allt 2**




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Mánudagur**
**10. janúar 2011**
7. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000




## Á 35 ára starfsafmæli
*Sigurður Sigurjónsson leikari bjóst ekki við að endast svona lengi á sviði.*
**tímamót 16**

## Hið augljósa vel falið
*Mengunarhneykslið í sorpstöðinni Funa í Skutulsfirði rakið.*
**fréttir 12**



## Enn verk að vinna
*Landsliðsþjálfarinn segir mikilvægt að nýta tímann vel fram að HM í Svíþjóð.*
**sport 24**

## veðrið í dag




**STÍFUR VINDUR** sunnan og vestan til á landinu, 10-18 m/s, en hægari NA-til. Víða él einkum SV-til og N-lands seinna í dag. Frost víða 0-12 stig.

**VEÐUR 4**

# Fengu milljarða út á hús sem aldrei risu

**VBS fjárfestingarbanki lánaði fyrirtæki Engilberts Runólfssonar milljarða með veði í fasteignum sem margar hverjar risu aldrei. Ekkert hefur verið byggt á lóðum sem metnar voru á 5,8 milljarða. Var orðið algjört brjálæði, segir Engilbert.**

**VIÐSKIPTI** VBS fjárfestingarbanki lánaði fyrirtæki Engilberts Runólfssonar milljarða króna til ýmissa fasteignaverkefna með veði í fasteignum sem aldrei risu.

Lánveitingar VBS fjárfestingarbanka til fasteignaverkefna námu alls 20 milljörðum króna sem jafngildir um 76 prósentum af heildarútlánum bankans.

Meðal stórtækustu viðskiptavina bankans í þessum verkefnum var fyrirtækið Innova, eitt af umsvifamestu byggingarfélögum landsins árið 2007. Forstjóri Innova var Engilbert Runólfsson sem hefur meðal annars afplánað dóma fyrir skjalafals, fíkniefnabrot og fjársvik.

Fram hefur komið að Engilbert var einn eigenda að félaginu Ferjuholti ehf. sem fékk lán hjá VBS fjárfestingarbanka til kaupa á tæplega 200 hektara spildu í landi Laugardæla norðan Selfoss árið 2007.

> **11,6 milljarðar** króna var heildarvirði verka Innova. Engin mannvirki eru á lóðum sem félagið mat á 5,8 milljarða.

Nú hefur komið á daginn að verkefnin sem fyrirtæki tengd Engilbert komu að voru mun fleiri. Í ársreikningi Innova nam heildarvirði verka í vinnslu tæpum 11,6 milljörðum króna. Engin mannvirki eru á lóðum sem félagið mat á 5,8 milljarða króna. Þá voru þrjár fjölbýlishúsalóðir metnar á rúmar 530 milljónir króna en fasteignamat þeirra nemur í dag um 100 milljónum króna.

VBS fjárfestingarbanki tók virkan þátt í fjárfestingum með félaginu en afskrifaði sjö milljarða króna vegna tapaðra útlána árið 2009. Bankinn fór í þrot í fyrra.

„Þeir [VBS] voru alltaf með Fjármálaeftirlitið á bakinu á þessum tíma og redduðu sér með svona gjörningum. En verð á þessum tíma var svona. Menn voru að borga fimmtán milljónir fyrir lóðir undir íbúðir í fjölbýli á þessum tíma. Þetta var orðið algjört brjálæði,“ segir Engilbert. - jab / sjá síðu 6



**UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR** Yfir eitt hundrað keppendur tóku þátt í nýársmóti fatlaðra í Laugardalslauginni í gær. Kristín Rós Hákonardóttir afrekskona synti með litlu frænku sinni, Heiði Björg Egilsdóttur, sex ára. Þetta er í 28. sinn sem mótið er haldið. Í gær var einnig haldin minningarathöfn um Erling Þ. Jóhannsson sem lést um aldur fram á síðasta ári en hann hafði verið mótsstjóri öll árin á undan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sendiherra Bandaríkjanna kallaður á teppið í utanríkisráðuneytinu:

# Fundað vegna Birgittu í dag

**UTANRÍKISMÁL** Sendiherra Bandaríkjanna mun í dag funda með ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins um það að bandarísk yfirvöld hafi krafið samskiptavefinn Twitter um ítarlegar upplýsingar um þingkonuna Birgittu Jónsdóttur.

„Í þessu tilviki er það algjörlega ljóst af þeim skjölum sem ég hef séð að það er fullkomlega tilhæfulaust að ætla að hún hafi með einhverjum hætti valdið bandarískum borgurum tjóni,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. „Ég get ekki skilið annað af skjölunum en að hún sæti sakamálarannsókn fyrir að hafa tekið þátt í að útbúa myndskeið.“

Birgitta segir að lögmenn þeirra sem krafan beinist gegn hafi óskað eftir upplýsingum um hvort sambærileg stefna hafi verið send öðrum samskiptavefjum, til dæmis Facebook, Google og Skype, og þeir afhent upplýsingarnar athugasemdalaust. „Það er mjög sennilegt,“ segir hún. - sh / sjá síðu 4



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Magnús hitti Colin Powell, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Mexíkó.

Íþróttaálfurinn gerir víðreist:

## Berst gegn offitu í Mexíkó

**FÓLK** Magnús Scheving, höfundur Latabæjar, hefur átt fundi með Carlos Slim, ríkasta manni heims, um hvernig Latibær og Slim geti tekið höndum saman í baráttunni gegn offitu barna í Mexíkó.

Latabæjar-vörumerkið var notað í sérstöku átaki sem bandaríska landbúnaðarráðuneytið og mexíkóska heilbrigðisráðuneytið stóðu fyrir í sameiningu í nóvember og desember. Átakið átti að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu mexíkóskra barna en rannsóknir hafa sýnt að offita barna er mest í Mexíkó. Árangurinn lét ekki á sér standa en neysla á þessum vörum jókst um 29 prósent. - fgg / sjá síðu 30

Rannsóknir á lúsum:

## Lýs sýna hvenær menn fóru í föt

**VÍSINDI Ný rannsókn Flórídaháskóla á þróun lúsa sýnir að maðurinn byrjaði að klæða sig fyrir um 170 þúsund árum. Frá þessu er greint á vefnum Science Daily.**

**Lúsarannsóknir eru notaðar til að auka skilning okkar á þróun mannkyns. Rannsóknirnar felast meðal annars í því að nota erfðatækni til að reikna út hvenær fatalús kom fyrst fram, en hún þróaðist frá höfuðlúsinni þegar mannfólkið tók að klæða hárlausan líkama sinn. Fatnaður er sú tækni sem gerði mannkyninu kleift að flytja búferlum og setjast að á kaldari svæðum.** - shá










Asphalia – Náttúrulegur svefn
Fæst í apótekum og heilsubúðum

## SPURNING DAGSINS



*Ólína, brennur þetta mál á þér?*

„Já, ég er alveg í rusli.“

Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður fékk málefni sorpbrennslunnar Funa tekin upp í umhverfisnefnd Alþingis í síðustu viku. Tilefnið var mengun frá sorpbrennslunni á undanförnum árum.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um sjálfstæði suðurhluta Súdans hófst á laugardag:

# Sögulegur viðburður í Súdan

**SÚDAN, AP** Þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem kosið er um sjálfstæði suðurhluta Súdans hófst í gær og var þátttakan mjög góð.

Talið er nánast öruggt að suðurhlutinn, sem er að mestu leyti kristinn, kljúfi sig með atkvæðagreiðslunni frá norðurhlutanum sem er að mestu byggður múslimum. Þar með yrði þessu stærsta landi Afríku skipt í tvo hluta. Rúm fimm ár eru liðin síðan blóðugri borgarastyrjöld lauk í Súdan þar sem tvær milljónir manna létu lífið á árunum 1983 til 2005.

Omar al-Bashir, forseti Súdans, hefur heitið því að veita hinum olíuríka suðurhluta sjálfstæði eftir að ríkisstjórn hans reyndi í mörg ár að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna sem nú á sér stað.

Ríkisstjórn al-Bashirs veitti suðurhlutanum takmarkaða sjálfstjórn 2005 eftir að friðarsamningur var undirritaður sem batt enda á borgarastyrjöldina. Átök hafa engu að síður átt sér stað í norðurhluta Súdans, í Darfur-héraði þar sem á bilinu 200 til 400 þúsund manns hafa látið lífið. - fb



**GREIÐIR ATKVÆÐI** Salva Kiir, leiðtogi Suður-Súdana, greiðir atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslunni. MYND/AP

Mannskætt flugslys í Íran:

# Helmingurinn komst lífs af

**ÍRAN, AP** Talið er að fimmtíu manns hafi komist lífs af þegar írönsk farþegaflugvél hrapaði í norðvesturhluta landsins seinni partinn í gær. 105 voru um borð. Vélin, sem var af gerðinni Boeing-727, hrapaði skömmu fyrir lendingu í borginni Orumiyeh.

Flugvélin brotnaði í nokkra hluta en enginn eldur braust út. Margar flugvélar í Íran eru sagðar úr sér gengnar og það sé ástæðan fyrir þeim fjölda flugslysa sem hafa átt sér stað þar undanfarin ár. - fb

Olía lak í sjóinn:

# Gat á togara við Grænland

**UMHVERFISMÁL** Viðbragðskerfi Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar var ræst í gær þegar tilkynning barst um að gat hefði komið á olíutank togarans Eldborgar RE 13. Skipið sigldi á ísjaka á Grænlandsmiðum.

Gatið var um þrjátíu sentimetra langt en um sjö tonn af olíu voru um borð í skipinu.

Skipið kom til Hafnarfjarðar í gær þar sem kafarar þéttu gatið til bráðabirgða en olían streymdi úr skipinu á meðan kafarar unnu að bráðabirgðaviðgerð.

Starfsmenn Hafnarfjarðarhafnar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs höfðu umsjón með aðgerðum en fulltrúar Umhverfisstofnunar voru einnig á staðnum. - jmi, shá

Karókímaraþon slær í gegn:

# Fjöldi manns skrifar undir

**ORKUMÁL Rúmlega fjörutíu og tvö þúsund manns hafa þegar skrifað undir áskorun til stjórnvalda þar sem skorað er á íslensk stjórnvöld að koma í veg fyrir sölu HS Orku. Að auki er skorað á Alþingi að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um eignarhald og nýtingu á orkuauðlindum landsins.**

**Efnt var til sérstaks karókí til stuðnings málefninu í Norræna húsinu á fimmtudaginn en því lauk í gær. Aðstandendur maraþonsins voru að sögn ánægðir með undirtektirnar og telja líklegt að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu úr þessu.** - sm

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Grunaðir um ölvunarakstur

Fjórir ökumenn voru teknir vegna gruns um akstur undir áhrifum áfengis eða fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Hinir handteknu eru allt karlmenn á milli 20-35 ára. Einn var tekinn réttindalaus við akstur.

# Útboðsgögnin verða aðeins birt á íslensku

**Útboð fyrir fangelsið á Hólmsheiði verða boðin út innan EES en gögnin munu einungis birt á íslensku. Danskir arkitektar fengu 4,8 milljónir fyrir frumhönnun. Formaður AÍ segir vinnubrögð dómsmálaráðuneytisins óheppileg.**

**FANGELSI** Útboðsgögn vegna framkvæmda við fangelsið á Hólmsheiði verða að öllum líkindum tilbúin innan mánaðar. Verkið verður boðið út innan EES en öll gögn verða einungis birt á íslensku.

Jón Magnússon, skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins, segir að slíkt sé venjan hér á landi eftir efnahagshrunið.

„Það er viðtekin venja að hafa textann á íslensku og það er gert samkvæmt öllum reglum,“ segir Jón. Upphafleg kostnaðaráætlun við framkvæmdirnar á fangelsinu hljóðaði upp á 1,5 milljarða króna. Jón segir þó að sú tala hafi hækkað eitthvað, en núverandi áætlun er komin upp í 1,8 milljarða. Hann vonast þó til þess að útboðið gangi á þann veg að talan lækki á ný.

Dönsku arkitektarnir Alex Poulsen unnu fyrstu hönnun fangelsisins og borgaði ráðuneytið 4,8 milljónir fyrir þá vinnu. Það verk var ekki boðið út hér á landi.

„Danir hafa hannað og teiknað mörg fangelsi, en það hafa íslenskir arkitektar ekki gert,“ segir Jón. „Þetta er óveruleg vinna og var eingöngu hugsuð til þess að auðvelda íslenskum arkitektum þá miklu áframhaldandi vinnu sem tekur við eftir útboðið.“

Áframhaldandi hönnunarkostnaður mun sennilega verða mun hærri en tæpar fimm milljónir að mati Jóns og segir hann íslenska arkitekta nú munu taka við málinu alfarið.

Logi Már Einarsson, formaður Arkitektafélags Íslands (AÍ), telur ekkert við bygginguna til þess fallið að íslenskir arkitektar hafi ekki ráðið við það.



**LOGI MÁR EINARSSON** Formaður AÍ vonast til þess að ráðuneytið hafi einungis keypt takmarkaða ráðgjafavinnu frá Danmörku eins og komið hefur fram.

> Við erum auðvitað ekki að heimta að fá að teikna fangelsið. En við viljum að sjálfsögðu fá möguleikann til þess.
>
> **LOGI MÁR EINARSSON**
> FORMAÐUR AÍ

„Við teljum ekkert í þessu verkefni vera þannig að það þurfi að leita til útlanda af þeim ástæðum,“ segir Logi. „Við höfum fengið þau svör að það hafi einungis verið takmörkuð ráðgjafavinna sem keypt var frá Danmörku og við vonum bara að svo sé.“

Logi segir óheppilegt hvernig staðið var að verkinu af hálfu ráðuneytisins, en vill þó lenda málinu í góðu og treystir því að framhaldinu verði haldið meðal innlendra arkitekta.

„Aðalatriðið er að þeir gefi íslenskum arkitektum tækifæri á því að keppa um þetta,“ segir hann. „Við erum auðvitað ekki að heimta að fá að teikna fangelsið. En við viljum að sjálfsögðu fá möguleikann til þess.“

sunna@frettabladid.is



**BALTIMORE** Fyrir utan næturklúbbinn þar sem átökin áttu sér stað. MYND/AP

Átök brutust út í Baltimore:

# Tveir skotnir við næturklúbb

**BALTIMORE, AP Tveir fórust og fjórir særðust í átökum sem áttu sér stað fyrir utan næturklúbb í Baltimore aðfaranótt sunnudags. Annar þeirra sem dóu var 33 ára lögreglumaður. Hugsanlegt er að hann hafi fyrir mistök verið skotinn til bana af öðrum lögreglumönnum á vettvangi. Einn þeirra sem særðust var einnig lögreglumaður.**

**Átökin hófust í næturklúbbnum en héldu áfram á bílastæði fyrir utan. Þetta var þriðja skotárásin fyrir utan næturklúbb í Baltimore á skömmum tíma. Í mars síðastliðnum voru tveir skotnir og í júní var lögreglumaður sem var ekki á vakt myrtur.** - fb

Fjöldi manns mótmælir:

# 40.000 á móti vegatollum

**SAMGÖNGUR** Tæp fjörtíu þúsund manns hafa mótmælt fyrirhuguðum vegatollum á umferð vega út frá höfuðborgarsvæðinu. Undirskriftasöfnunin fer fram á heimasíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda en samtökin hrintu undirskrifasöfnuninni af stað í síðustu viku.

Forsvarsmenn FÍB segja í að hugmyndin um vegatoll sé fráleit og af viðbrögðum fólks að dæma sé ljóst að þær eigi ekki upp á pallborðið hjá landanum. Samkvæmt nýrri könnun eru Suðurnesjamenn einarðastir í afstöðu sinni gegn hugmyndinni. - sm


# BRIDS SKÓLINN




Byrjendur ... 24. janúar ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 26. janúar ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Viltu læra brids?** Á byrjendanámskeiði Bridsskólans er ekki gert ráð fyrir neinni kunnáttu. Þú getur komið ein eða einn, með öðrum eða í hóp og það er sama hvort þú ert 18 ára eða 90. Eða þar á milli. Sjá **bridge.is** undir "fræðsla".
- **Viltu verða betri spilari?** Framhaldið hentar breiðum hópi spilara, bæði þeim sem töluvert kunna og eins hinum sem eru rétt að slíta fyrsta stokknum. Ekki er nauðsynlegt að vera með makker. Sjá **bridge.is**/fræðsla.
- **Staður:** **Síðumúli 37** í Reykjavík.

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.


Þrír þingmenn VG svara greinargerð þingflokksformanns fullum hálsi:

# Hin svokallaða velferðarstjórn

**STJÓRNMÁL** Þrír þingmenn Vinstri grænna, Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósesdóttir, telja meirihluta þingflokksins hafa beitt þau ofríki og að varnaðarorð um meirihlutaræði sem höfð voru uppi í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hafi verið að engu höfð í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar.



**ATLI GÍSLASON**



**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON**



**LILJA MÓSESDÓTTIR**

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem lögð var fram á fundi þingflokksins á miðvikudaginn var og þremenningarnir sendu fjölmiðlum í gær. Þar segjast þeir þurfa að bregðast við málflutningi starfandi þingflokksformanns, Árna Þórs Sigurðssonar, í greinargerð sem hann lagði fram fyrir jól. Þar hafi verið farið rangt með og ýmsum mikilvægum atriðum ekki svarað.

Þremenningarnir segja að breytingartillögur þeirra við fjárlagafrumvarpið séu sprottnar af áhyggjum af brostnum hagvaxtarforsendum í áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tillögurnar hafi verið slegnar út af borðinu og því hafi þeir greitt atkvæði gegn fjárlagafrumvarpinu.

Yfirlýsingin er harðorð. Þingmennirnir segja að rauði þráðurinn í breytingartillögunum hafi verið að verja velferðarkerfið. Allar tillögur hafi hins vegar verið hunsaðar. Vísa þeir til ríkisstjórnarinnar sem „hinnar svokölluðu velferðarstjórnar“.

„Má segja að fjárlagafrumvarpið og sú atvinnustefna sem felst í því og málsmeðferð um frumvarpið hafi verið sem fyllti mælinn. Hér má einnig nefna kúvendingu forystunnar í Icesave-málinu, ESB-umsókninni og þeim aðlögunarviðræðum sem í gangi eru, málefni Magma Energy og HS orku, afstöðunni til AGS fyrir og eftir stjórnarmyndun o.fl. Í þessum mikilvægu málaflokkum hefur verið farið gegn stefnu flokksins og sáttavilji forystunnar ekki fyrir hendi,“ segja þremenningarnir. Yfirlýsingu þeirra má lesa í heild á Vísi. - sh

SUZUKI
Way of Life!

# Til hamingju Suzuki eigendur!

Suzuki Grand Vitara
Luxury sjálfskiptur
Verð kr. 4.980.000





SUZUKI SWIFT
Verð frá kr. 2.380.000



## SÍÐASTLIÐNA 24 MÁNUÐI VAR SUZUKI GRAND VITARA MEST SELDI JEPPINN OG SUZUKI SWIFT MEST SELDI FÓLKSBÍLLINN Á ÍSLANDI



Borgarbílinn
SUZUKI SPLASH
Verð frá kr. 2.250.000

Sparibaukurinn
SUZUKI ALTO
Verð frá kr. 1.790.000

Metsölubíllinn
SUZUKI SWIFT
Verð frá kr. 2.380.000

Eðalbíllinn
SUZUKI KIZASHI
Verð kr. 5.970.000

Smájeppinn
SUZUKI JIMNY
Verð frá kr. 3.250.000

Sportjepplingurinn
SUZUKI SX4
Verð kr. 3.690.000

Fjölskyldujeppinn
SUZUKI GRAND VITARA
Verð kr. 4.980.000

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf Jan. 2011

## GENGIÐ 07.01.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,33 | 117,89 |
| Sterlingspund | 181,27 | 182,15 |
| Evra | 152,31 | 153,17 |
| Dönsk króna | 20,441 | 20,561 |
| Norsk króna | 19,690 | 19,806 |
| Sænsk króna | 17,078 | 17,178 |
| Japanskt jen | 1,4040 | 1,4122 |
| SDR | 178,91 | 179,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,4737

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mast vill rannsaka lungu úr veikum kindum eða kindum sem bráðdrepast:

# Grunur um lungnapest í fé

**LANDBÚNAÐUR** Margt til þess að kindur undir Eyjafjöllum og í Mýrdal hafi veikst af lungnapest. Ekki hefur verið staðfest að um venjulega lungnapest sé um að ræða, samkvæmt upplýsingum Matvælastofnunar (Mast).

Ekki eru sjáanleg tengsl milli þeirra bæja þar sem veikin hefur komið upp. Þrjár kindur af fjórum sem krufnar voru af dýralækni voru með einkenni í lungum sem bentu til lungnapestar, en sú fjórða var með einkenni sem ekki eiga skylt við lungnapest. Búið var að gefa kindunum sem drápust sýklalyf og því var ekki hægt að rækta bakteríur frá líffærum úr þeim.

Lungnapest er lungnabólga í sauðfé og geitum af völdum bakteríu. Þær finnast í efri hluta öndunarfæra á heilbrigðu sauðfé án þess að valda sjúkdómi. Við vissar umhverfisaðstæður, svo sem streitu, þrengsli eða miklar hitabreytingar getur blossað upp sjúkdómur í hjörðum. Einkenni lungnapestar geta verið allt frá því að kindurnar steindrepist fyrirvaralaust til hita, lystarleysis, andnauðar eða mæði.

Mast telur mjög mikilvægt að fá til rannsóknar lungu úr veikum kindum eða kindum sem bráðdrepast. Þær mega ekki hafa verið meðhöndlaðar með sýklalyfjum. **- jss**



**SAUÐFÉ** Lungnapest er lungnabólga í sauðfé og geitum af völdum tiltekinna baktería.

Brotist inn í sundlaug:

# Par var handtekið á hlaupum

**LÖGREGLA** Par var handtekið í Hafnarfirði eftir að hafa klifrað yfir girðingu og farið í heitan pott í einni af sundlaugum bæjarins rétt eftir klukkan eitt í fyrrinótt.

Þegar öryggisverðir komu á vettvang reyndi parið, átján ára piltur og sextán ára stúlka, að flýja en náðist á hlaupum og var lögreglan kölluð til. Lögreglan hafði samband við foreldra stúlkunnar, sem er undir lögaldri, sem sóttu hana á lögreglustöðina. **-sm**

# Sendiherrann á teppið í dag

**Bandaríski sendiherrann mætir í utanríkisráðuneytið í dag til að ræða um kröfu yfirvalda vestra um að fá gögn Twitter um Birgittu Jónsdóttur. Birgitta segir líklegt að aðrir vefir hafi þegar afhent slíkar upplýsingar.**

**UTANRÍKISMÁL** Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Luis E. Arreaga, mun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mæta á fund ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins í dag til að ræða beiðni bandaríska dómsmálaráðuneytisins um aðgang að ítarlegum persónuupplýsingum um þingkonuna Birgittu Jónsdóttur frá samskiptavefnum Twitter.

„Við teljum að þetta sé ólíðandi framkoma gagnvart þingmanni á löggjafarsamkundunni og við munum koma þeirri skoðun með mjög afdráttarlausum hætti á framfæri við bandarísk stjórnvöld,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann staðfestir að ráðuneytisstjórinn muni funda með Arreaga vegna málsins en segir það reglu að gefa ekki upp tímasetningu slíkra funda.

Enn fremur segir Össur að tryggja þurfi ferðafrelsi Birgittu og hefur boðið henni að funda með þjóðréttarfræðingi ráðuneytisins svo hún geti kynnt sér hvað hún eigi á hættu. Birgitta segist sjálf ekki þora til Bandaríkjanna enda hafi lögmenn ráðlagt henni frá því að ferðast þangað. Hún er á leið til Kanada í dag en kveðst ekki þora að taka aðaltölvuna sína með sér þangað í ljósi atburðanna.

Birgitta segist ekki vita hvað býr að baki kröfunni. „Ég mundi gjarnan vilja vita af hverju er verið að kalla eftir þessum upplýsingum um mig. Ég kannast ekki við að hafa gert neitt ólöglegt,“ segir hún. Líklega sé fyrst og fremst verið að skoða atburðarásina í kringum gagnalekann stóra frá Bandaríkjaher á sínum tíma, og vinnuna við myndband, sem sýnir skotárás á almenna borgara í Afganistan. „Ég held að þeir séu bara að reyna að byggja upp mál á hendur Julian Assange og Bradley Manning.“

Össur segir Birgittu ekkert hafa gert rangt. „Í þessu tilviki er það algjörlega ljóst af þeim skjölum sem ég hef séð að það er fullkomlega tilhæfulaust að ætla að hún hafi með einhverjum hætti valdið bandarískum borgurum tjóni. Hún hefur ekki stefnt lífi eða limum eða eignum í hættu. Það er ekkert sem réttlætir þetta, tel ég. Ég get ekki skilið annað af skjölunum en að hún sæti sakamálarannsókn fyrir að hafa tekið þátt í að útbúa myndskeið,“ segir Össur.

Birgitta segir að lögmenn þeirra sem krafan beinist gegn hafi óskað eftir upplýsingum um hvort sambærileg stefna hafi verið send öðrum samskiptavefjum, til dæmis Facebook, Google og Skype, og þeir afhent upplýsingarnar athugasemdalaust. „Það er mjög sennilegt,“ segir hún. Hún kann Twittermönnum miklar þakkir fyrir að hafa barist gegn leyndinni sem var áskilinn á stefnunni og fengið að gera hana opinbera.

„Mér finnst þetta auðvitað alvarlegt mál,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis. „Við brugðumst strax við og erum að kanna hennar réttarstöðu sem þingmanns við þessar aðstæður. Hún er þjóðkjörinn fulltrúi og hefur ákveðinn rétt sem slíkur.“ Meðal annars hafi verið haft samband við Alþjóðaþingmannasambandið til að kanna rétt Birgittu.

Laura Gritz, talsmaður bandaríska sendiráðsins, sagði við Fréttablaðið í gær að hvorki hún né sendiherrann vildu tjá sig um málið að svo stöddu. **stigur@frettabladid.is**



## Óska upplýsinga um fimm manns

Í stefnunni, sem Twitter fékk leyndinni aflétt af og Fréttablaðið hefur undir höndum, óskar bandaríska dómsmálaráðuneytið eftir öllum upplýsingum um fimm einstaklinga; öllum samskiptum og ítarupplýsingum um þau, notendanöfnum, heimilisföngum, netföngum, upplýsingum um hvenær fólkið tengdist vefsíðunni og hvað það varði miklum tíma þar, símanúmerum, auðkennistölum tölvanna og kreditkorta- og bankanúmerum.

**Birgitta Jónsdóttir, 43 ára**
Íslenskur þingmaður Hreyfingarinnar. Starfaði náið með Wikileaks vorið 2010 að birtingu myndbands sem sýndi skotárás úr lofti á almenna borgara í Afganistan.

**Bradley Manning, 23 ára**
Bandarískur hermaður sem situr í einangrun og sætir ákæru fyrir að hafa lekið ógrynni gagna til Wikileaks. Meðal efnisins er ofangreint myndband, ítarlegar upplýsingar um stíðið í Afganistan og gögn og samskipti úr bandarísku utanríkisþjónustunni.

**Jacob Appelbaum, 27 ára**
Bandarískur hakkari sem hefur talað fyrir hönd Wikileaks.

**Julian Assange, 39 ára**
Ástralskur ritstjóri Wikileaks.com. Situr í stofufangelsi í Bretlandi vegna rannsóknar á meintum kynferðisbrotum í Svíþjóð.

**Rop Gonggrijp, 42 ára**
Þekktur hollenskur hakkari sem starfaði með Wikileaks vorið 2010 að birtingu ofangreinds myndbands.



**HÚSIÐ RIFIÐ** Auða lóð er nú að sjá þar sem hús Andre Hall stóð áður.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Húseigandi kom að tómri lóð:

# Rifið til grunna fyrir mistök

**BANDARÍKIN, AP** Íbúa í borginni Pittsburgh í Bandaríkjunum rak í rogastans þegar hann kom að húsi sínu í síðustu viku, en þá hafði það verið rifið til grunna.

Andre Hall hafði keypt húsið fyrir nokkru og stóð í að gera húsið upp, en eignin hafði lengi staðið auð. Húsið hafði eitt sinn verið sett á lista til niðurrifs, en borgaryfirvöld ógiltu þá tilskipun fyrir nokkru.

Verktaki sem ráðinn hafði verið til að rífa húsið við hliðina var hins vegar full ákafur og reif bæði húsin, við litla hrifningu Halls.

Lögmenn borgarinnar eru nú að fara yfir málið. **- bj**

Róleg helgi að baki:

# Tveir bílar út af vegna hálku

**LÖGREGLAN** Helgin gekk nokkuð vel fyrir sig víða á landsbyggðinni. Á Suðurnesjum var einn ökumaður tekinn grunaður um ölvunarakstur.

Þá urðu tvö minni háttar umferðaróhöpp á Selfossi vegna hálku. Annars var helgin ágæt hvað skemmtanahald og umferð varðar að sögn lögreglunnar á Selfossi. **- sm**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VINDASAMT** sunnan og vestan til í vikunni, en yfirleitt hægari vindur annars staðar. Það verður áfram kalt í veðri með éljum einkum norðan til á landinu en það léttir heldur til sunnan- og suðvestanlands.



**Á MORGUN**
10-15 m/s S- og V-til, annars hægari.

**MIÐVIKUDAGUR**
5-13 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 2° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 7° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 1° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 1° |
| París | 6° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Taktu vorið með trompi!




## Tækninám og brautir NTV opna nýjar leiðir

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 539.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Kerfisstjórinn samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator"

| Morgunnámskeið byrjar 18. jan. | Kvöld- og helgarnámskeið 17. jan. | Lotunám 1. feb. |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 18. janúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. janúar |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Sertified Server Administrator.

| Morgunnámskeið byrjar 31. janúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. febrúar |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 15. febrúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. febrúar |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 272.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 18. janúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 17. janúar |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 1. mars |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. febrúar |

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions

OPIN KERFI

PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER

PROMETRIC

INNRITUN Á VORÖNN STENDUR YFIR NÚNA!

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**FRÉTTASKÝRING:** Lán VBS fjárfestingarbanka til fasteignaverkefna

### Nokkur verk í vinnslu hjá Innova í lok árs 2007*

| Verk | Eignamat í kr. | Fasteignamat í kr 2011. | Staða verks |
|---|---|---|---|
| Andarhvarf 7 | 256.012.508 | 101.750.000 | Fokheld fasteign |
| Lindarvegur / Skógarlind | 1.351.753.098 | 137.750.000 | Fylltur grunnur |
| Hæðasmári 1-5 | 432.114.469 | 54.270.000** | Engin mannvirki |
| Þorrasalir 17 | 233.349.957 | 29.600.000** | Engin mannvirki |
| Gullhella 2 | 209.245.296 | 105.600.000** | Engin mannvirki |
| Laugadælir | 2.664.385.733 | - | Malarvegir / Engin mannvirki |

* Samkvæmt ársreikningi ** Heildarlóðamat

## SVONA VAR VERÐIÐ FENGIÐ ÚT

Í skýringum við óendurskoðað uppgjör Innova kemur skýrt fram hvaða aðferðum er beitt við mat fyrirtækisins á verkum í vinnslu og hefur endurskoðandi lagt blessun yfir þær. Skýringarnar eru eftirfarandi:

**Verk í vinnslu**

„Verk í vinnslu eru eignfærð á kostnaðarverði að meðtöldum fjármagnskostnaði og að frádregnum innborgunum á verkin. Tekjur og gjöld eru færð í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu hvers verks, en verk eru eingöngu eignfærð sé sölustaða þeirra lægri en verkstaða og hægt er að meta verkstöðu með áreiðanlegum hætti. Fyrirsjáanlegt tap af verki er gjaldfært strax."

16. gr. „Skammtímahluti skulda við lánastofnanir eru lán frá viðskiptabönkum félagsins vegna verkframkvæmda. Um 10,5 milljarðar eru óverðtryggð verkefnalán með allt að 21% vöxtum og um 305 milljónir eru í formi yfirdráttarlána og víxla."

## SEGIR VBS HAFA STUNDAÐ TALNALEIKI

Innova varð á meðal fimm umsvifamestu fyrirtækja í byggingageiranum að undangengnum samruna Stafna á milli við tvö önnur verktakafyrirtæki. Starfsmenn voru rúmlega tvö hundruð og veltan í kringum sjö milljarðar króna. Forstjóri fyrirtækisins var Engilbert Runólfsson. Hann sat inni fyrir aðild að fíkniefnainnflutningi fyrir fimmtán árum en varð stórtækur á fasteignamarkaði eftir aldamótin.

Engilbert stýrði Stafna á milli og átti ásamt öðrum hugmyndina að því að kaupa fyrirtækin JB Byggingafélag og Ris árið 2007. Kaupverð JB Byggingafélags nam á fjórða milljarð króna og lánaði VBS til kaupanna með stuðningi gamla Landsbankans eftir áreiðanleikakönnun KPMG. Viðmælendur Fréttablaðsins segja þetta hafa verið alltof hátt mat. Engilbert segir VBS hafa stýrt ferlinu og sett mark sitt á rekstur Stafna á milli eftir samruna við fyrirtækin. „Það var mat VBS og Landsbankans að verðið væri sanngjarnt. Þeir (VBS) gíruðu þetta allt upp í loft til að láta CAD-reglurnar stemma. Við sáum aldrei krónu af þessu," segir hann og bendir á að skuldir Innova hafi hækkað við fyrirtækjakaupin. „Það voru engir peningar á ferðinni heldur talnaleikur hjá VBS," segir hann.

Engilbert kannast ekki við eignafærslurnar í ársreikningi Innova í árslok 2007 en segir VBS hafa stýrt þeim. Eignamatið hafi byggt á væntu söluandvirði þeirra fasteigna sem rísa áttu á lóðunum. „Þeir voru alltaf með Fjármálaeftirlitið á bakinu á þessum tíma og redduðu sér með svona gjörningum. En verð á þessum tíma var svona. Menn voru að borga fimmtán milljónir fyrir lóðir undir íbúðir í fjölbýli á þessum tíma. Þetta var orðið algjört brjálæði. Allir í bransanum hefðu þegið þessi bankalán. Menn sáu ekkert fram undan nema að góðærið myndi halda áfram. Allir voru á ballinu en svo voru ljósin slökkt," segir hann. „Þetta voru góð verkefni. Ef þau hefðu haldið áfram hefði þetta allt gengið upp."



ENGILBERT RUNÓLFSSON





# Röð og regla

Hillukerfi fyrir lagera og geymslur af öllum stærðum

PIPAR\TBWA • SÍA • 103288

Byggingadeild

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 – Reykjavík





**FALLEG LÓÐ** Fjölbýlishúsalóð undir Úlfarsfelli er metin á rúmar 530 milljónir króna. Eignamatið er byggt á væntu söluandvirði fasteigna sem rísa áttu á lóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# VBS lánaði milljarða út á loftkastalasmíði

**Fasteignir sem VBS fjárfestingarbanki lánaði til voru aldrei reistar. Verktaki verðmat lóðaspildu á Selfossi á 2,7 milljarða og þrjár lóðir undir fjölbýlishús við Úlfarsfell á hálfan milljarð. Verktakinn segir bankann hafa stýrt eignamatinu.**

VBS fjárfestingarbanki með fulltingi Landsbankans tók þátt í kaupum á fasteignaverkefnum og lánaði milljarða króna út á mat á hugsanlegu söluandvirði fasteigna sem aldrei risu.

Meðal stærstu lántakenda í þessum viðskiptum var fyrirtækið Innova, móðurfélag JB Byggingafélags og Riss, sem Engilbert Runólfsson fór fyrir. Stjórnendur bankans létu ekki brotaferil og vafasama fortíð hans trufla sig.

Dæmi um slík lánaviðskipti eru þrjár lóðir fyrir 109 íbúða fjölbýlishús á vegum Innova við Urðarbrunn í landi Úlfarsfells. Reykjavíkurborg úthlutaði lóðinni árið 2007. Í uppgjöri lóðaeiganda sem hafði í hyggju að reisa fjölbýlishúsið er lóðin metin á rúmar 530 milljónir króna og fékk hann lánað hjá VBS í samræmi við það.



**BOÐAÞING Í KÓPAVOGI** 28 íbúða fjölbýlishús Innova í Kópavogi féll í skaut Landsbankans í kjölfar hruns á verktakamarkaði. Blokkin var metin á tæpar 380 milljónir króna í árslok 2007. Fasteignamat er í dag rétt rúmar 300 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engar fasteignir hafa risið á lóðunum og er eina sjáanlega byggingin við þær dreifistöð frá Reykjavíkurborg. Fasteignamat lóðanna við Urðarbrunn er 33,6 milljónir króna í dag. Þetta er fjarri því eina dæmið í tilviki Innova.

Félagið skilaði síðast inn ársreikningi fyrir rekstrarárið 2007. Félagið skuldaði 10,8 milljarða króna í lok ársins. Eignir voru metnar á tæpa 11,6 milljarða króna. Eignir upp á tæpa 7,3 milljarða króna eru ýmist óskipulagðar lóðir með engum mannvirkjum eða óvíst hverjar þær eru.

Þeir sem rætt hefur verið við segja félagið hafa ofmetið eignir sínar stórkostlega, reksturinn hafa verið skuldsettan upp í rjáfur og með ólíkindum að nokkurt fjármálafyrirtæki hafi stutt við fyrirtækið með þeim hætti sem VBS gerði.

Bankinn fékk Innova í fangið í september árið 2008, um mánuði áður en gömlu viðskiptabankarnir þrír fóru á hliðina. Gjaldþrotaskipti standa nú yfir á fyrirtækinu. Eignir félagsins hafa verið seldar til dótturfélaga bankanna, annarra verktaka og lóðum verið skilað til landeigenda.

**Gróðasjónarmið ráða för**

VBS fjárfestingarbanki var einn þeirra banka og fjármálafyrirtækja sem voru fyrirferðarmikil í svokölluðum ástarbréfaviðskiptum stóru viðskiptabankanna við Seðlabankann. Þegar bankarnir féllu í október 2008 skuldaði VBS Seðlabankanum 26,4 milljarða króna. Heildarafskriftir ríkissjóðs vegna ástarbréfaviðskiptanna námu 175 milljörðum króna í ríkisreikningi árið 2008.

Í stað þess að knýja VBS í þrot breytti ríkissjóður skuld bankans í lán til sjö ára. Fyrsti gjalddagi lánsins var í byrjun síðasta árs. Bankinn réð ekki við fyrstu afborgun. Fjármálaeftirlitið tók hann yfir í fyrravor og skipaði yfir hann slitastjórn.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var verðmæti eignasafns VBS fært úr 52 milljörðum króna í tíu undir lok síðasta árs og er aðeins einn óveðsettur milljarður til skiptanna á móti 48 milljarða króna kröfum í þrotabúið.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður sem sæti á í slitastjórn bankans, sagði þá í samtali við blaðið vísbendingar um að stjórnendur bankans hefðu lánað til fasteignaverkefna með veði í lóðum og húsum án þess að húsin hefðu nokkru sinni risið.

**Viðskiptavinir borga brúsann**

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að skuldabréf tengd lánveitingum VBS til framkvæmda hafi verið seld inn í eignastýringu bankans og viðskiptavinir bankans því í raun tekið alla áhættuna.

Fasteignaverkefni á vegum VBS eru flest á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum auk fasteignaverkefnis í landi Laugardæla rétt við fyrirhugað brúarstæði á Selfossi. VBS tók virkan þátt í verkefninu og átti í því tæplega þrjátíu prósenta hlut. Þrotabú VBS á Laugadæli í dag. Þar eru malarvegir, ljósastaurar og einhverjar lagnir í jörð. Ekkert virðist hafa verið átt við lóðirnar. Landið er veðsett fyrir 2,8 milljarða.

Útlán VBS til fasteignaverkefna af þessum toga námu 20 milljörðum króna og jafngilti það 76 prósentum af heildarútlánum bankans þegar hann féll.

Samkvæmt athugun endurskoðenda á rekstri bankans fyrir hrun er talið víst að hann hafi verið ógjaldfær í ársbyrjun 2008, tveimur árum áður en Fjármálaeftirlitið tók hann yfir.

Slitastjórn VBS undirbýr nú að stefna mönnum vegna nokkurra gjörninga fyrrverandi stjórnenda bankans og er ekki útilokað að einhverjir þeirra lendi á borði sérstaks saksóknara.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
jonab@frettabladid.is






Hönnun: Daði Guðjónsson




Þingmaður óskar eftir fundi vegna málefna íslenskrar fjölskyldu á Indlandi:

# Vill fá skýringu á ríkisborgararétti

**FÓLK** Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, hefur óskað eftir því að fulltrúar innan- og utanríkisráðuneyta verði kallaðir fyrir allsherjarnefnd Alþingis. Ástæðan er ríkisborgararéttur Jóels Færseth Einarssonar, sem fæddist á Indlandi fyrir jól.

Foreldrar Jóels nýttu sér þjónustu staðgöngumóður á Indlandi, en slíkt er ólöglegt hér á landi. Fjölskyldan hefur verið föst á Indlandi í um þrjá mánuði, en fyrir áramót ákvað allsherjarnefnd Alþingis að veita Jóel íslenskan ríkisborgararétt.

Vigdís segir innanríkisráðherra hafa sett ofan í við allsherjarnefnd vegna veitingar ríkisborgararéttarins og vill fá skýringu á málinu. Vigdís segir fulltrúa dómsmálaráðuneytisins hafa varað allsherjarnefnd við að leggja það til við Alþingi að veita Jóel ríkisborgararétt á grundvelli samkomulags sem unnið er að í samvinnu við Evrópusambandsríkin um málefni er snúa að staðgöngumæðrun á Indlandi.

Nauðsynlegt sé fyrir foreldra Jóels að fá viðeigandi vottun um að þau séu í raun foreldrar barnsins, en hingað til hefur einungis verið sýnt fram á gögn frá þeirri læknamiðstöð þar sem þungunin var framkvæmd. - sv


VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

# Læknar bjartsýnir á bata þingkonunnar

**Læknar í Arizona vonast til að þingkonan Gabrielle Giffords sé á batavegi. Brjálaður byssumaður skaut hana í höfuðið á útifundi í borginni Tucson.**

**ARIZONA, AP** Læknar sem meðhöndla bandarísku þingkonuna Gabrielle Giffords, sem var skotin í höfuðið á laugardag, voru í gær bjartsýnni en áður um að hún myndi halda lífi. Hún gat brugðist við tilmælum lækna meðal annars með því að sýna tvo fingur eða kreista hendi.

Að sögn læknanna fór byssukúla í gegnum höfuð Giffords og í gegnum vinstri hluta heilans. Þeir eru engu að síður bjartsýnir á að hún nái bata. „Það gerist ekki betra en þetta. Þegar þú færð skot í höfuðið og kúlan fer í gegnum heilann í þér eru mjög litlar líkur á að þú lifir af. Líkurnar á því að þú vaknir og getir svarað skipunum eru enn minni. Vonandi getur hún áfram svarað skipunum,“ sagði einn læknanna.

Hin fertuga Giffords, sem er í Demókrataflokknum, var skotin fyrir utan stórmarkað í borginni Tucson í Arizona. Hún var á fundi með stuðningsmönnum sínum fyrir utan stórmarkaðinn þegar 22 ára maður hóf skothríð með hálfsjálfvirkri byssu. Sex dóu, þar á meðal ríkisdómari Arizona, og fjórtán særðust. Árásinni lauk eftir að tvær nærstaddar manneskjur náðu að yfirbuga byssumanninn Jared Loughner, sem var í kjölfarið handtekinn. Leit stóð í gær yfir að hugsanlegum vitorðsmanni hans, sem var á staðnum á sama tíma. Ekki er vitað hvers vegna Loughner hóf árásina en honum hefur verið lýst sem einfara sem hefur átt við geðræn vandamál að stríða.


**GABRIELLE GIFFORDS** Bandaríska þingkonan var skotin í höfuðið á útifundi í borginni Tucson á laugardaginn. MYND/AFP

> Þegar þú færð skot í höfuðið og kúlan fer í gegnum heilann í þér eru mjög litlar líkur á að þú lifir af. Líkurnar á því að þú vaknir og getir svarað skipunum eru enn minni.
>
> EINN AF LÆKNUM GABRIELLE GIFFORD

Giffords hafði verið harðlega gagnrýnd af hægrimönnum vegna stuðnings síns við breytingafrumvarp á heilbrigðiskerfinu á síðasta ári. Skemmdir voru unnar á skrifstofu hennar sama dag og fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti frumvarpið.

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, sagði árásina sorgarviðburð fyrir þjóðina. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, var á sama máli og bætti við að hann tæki undir orð Obama um að ofbeldi sem þetta megi ekki koma í veg fyrir opinbera pólitíska umræðu. Fidel Castro, forseti Kúbu, steig einnig fram og sagði árásina hræðilega.

Hin níu ára Christina-Taylor Green var ein þeirra sem létust í skotárásinni. Hún fæddist 11. september 2001 og minnst var á hana í bókinni „Andlit vonarinnar“ þar sem fjallað var um eitt barn frá hverju ríki Bandaríkjanna sem fæddist sama dag og hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin voru gerðar.

freyr@frettabladid.is




Við leitum að hæfileikaríkum krökkum til að leika, dansa og syngja í Galdrakarlinum í Oz

Við efnum til hæfileikadaga þar sem við leitum að krökkum til að taka þátt í uppfærslu á **Galdrakarlinum í Oz** sem frumsýnt verður næsta haust. Við leitum að krökkum sem geta leikið, dansað, sungið, farið í flikk-flakk, heljarstökk – eða allt hvað eina sem kemur sér vel á ferðalaginu til Oz.

Allir á aldrinum 8–18 ára geta tekið þátt. Vinir eða hópar geta mætt í prufurnar saman en að sjálfsögðu geta einstaklingar líka spreytt sig á sviðinu.

**Skráning í prufurnar fer fram í Borgarleikhúsinu miðvikudaginn 19. janúar kl. 16.15–17.30.**

Skráningarblað og nánari upplýsingar á heimasíðu okkar, **borgarleikhus.is.**

Borgarleikhúsið

HM TILBOÐ

PANASONIC SJÓNVÖRP Á FRÁBÆRU VERÐI!

Í tilefni af HM í handbolta bjóðum við Panasonic sjónvarpstæki á einstöku tilboðsverði í verslun Nýherja, Borgartúni og á netverslun.is.

**Njóttu þess að horfa á strákana okkar á úrvalsskjá frá Panasonic.**

**Tilboðið gildir meðan birgðir endast.**




NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartúni 37 www.nyherji.is BETRI LAUSNIR

TAL

HEIMASÍMI Í HEIMASÍMA
GSM ÓHÁÐ KERFI
INTERNET

# FYRIR ÞÁ SEM VILJA STJÓRNA ÚTGJÖLDUM SÍNUM: GERÐU OKKUR TILBOÐ OG ÞÚ BORGAR FAST VERÐ Á MÁNUÐI.

KOMDU Á TAL.IS, HAFÐU SAMBAND Í 1817 EÐA KÍKTU Í KAFFI Í NÆSTU VERSLUN
OG SEGÐU OKKUR HVERNIG ÞJÓNUSTU ÞÚ ÞARFT OG HVAÐ ÞÚ VILT BORGA. ÞÚ RÆÐUR.

## MINNI ÓVISSA. MEIRA TAL.

# Heilsuátak
## með aukinni fiskneyslu

Fiskfars 550 kr.kg
Fiskhakk 790 kr.kg
Nýjar og nætursaltaðar kinnar 790 kr.kg
Ýsuflök með roði 1.390 kr.kg
Stór og falleg flök, ekki einhverjir smátittir eins og fást í ákveðinni verslun.
Fiskréttir í sósu 1.390 kr.kg
Karrýkókós, Mangósósa, Tikka masalasósa, Sinneps og graslaukur, Hvítlaukspiparsósa og fleiri og fleiri.
GELLUR OG KINNAR
HROGN OG LIFUR
Sjáumst eldhress á eftir, við erum tilbúnir að taka á móti mikilli traffík. Stutt bið, þó svo það séu 30 manns í röð.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


Vegasprengja sprakk í suðurhluta Afganistans:

# Danskur hermaður fórst

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Danskur hermaður fórst eftir að vegasprengja sprakk í suðurhluta Afganistans í gær.

Hermaðurinn var í eftirlitsferð skammt frá bænum Gereshk í Helman-héraði þegar sprengjan sprakk. Hann var fluttur í þyrlu á sjúkrahús þar sem hann var úrskurðaður látinn. Þrjátíu og átta danskir hermann hafa farist í Afganistan síðan Danir gengu til liðs við alþjóðlegt herlið undir stjórn Bandaríkjamanna árið 2002. Rúmlega sjö hundruð danskir hermenn eru að störfum í Afganistan, flestir í Helmand-héraðinu. - fb



**AFGANISTAN** Danskur hermaður fórst þegar vegasprengja sprakk í Afganistan.



**FRIÐRIK KRÓNPRINS** Friðrik krónprins tilkynnir fjölmiðlum um fæðingu tvíburanna á laugardag. MYND/AP

Konungshjónin himinlifandi með nýfædda tvíbura:

# Dásamlegur dagur

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Dönsku konungshjónin eru að vonum himinlifandi yfir fæðingu tvíburanna, stráks og stelpu, sem krónprinsparið María og Friðrik eignaðist á laugardag.

Drottningin Margrét Þórhildur heimsótti þau á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn ásamt Hinriki prins. „Þetta er dásamlegur dagur,“ sagði hún. Spurð hverjum börnin líktust sagði hún að þau líktust hvort öðru. Hinrik sagðist stoltur og glaður yfir fæðingu tvíburanna. Bætti hann við í léttum dúr að Friðrik og María skyldu ekki halda að hann ætlaði að passa þá ef þau þyrftu að bregða sér frá.

Tvíburarnir eru fyrstu konunglegu tvíburarnir sem fæðast í Danmörku síðan 1626. Strákurinn fæddist á undan en stelpan fylgdi í kjölfarið tæpum hálftíma síðar. „Þetta er kraftaverk,“ sagði Friðrik eftir fæðinguna. „Nú þarf að hafa auga með tveimur litlum hjörtum.“

María og Friðrik gengu í hjónaband árið 2004. Þau eiga fyrir tvö börn, hinn fimm ára Kristján og hina þriggja ára Isabellu. - fb


# Ísland í Evrópu

Hádegisfundir Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon á þriðjudögum kl. 12–13

11. janúar **Sveitarfélög, atvinna og Evrópa**
Dagur B. Eggertsson, varaform. Samfylkingarinnar og form. borgarráðs
Óttarr Proppé, borgarfulltrúi Besta flokksins

25. janúar **Landinn: ESB og fólkið í landinu**
Halldór Hermannsson, skipstjóri Ísafirði
Guðmundur Gunnarsson, formaður RAFÍS

8. febrúar **Hvaða tækifæri felast í ESB-aðild fyrir börn?**
Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri
Eysteinn Eyjólfsson, upplýsingafulltrúi

22. febrúar **Hagstjórn Íslands og aðild að ESB**
Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra

8. mars **ESB, tækifæri eða ógn fyrir kvennabaráttuna hér**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingarinnar
Snærós Sindradóttir, námsmaður og formaður Ungra vinstri grænna

22. mars **Loftslagsbreytingar og aðildarríkið Ísland**
Þórunn Sveinbjarnardóttir, form. þingflokks Samfylkingarinnar

5. apríl **ESB aðild? Hvaða aðrar leiðir eru færar?**
Dagbjört Hákonardóttir, lögfræðingur
Brynja Halldórsdóttir, laganemi
og í stjórn Vinstri grænna í Reykjavík

Allir velkomnir
xs.is



Við gerum Vínbúðina Skeifunni fallegri og betri
Opnum aftur 10. febrúar
Vínbúðin Skeifunni verður lokuð frá og með **10. janúar** vegna endurbóta.
Opnum fallegri og betri verslun **10. febrúar**.
VÍNBÚÐIN



BÍTIÐ MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50
BYLGJAN 989

# Jess, útsala hjá EJS!

**Dell M109S On-The-Go skjávarpi**
Sá allra minnsti frá Dell
**VERÐ ÁÐUR:** ~~189.900,-~~
**VERÐ NÚ: 129.900,-**












**Alienware M17X** (2 stk eftir)
Magnað undraverk í leiki og margmiðlun með 17" skjá og öflugum Intel Core Quad örgjörva.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~449.900,-~~
**VERÐ NÚ: 299.900,-**

**Dell Adamo XPS** (3 stk eftir)
Þynnsta fartölva í heimi aðeins 9,99 millimetrar. Einstök hönnun sem á enga sína líka.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~449.900,-~~
**VERÐ NÚ: 299.900,-**

**Dell Inspiron 11Z**
Létt og þægileg 11" fartölva með háglans áferð og orkusparandi örgjörva frá Intel.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~109.900,-~~
**VERÐ NÚ: 89.900,-**

**Dell Vostro V13**
Örþunn og einstaklega létt fartölva í álumgjörð með nýjum orkusparandi örgjörva frá Intel.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~189.900,-~~
**VERÐ NÚ: 149.900,-**



**Dell 1250C LED prentari í lit**
Lítill og nettur prentari sem passar vel nánast hvar sem er. Frábær litaútprentun og lágur rekstrarkostnaður.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~59.950,-~~ **VERÐ NÚ: 44.950,-**



**Dell USB hátalarar**
Flottir ferðahátalarar sem henta vel með fartölvum, MP3 spilurum og netbókum.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~6.950,-~~ **VERÐ NÚ: 4.450,-**



**Xtreamer myndspilari 2.5"**
Ótrúlega nett tæki, ný hönnun, nýtt viðmót. Myndspilari með „streaming" möguleika á vídeó og tónlist í gegnum netið.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~24.900,-~~ **VERÐ NÚ: 16.900,-**



**Iomega ScreenPlay Director 2TB**
Iomega ScreenPlay Director styður Full HD afspilun og allt að 2TB geymslurými.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~84.950,-~~ **VERÐ NÚ: 59.950,-**



**Dell Alienware TactX heyrnartól**
Magnaður hljómburður í þessum heyrnartólum frá Alienware. Innbyggður útdraganlegur hljóðnemi sem þvælist ekki fyrir þegar hann er ekki í notkun. Létt og þægilegt.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~15.950,-~~ **VERÐ NÚ: 12.950,-**



**Iomega Home Media Network drif 1TB**
Með Home Media Network drifi getur þú á einfaldan hátt deilt skrám, myndum, myndskeiðum og tónlist á heimilinu og út á netið.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~32.950,-~~ **VERÐ NÚ: 26.950,-**



**Kodak mini Video upptökuvél**
Lítil og nett tökuvél sem passar í hvaða vasa sem er. Einföld í notkun og snilld fyrir þá sem vilja deila skemmtilegum atburðum á facebook og Youtube.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~16.950,-~~ **VERÐ NÚ: 11.950,-**



**Kodak Playsport ZX3 Video Camera**
Playsport ZX3 er algert undratæki, vatnsheld og sterkbyggð vídeóupptökuvél með hristivörn.
**VERÐ ÁÐUR:** ~~39.950,-~~ **VERÐ NÚ: 29.950,-**

**Útsalan stendur yfir 10.–14. janúar.**
Einnig verða í boði notaðar/umbúðalausar/viðgerðar/útlitsgallaðar tölvur og sýningareintök úr verslun á góðum afslætti – Verð frá 49.900 kr.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð eru með vsk.

Grensásvegi 10 | Tryggvabraut 10 | 563 3000
108 Reykjavík | 600 Akureyri | www.ejs.is

EJS | HLUTI AF SKÝRR

**FRÉTTASKÝRING:** Funamálið í hnotskurn

## SAGT OG SKRIFAÐ UM FUNA

„Slæðan myndast þar sem skil eru á milli loftmassa, þar sem kalt er fyrir neðan og heitt fyrir ofan og loftið mjög stöðugt, eins og gerist oft í Los Angeles. Þó er þarna ólíku saman að jafna, því ytra er um raunverulega mengun að ræða. [...]Af þessu er engin mengun, menn geta andað þessu að sér og liðið ágætlega á eftir. Þetta er bara sjónmengun, en ég held að ef mistrið myndaðist ekki af mannavöldum, þá þætti það afskaplega fallegt.“

**JÓN REYNIR SIGURVINSSON**
AÐSTOÐARSKÓLAMEISTARI MÍ, Í BÆJARINS BESTA ÁRIÐ 2002.

„Þó útblásturinn sé meinlaus þá er þetta hrikalega ljótt.“

**VÍÐIR ÓLAFSSON**
STÖÐVARSTJÓRI
Í VIÐTALI VIÐ MBL. ÁRIÐ 2003

# Hið augljósa var vel falið

**Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra ætlar að láta gera óháða rannsókn á Funamálinu. Hér er saga málsins, sem nú má kalla mengunarhneyksli, rakin.**


**SORPBRENNSLAN FUNI Í SKUTULSFIRÐI** Rætt var og ritað um mengun frá Funa árum saman. Hins vegar á það ekki við um díoxín-mælinguna 2007, þvert á það sem haldið hefur verið fram. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Um miðjan desember sendi Mjólkursamsalan frá sér fréttatilkynningu þar sem fram kom að vinnslu mjólkur frá bænum Efri-Engidal í Skutulsfirði hefði verið hætt að kröfu Matvælastofnunar þar sem þrávirk aðskotaefni, og þar á meðal eitrið díoxín, hefði mælst yfir viðmiðunarmörkum í mjólk frá bænum.

Það sem hér vekur athygli er að mælingin er gerð af fyrirtæki sem ber engin skylda til að gera rannsókn eins og þessa. Forstjóri MS, Einar Sigurðsson, sagði hins vegar í viðtali við Fréttablaðið að MS hefði brugðist við eftir fyrirspurnir frá íbúum á svæðinu sem vildu vita hvort sorpbrennsla í Funa væri það mengandi að það mældist í afurðum frá bænum, sem stendur 1,5 kílómetra frá sorpbrennslunni.

Viðbrögð bæjaryfirvalda á Ísafirði, þegar mælingin lá fyrir, voru að senda frá sér tilkynningu þess efnis að mælingin hefði ekki varpað skugga á heilnæmi Skutulsfjarðar en það var harmað að hætta þurfti mjólkurvinnslu á einum bæ.

Steingrímur Jónsson, bóndi á Efri-Engidal, lýsti síðan áhyggjum sínum af heilsu sinni og framtíð vegna málsins í viðtali við Fréttablaðið rétt fyrir áramótin.

### Hræðilega ljótt

Umræða um mengun frá Funa er ekki ný af nálinni. Fréttamiðlar Vestfirðinga hafa undanfarin ár reglulega greint frá óþægindum íbúa vegna hennar. Fyrstu fréttirnar af mengunarmælingum birtust í Bæjarins besta árið 2004 og Morgunblaðið fjallaði einnig um málið af og til frá 2003. Hins vegar var sá fréttaflutningur byggður á takmörkuðum upplýsingum þar sem forráðamenn fyrirtækisins og sveitarfélagsins, og sérfræðingar sem leitað var til, gerðu ávallt lítið úr málinu. Hvimleið sjónmengun var viðkvæðið þá og allar götur til ársloka 2010 en árið 2009 sýndu mælingar að þungmálmar og ryk var langt yfir mörkum.

Hér eru síðan ótalin öll skrif íbúa á Ísafirði. Lengi vel fór fremstur í flokki Pétur Tryggvi Hjálmarsson silfursmiður sem strax árið 2003 lýsti áhyggjum sínum af því að hugsanlega væri sorpbrennslan að dæla díoxíni og öðrum eiturefnum yfir svæðið. Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður skrifaði einnig greinar þar sem áleitnum spurningum um hugsanlega mengunarhættu var komið á framfæri.

### Mengun

Hvað mengunina frá sorpbrennslunni Funa varðar má til hægðarauka skipta málinu í tvennt. Annars vegar nær það til þeirrar mengunar sem mæld var í gegnum árin samkvæmt kröfum í starfsleyfi Funa og varð til þess að Umhverfisstofnun (UST) tók að gera alvarlegar athugasemdir við reksturinn árið 2009.

Í bréfum UST kemur fram að í mælingum í útblæstri Funa voru þungmálmarnir nikkel, arsen, blý, króm, vanadíum og kopar langt fyrir mörkum. Ryk mældist þá einnig rúmlega fimm sinnum meira en starfsleyfi kvað á um.

Það er þessi mengun sem fréttamiðlar greindu frá enda lágu mælingagögn fyrir að einhverju leyti.

### Díoxín

Hins vegar er það díoxín og önnur þrávirk aðskotaefni í útblæstri. Árið 2007 var gerð fyrsta og eina díoxín-mælingin í Funa, sem og öðrum sorpbrennslum hér á landi, samkvæmt þeim kröfum sem gerðar voru til stöðvanna þegar Evróputilskipun um sorpbrennslu var tekin upp hér árið 2003. Þessi eina mæling var hluti af undanþágu sem stjórnvöld náðu fram að kröfu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Allar aðrar mælingar frá Funa segja því ekkert um hvort eða hversu mikið af þrávirkum aðskotaefnum voru í útblæstri frá sorpbrennslunni fyrir árið 2007 og síðar. Hins vegar mældist díoxín í þetta eina skipti 20 sinnum meira en viðmiðunarmörk gera ráð fyrir í útblæstri.

## SAGT OG SKRIFAÐ UM FUNA

„Ég er alveg sannfærð um það að þessi hreinsibúnaður er ekki að skila sínu og þetta er hættulegt fyrir íbúa hérna á Ísafirði. Hér hafa verið hugmyndir um að byggja upp ferðaþjónustu, hér er mikið dýralíf, þetta er aðalsvæði hestamanna í grenndinni og umhverfið hérna í kring er mjög fallegt. Þessi starfsemi ógnar þeirri jákvæðu ímynd sem Vestfirðir hafa núna.“

**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**
Í VIÐTALI VIÐ MBL. ÁRIÐ 2003.

### Afneitun

Þegar Fréttablaðið greindi frá niðurstöðu díoxín-mælingarinnar árið 2007 í forsíðufrétt 3. janúar var því haldið fram að Ísfirðingum hefði ekki verið greint frá niðurstöðunni. Var sú fullyrðing byggð á ítarlegri leit í fjölmiðlum frá löngu tímabili og viðtölum við íbúa á Ísafirði.

Halldór Halldórsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði í viðtali vegna fréttarinnar að niðurstöður mælinga hefðu verið kynntar jafn óðum opinberlega og „engu hafi verið stungið undir stól“. Undir orð Halldórs tók Daníel Jakobsson, eftirmaður hans í bæjarstjórastóli, sem nú hefur beðið umbjóðendur sína afsökunar á því hvernig starfsemi Funa var háttað. Eins er viðurkennt að það „hefði átt að ræða niðurstöður mælinga af meiri festu og kanna betur hvað í þeim fælist og kynna þær fyrir bæjarbúum“.

Halldór hefur skrifað um málið á bloggsíðu sinni síðan fréttin fór í loftið. Þar minnir hann enn á að mengun frá Funa hafi verið umfjöllunarefni fjölmiðla en gerir þó engan greinarmun á þeirri mengun sem skylt var að mæla samkvæmt starfsleyfi og díoxín-mælingunni árið 2007. Hann segir að áhyggjur hafi lengi verið til staðar og þess megi finna stað í fundargerðum umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar. Þetta er sjálfsagt rétt upp að vissu marki en ekki hvað varðar díoxín-mælinguna. Það hafa fulltrúar sem sátu í umhverfisnefnd á sínum tíma staðfest, nú síðast á bæjarstjórnarfundi á Ísafirði á fimmtudaginn.

### Bæjarstjórnarfundur

Eins og málið stendur núna virðist það fyrst og síðast snúast um stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar og eftirlitsaðilana sem fara með mengunarmál í landinu. Hvort mengun frá Funa hefur haft skaðleg áhrif á umhverfið og heilsu fólksins á svæðinu verður ekkert fullyrt um. Það kemur ekki í ljós fyrr en niðurstöður frekari rannsókna liggja fyrir. Á það við um næstu misseri og ár.

Á bæjarstjórnarfundi á Ísafirði á fimmtudag var Funamálið til umræðu. Þar kom fram svo ekki verður um villst að bæjaryfirvöld vissu ekki af díoxín-mælingunni árið 2007 eða kosnir fulltrúar gerðu sér ekki grein fyrir því hvað mæligögnin voru að segja þeim.

Þetta liggur fyrir: 16. október barst bænum bréf frá UST þar sem kemur fram að díoxín hafi mælst svo hátt sem raun ber vitni. Bréfið var ekki lagt fram í umhverfisnefnd, bæjarráði eða bæjarstjórn. Formlegt áminningarbréf frá því í maí 2010, þar sem díoxín-mælingin kemur aftur fyrir, var lagt fram þremur mánuðum eftir að það barst bæjaryfirvöldum. Þá vaknar spurningin um það hvar upphaflegt bréf UST er niður komið þar sem greint var frá díoxín-mælingunni þegar niðurstöður hennar lágu fyrir. Það hlýtur að vera til.

Þá er vert að halda því til haga að innan Ísafjarðarbæjar störfuðu tveir hópar að endurskoðun sorpmála á þeim tíma sem stöðin mengaði hvað mest. Þó virðist þó ekki hafa komið til umfjöllunar þar, eins og Kristín Hálfdánsdóttir bæjarfulltrúi sagði á bæjarstjórnarfundinum á fimmtudaginn, en hún leiddi annan hópinn.

### Áframhaldið

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur beðist afsökunar á Funamálinu. Forstjóri UST segir að stofnunin hafi brugðist og er þeirrar skoðunar að það eigi líka við um umhverfisráðuneytið.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra ætlar að láta óháðan aðila kryfja Funamálið; allir sem höfðu aðkomu að því, frá sorpbrennslu til ráðuneytis, falla undir rannsóknina. Markmiðið er að leiða í ljós mögulega ábyrgð en fyrst og fremst að draga lærdóm af því sem hefur gerst og leita tækifæra til úrbóta.

Úrbótavinnan er reyndar hafin innan Ísafjarðarbæjar og umhverfisnefnd Alþingis mun næstu þrjár vikur skoða lagaumgjörð með tilliti til upplýsingaskyldu stjórnvalda og fleira.

Á meðan bíður Sveinbjörn Jónsson og eiginkona hans á Efri-Engidal eftir að Matvælastofnun fái niðurstöður díoxín-mælinga að utan. Það sama á við um aðra sem hafa lifað og starfað í nágrenni Funa, eins og starfsmenn sorpbrennslunnar sem bæjarfulltrúar Ísafjarðar vilja að læknar skoði sérstaklega.



**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Ertu DJ, mamma eða dýratemjari?

Árlega fletta Íslendingar 100 milljón sinnum upp á Já.is og Símaskráin kemur út í 150 þúsund eintökum.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma **522 3200**, farðu inn á **Já.is** eða sendu tölvupóst á **ja@ja.is**.

**Skráningum í Símaskrána lýkur 31. janúar.**

já
-er svarið

markhonnun.is

# netto
*Ódýrt fyrir heimilið!*




## LAUSFRYST BER

**BERJABLANDA**
453 G
40% afsláttur
299 kr/pk.
áður 498 kr/pk.

**JARÐARBER**
454 G
30% afsláttur
279 kr/pk.
áður 398 kr/pk.

**BLÁBER**
340 G
25% afsláttur
299 kr/pk.
áður 398 kr/pk.

**HINDBER**
340 G
34% afsláttur
395 kr/pk.
áður 598 kr/pk.

# *Byrjaðu árið á hollustu*

**SCI-MX DIET SHAKE**
VANILLA, JARÐARB., SÚKKULAÐI
1 KG




30% afsláttur
4.330 kr/stk.
áður 6.185 kr/stk.

**SAFAR 1 L**
EPLA-, APPELSÍNU-, EÐA MILDUR ÁVAXTASAFI
159 kr/stk.
áður 199 kr/stk.

**SAFAR 1 L**
GRÆNMETIS-, GRAPE-, EÐA TÓMATSAFI
229 kr/stk.
áður 298 kr/stk.
229 kr/stk.
áður 298 kr/stk.
199 kr/stk.
áður 259 kr/stk.




**SMOOTHIE**
3 TEG
495 kr/pk.
áður 589 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin ætti að draga lærdóm af vel heppnuðum skattaívilnunum í byggingariðnaði.

## Ríkið tapar á skattpíningu

Ríkisstjórnin samþykkti í síðustu viku að framlengja átakið Allir vinna, en í því felst að einstaklingar geta fengið endurgreiddan allan virðisaukaskatt af vinnu við viðhald íbúðarhúsnæðis. Þeir sem ráðast í framkvæmdir fá sömuleiðis frádrátt frá tekjuskatti. Þetta hefur stuðlað að auknum umsvifum í byggingageiranum, iðnaðarmenn sem ella hefðu haft lítið eða ekkert að gera hafa fengið nóga vinnu og fólk sem á annað borð á peninga til að setja í framkvæmdir fékk hvatningu til að koma þeim í umferð.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lét í tilefni af þessari ákvörðun hafa eftir sér að mat skattayfirvalda væri að átakið hefði „fært upp á yfirborðið“ starfsemi sem áður hefði ekki verið gefin upp til skatts og þannig kæmi meira í ríkiskassann vegna þessarar skattaívilnunar.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Þetta er að sjálfsögðu frábær árangur, en hlýtur engu að síður að vekja fólk til umhugsunar um það af hverju ríkisstjórnin sér ekki fleiri tækifæri til þess að auka skatttekjurnar með því að lækka skattana eða gefa ívilnanir á borð við þær sem fylgja átakinu Allir vinna.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, gerði skattastefnu stjórnvalda að umtalsefni í áramótagrein í Viðskiptablaðinu og tók dæmi af skattlagningu á áfengi, en þar hafa íslenzk yfirvöld slegið eigið heimsmet í skattpíningu. Orri nefnir að ríkið taki til sín 93 prósent af útsöluverði vodkafleygs af innlendri tegund. „Enda sýna opinberar tölur mikinn samdrátt í áfengisneyslu. Kannanir sýna á móti að ólöglegt brugg og landaneysla hefur snaraukist,“ skrifar hann.

Þetta er gott dæmi um að rétt eins og skattaívilnanir leiddu til þess að starfsemi í byggingariðnaðinum kom upp á yfirborðið, leiðir skattpíning til þess að starfsemi færist undir yfirborðið. Íslenzka ríkið fær ekki skatttekjur af heimabruggi og smygli, enda er tekjuaukinn sem ríkið fær af skattpíningunni minni en sá sem reiknaður var í upphafi, þegar gert var ráð fyrir að fólk myndi ekki breyta kauphegðun sinni neitt til að forðast ofurskatta ríkisins.

Hærri tekjuskattar leiða af sér meiri svarta vinnu. Hærri áfengis- og tóbaksgjöld ýta undir smygl og ólöglega framleiðslu. Afdráttarskatturinn svokallaði hafði í för með sér að erlend félög, sem skráð voru hér á landi, flúðu af landi brott, sum til skattaparadísarinnar Svíþjóðar eins og fram hefur komið hér í blaðinu. Þar með varð ríkissjóður af hundraða milljóna króna tekjum, en erlendir ríkissjóðir græddu á móti. Skattastefna stjórnvalda hefur seinkað framkvæmdum við gagnaver um einhver misseri. Skattapólitík hefur sömuleiðis fælt mögulega fjárfesta frá olíu- og gasrannsóknum á Drekasvæðinu og þar með dregið úr líkum á að ríkið fái tekjur af vinnslu þar í framtíðinni. Þannig mætti áfram telja.

Ríkisstjórnin ætti að endurskoða skattapólitík sína í ljósi reynslunnar af hinu vel heppnaða átaki í byggingariðnaðinum. Skattpíning er ekki líklegust til að skila tekjum í ríkissjóð.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Fíton / SÍA

**Framhalds-aðalfundur VR**

**Verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hotel þann 11. janúar kl. 19.30.**

**Dagskrá :**
**Lagabreytingar.**
**Önnur mál.**

**Tillögur til breytinga á lögum VR liggja frammi á skrifstofum félagsins.**

**Félagsmenn hvattir til að mæta.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt í sóma

Leiðtogar Vinstri grænna voru nokkuð kokkhraustir að loknum þingflokksfundi á síðasta miðvikudag. Vonir manna stóðu til að þar myndi takast að sætta svæsinn ágreining sem upp kom þegar þrír þingmenn flokksins neituðu að styðja fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Það var einsdæmi. Eftir fundinn pukruðust menn með minnisblað um ágreininginn en báru sig þokkalega og formaðurinn sagði að þótt tekist hefði verði hart á styddu allir ríkisstjórnina eftir sem áður.

### Eða hvað?

Nú, þegar hinir svokölluðu órólegu þremenningar hafa sent fjölmiðlum afrit af yfirlýsingu sem þeir lögðu fram á fundinum sem svar við fyrri greinargerð Árna Þórs Sigurðssonar, er ljóst að lítil sem engin innistæða var fyrir stórum orðum um stuðning við stjórnina.



### Stór orð

Í yfirlýsingunni er talað um korn sem fylla mæla, kúvendingar stjórnarinnar í mikilvægum málum, skort á sáttavilja, fálæti, óbilgirni og ofríki. Óásættanlegt sé að skera niður grunnþjónustu á sama tíma og útgjöld vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu aukist. Kallað er eftir opinberri afsökunarbeiðni Árna Þórs Sigurðssonar og vísað til ríkisstjórnarinnar sem „hinnar svokölluðu velferðarstjórnar“. Svona talar ekki fólk sem styður ríkisstjórn.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Ríkisstjórnarsamstarfið


Stjórnmál



Magnús Orri Schram
alþingismaður Samfylkingarinnar


Þegar tveir flokkar eða fleiri mynda ríkisstjórn fara fram samningaviðræður til að móta sameiginlega stefnu og á þeim grunni er gerður stjórnarsáttmáli. Við gerð hans fá ólík sjónarmið að koma fram og fólk ræðir sig til niðurstöðu um ákveðnar lausnir. Engin skoðanakúgun á sér stað, heldur reyna aðilar að finna lendingu sem myndar grundvöll samstarfs. Slíkt átti sér stað við gerð stefnuplaggs ríkisstjórnar VG og Samfylkingar.

Við sem erum hægra megin í stuðningsliðinu höfum hins vegar stundum verið ósátt við stefnu ríkisstjórnarinnar. Markviss uppbygging í atvinnulífi, mikilvægi erlendrar fjárfestingar og áhersla á sparnað í ríkisrekstri í stað skattahækkana hafa gjarnan mætt litlum skilningi samstarfsflokksins og málamiðlunin sem fylgir samstarfinu er manni ekki alltaf að skapi.

En stoltur getur maður hins vegar staðið á bakvið mörg verk þessarar stjórnar. Við höfum náð ótrúlegum árangri í rekstri ríkisins og á tímum mestu efnahagsþrenginga sögunnar hefur ríkisstjórninni tekist að tryggja að þeir tekjulægstu verða fyrir minnstu skerðingu kaupmáttar. Þá eru útgjöld til velferðarmála hærri 2011 en þau voru 2007.

> Umsóknin um ESB er mikilvægasta hagsmunamál almennings og fyrirtækja…

Í stjórnarsáttmálanum var kveðið á um að sækja ætti um aðild að Evrópusambandinu og bera síðan samninginn undir þjóðaratkvæði. Öllum var það ljóst að það var lykilforsenda Samfylkingar til að taka þátt í myndun þessarar ríkisstjórnar. Stjórnarsáttmálinn var síðan samþykktur í viðeigandi stofnunum hjá báðum flokkunum. Að okkar mati var löngu orðið tímabært að kanna möguleika á hagstæðum samningum við ESB um sjávarútveg og landbúnað, um leið og við freistuðum þess að losa þjóðina undan oki verðtryggingar og hárra vaxta. Umsóknin um ESB er mikilvægasta hagsmunamál almennings og fyrirtækja á Íslandi og þess vegna munum við jafnaðarmenn aldrei hlaupa frá því verkefni.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Öflugir liðsmenn

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Ásmundur Einar Daðason er enginn villiköttur sem fer bara sinna eigin ferða. Hann er þvert á móti mjög öflugur liðsmaður – í Heimssýn, samtökum andstæðinga Evrópusambandsins. Hann er samherji Jóns Vals Jenssonar, Páls Vilhjálmssonar og Styrmis Gunnarssonar en ekki Steingríms J. Sigfússonar, Árna Þórs Sigurðssonar eða Katrínar Jakobsdóttur. Hann á samleið með Davíð Oddssyni en ekki Svandísi Svavarsdóttur.

Í Heimssýnarflokknum er hann ómetanlegur félagi. Honum hefur hann svarið sína trúnaðareiða. Út frá sjónarhóli hans vegur hann og metur mál. Þegar hann situr hjá við fjárlög þá er það vegna andstöðu við þjóðaratkvæðagreiðslu um niðurstöðu af aðildarviðræðum Íslendinga að ESB. Ásmundur Einar kann að hafa verið kosinn á þing sem fulltrúi VG en hann starfar ekki sem slíkur í þingflokki þess flokks, heldur sem fulltrúi Heimssýnarflokksins.

### Atlamál

Þó að flokksráðsfundur VG hafi samþykkt í nóvember að leyfa íslensku þjóðinni að kjósa um aðild að loknum viðræðum við ESB þá varðar Ásmund Einar Daðason ekkert um það. Honum kemur ekkert við hvað er ályktað um hjá stofnunum VG. Hann er ekki fulltrúi þess flokks á þingi.

Annar öflugur liðsmaður, Atli Gíslason, dró einmitt til baka ályktun um að slíta aðildarviðræðunum að ESB á þessum flokksráðsfundi þegar í ljós kom að ekki væri hljómgrunnur fyrir henni á fundinum, þrátt fyrir undirskriftasöfnun og liðsafnað. Í stað þess áréttaði flokkurinn þá afstöðu sína að hagsmunum Íslendinga væri betur borgið utan þessa bandalags um leið og Flokksráð ítrekaði „mikilvægi þess að niðurstaða þess umsóknarferlis sem nú stendur yfir verði lögð í dóm þjóðarinnar“.

> Ásmundur Einar kann að hafa verið kosinn á þing sem fulltrúi VG en hann starfar ekki sem slíkur í þingflokki þess flokks, heldur sem fulltrúi Heimssýnarflokksins.

Þessa niðurstöðu Flokksráðs um að klára málið og leyfa svo þjóðinni að taka afstöðu hefur Atli kosið að hafa að engu.

Vandræði VG eru ekki síst komin til af því að útbreiddur stuðningur er meðal kjósenda flokksins við aðild að ESB, enda samræmist slík aðild prýðilega hugsjónum um kynjajafnrétti, umhverfisvernd, lýðréttindi, kjarajöfnuð og önnur slík mál sem þessir kjósendur bera fyrir brjósti, jafnvel frekar en óljósar hugmyndir um „fullveldi“ sem ekki er til annars staðar en í heimi frummyndanna og áframhaldandi kverkatak kvótagreifanna á íslensku efnahagslífi.

### „Þingmaður VG“

Enn er fjallað um það í fjölmiðlum sem frétt að Lilja Mósesdóttir, „þingmaður VG“ sé andvíg tilteknum málum ríkisstjórnarinnar. Ætli hitt teldist þó ekki meiri frétt ef svo vildi einhvern tímann til að hún styddi eitthvert mál ríkisstjórnarinnar? Nú síðast lýsti Lilja yfir andstöðu sinni við svonefnda „sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar“ – markmið fyrir árið 2020 - sem Lilja segir vera „kreppudýpkandi“ en helsta mótbára Lilja við þessa áætlun virðist þó sú að hún samrýmist skilyrðum sem kennd eru við Maastricht og ber að uppfylla til að taka upp evru og taka þátt í myntbandalagi Evrópu. Ekki varð sérstaklega vart við þessa ESB-andstöðu Lilju þegar hún settist á þing, enda hefur hún sem fræðimaður fjallað á fremur jákvæðan hátt um hugsanleg áhrif aðildar Íslands að ESB á íslenskan vinnumarkað. Hún studdi það líka þegar samþykkt var á Alþingi að sækja um aðild að ESB. Nú er hins vegar allt í einu engu líkara en að hún sé farin að vega og meta mál frá sjónarhóli Heimssýnarflokksins.

Teitur Atlason, sá ágæti bloggari, birtir lista um nokkur markmið í þessari sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2020, sem Lilja hefur lagst gegn. Þetta er í fimmtán liðum og ekki hér ráðrúm til að rekja öll þau framfaramál sem Lilja hefur hrakist út í að andæfa, en má þó nefna að lækka hlutfall atvinnulausra niður fyrir 3%; auka jöfnuð, vellíðan og góða andlega heilsu; að lækka hlutfall fullorðinna Íslendinga sem ekki hafa hlotið framhaldsmenntun úr 30% og niður í 10%; efla nýsköpun, rannsóknir og þróun og hátækniiðnað; að notkun á vistvænu eldsneyti í sjávarútvegi og öðrum samgöngum verði orðin að minnsta kosti 20%, 75% fólksbíla gangi fyrir vistvænu eldsneyti og að Íslendingar taki á sig sömu skuldbindingar í lofslagsmálum og ríki Evrópu … og þannig mætti áfram telja. Nema það séu áform um lækkun vaxta, skulda ríkisins og verðbólgu sem valda andstöðu hennar. Að hún vilji sem sé hækkun vaxta, aukna skuldasöfnun og meiri verðbólgu – minni nýsköpun, meiri mengun, minni menntun, meira atvinnuleysi …

Verri lífskjör – bara ef við stöndum utan ESB.

## AF NETINU

### Bjarni úti að aka

Rosalega er ég feginn, að Bjarni vafningur Benediktsson er ekki forsætis. Telur söfnun Wikileaks og birtingu New York Times á bandarískum leyniskjölum vera ólöglegt athæfi. Honum finnst þá líklega, að birting New York Times á Pentagon-skjölunum og Washington Post á Watergate-skjölunum vera ólöglega á sínum tíma. Skoðun Bjarna stingur í stúf við almennar, vestrænar skoðanir á birtingu leyniskjala. Viðbrögð hans lykta eindregið af þeim sama fasisma og einkenndi ríkisstjórnirnar, sem urðu sér til ævarandi skammar í Pentagon og Watergate-málunum. Bjarni er úti að aka í þessu máli sem og flokkur hans.

jonas.is **Jónas Kristjánsson**

### Þeir greiða sem keyra

Víðast hvar í Evrópu hefur sú leið verið farin að byggja stór og skilvirk samgöngumannvirki sem fjármögnuð eru að mestu með vegtollum. Þegar ráðist er í slíkar framkvæmdir er oft hægt að stytta leiðir töluvert sem spara vegfarendum oftast tíma og eldsneyti. Auk þess sem ríkið minnkar um leið atvinnuleysi, umhverfisvandamál og slysatíðni. Það gerir ríkið með framkvæmdum, styttingu vega sem leiða til minni eldsneytisnotkunar og öryggi slíkra vega. Þó er það þannig í flestum tilfellum þar sem þetta tíðkast að bifreiðareigandinn getur valið hvort ekið sé um gjaldfrjálsa vegi eða tollvegi. Þar sem aðstæður eru eins og hér er lýst er það hagur allra að ráðast í slíkar framkvæmdir og vegtollar réttlætanlegir.

Deiglan.is **Janus Arn Guðmundsson**


Ný og skemmtileg *spil*
með *strákunum okkar*




*Strákarnir í handboltalandsliðinu*
verða í nokkrum útibúum Arion banka **í dag**
kl. 15 - 16 ( Kringluútibú 15:30 - 16:30) og árita
plaköt og gefa handboltaspilin.

Líttu við í útibú nálægt þér:
- Vesturbæjarútibú v/ Hagatorg
- Kringluútibú
- Hafnarfjörður, Firðinum
- Garðabær, Garðatorgi
- Kópavogur, Smáratorgi

Árituð plaköt og handboltaspil verða fáanleg í öllum útibúum Arion banka á meðan birgðir endast.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

# tímamót

timamot@frettabladid.is



61 **SVERRIR GUÐJÓNSSON** kontratenór er 61 árs í dag.

*„Mér finnst eins og oft sé mannúðinni og mennskunni ýtt til hliðar og þeir þættir gleymist.“*

## Merkisatburðir:

**1927** Kvikmyndin Metropolis eftir Fritz Lang er frumsýnd.
**1929** Ævintýri Tinna koma út í fyrsta sinn. Höfundurinn, Georges Prosper Remi, notar dulnefnið og rithöfundanafnið Hergé.
**1940** Togarinn Hafsteinn bjargar 62 manna áhöfn af þýsku flutningaskipi sem sekkur svo út af Látrabjargi.
**1944** Laxfoss strandar í óveðri á skeri við Örfirisey. Farþegum og áhöfn, um 90 manns, er bjargað en skipið laskast illa og er endurbyggt. Það strandar aftur á Kjalarnesi árið 1948.
**1974** Þjóðgarður er stofnaður í Jökulsárgljúfrum.
**1994** Þyrlusveit varnarliðsins bjargar sex skipverjum af Goðanum í Vöðlavík á Austfjörðum. Einn maður ferst.

**ÞETTA GERÐIST:** 10. JANÚAR 1969

## *Tunglfararnir valdir*



Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, tilkynnti á þessum degi árið 1969 hvaða þrjá menn ætti að senda til tunglsins með það fyrir augum að lenda þar. Þeir sem völdust til ferðarinnar voru Neil Armstrong, foringi leiðangursmannanna, Michael I. Collins og Buzz Aldrin. Svo óvenjulega vildi til að allir voru þeir þá 38 ára.

Ferðaplanið kallaðist Appolo-áætlunin og geimfarið sem flytja átti þá til tunglsins bar nafnið Appolo 11.

Á þessum tíma var Neil Armstrong „óbreyttur“ borgari hjá NASA en Collins og Aldrin voru ofurstar í bandaríska flughernum.

Neil Armstrong varð svo þeirra fyrstur til að stíga á tunglið, rúmu hálfu ári síðar, 29. júlí 1969. Hann varði um tveimur og hálfri klukkustund á tunglinu ásamt félaga sínum Buzz Aldrin. Michael Collins var hins vegar á meðan á sporbraut fyrir ofan.

---



*Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall bróður okkar*

**Jóns S. Hallgrímssonar**
Sæviðarsundi 11, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Karitas og líknardeilda Landspítalans í Kópavogi og á Landakoti.

**Þórarinn Hallgrímsson, Helgi Hallgrímsson og fjölskyldur.**

---



*Ástkær vinkona mín, móðir okkar og tengdamóðir*

**Hafrún Ingvarsdóttir**
Suðurhólum 14 Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 11. janúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Elliði Magnússon**
**Finnbogi Oddur Karlsson**
**S. Ingibjörg Karlsdóttir** — **Jakob Jónsson**
**Jóhanna María Karlsdóttir** — **Sigmundur Hagalín Sigmundsson**
**Halldór Jónsson**
**Sigurður Hólmar Karlsson**
**Valgerður Lísa Gestsdóttir** — **Björn Auðunn Magnússon**
**Hlynur Þór Gestsson**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu*

**Herdísar Antoníusardóttur**
frá Núpshjáleigu á Berufjarðarströnd, Skúlagötu 20 Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks öldrunarlækningadeildar 4-B, á Landspítala Fossvogi, fyrir alúð og umhyggju við umönnun hennar

**Fyrir hönd fjölskyldunnar:**
**Jóhanna Antonía Sigsteinsdóttir**
**Sigurbergur Sigsteinsson** — **Guðrún Hauksdóttir**
**Oddný Sigsteinsdóttir** — **Líney Rut Halldórsdóttir**
**Sjöfn Sigsteinsdóttir** — **Finnur Pálsson**
**Þröstur Sigsteinsson** — **Soffía Sturludóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

SIGURÐUR SIGURJÓNSSON LEIKARI: Á 35 ÁRA LEIKAFMÆLI Í ÁR

# Forréttindi að fá að gefa

Einn ástsælasti leikari þjóðarinnar, Sigurður Sigurjónsson, fagnar 35 ára leikafmæli á þessu ári og hefur í nægu að snúast. Þrátt fyrir að hafa ekki vikið úr starfi sínu sem leikari allan þennan tíma, leikið í sjónvarpi, kvikmyndum og leikhúsi jöfnum höndum prófar hann nýja hluti í leikhúsinu á föstudag þegar hann leikur einleik í Borgarleikhúsinu. Einleikurinn kallast Afi og er eftir Bjarna Hauk Þórsson sem jafnframt leikstýrir Sigurði.

„Tilfinningin er býsna góð, ég get ekki annað en verið þakklátur og þetta er búið að vera skemmtilegur tími. Ætli ég geti ekki alveg litið með þokkalegu stolti til baka,“ segir Sigurður þegar hann er inntur eftir því hvernig tilfinning það er að hafa verið á fjölunum í 35 ár.

Sigurður segir það tilviljun að hann hafi farið út í leiklistina upphaflega en hann byrjaði aðeins 17 ára gamall í skólanum eftir að vinir og félagar hans komu auga á að í honum væru leiklistarhæfileikar. Sjálfur segist hann ekki hafa haft minnsta grun um að hann gæti leikið.

„Það er auðvitað margt sem stendur upp úr á þessum 35 árum og eru það þá sérstaklega kynni mín af þeim meisturum í leikhúsinu sem þá voru í fullu fjöri þegar ég byrjaði. Ég lærði auðvitað mikið í skólanum en minn eini og sanni leiklistarskóli voru menn eins og Bessi Bjarnason og Rúrik Haraldsson. Ég minnist þess tíma með bros á vör.“

Fyrsta hlutverkið sem Sigurður minnist sem stærra hlutverks var bakaradrengurinn í Dýrunum í Hálsaskógi. „Fljótlega á mínum ferli fór ég að leika í áramótaskaupum og Spaugstofuævintýrinu. Karakterarnir þar hafa auðvitað „böggað“ þjóðina í öll þessi ár en ég er ekki síður stoltur af vinnu minni í leikhúsinu, þar á ég heima, ég byrjaði þar og enda vonandi. Hins vegar hvarflaði ekki að mér eitt sekúndubrot þegar ég var nýútskrifaður leikari að ég myndi endast svona lengi á sviðinu, ég hef ekki þurft að fást við neitt annað síðan, sem er hollt og gott.“

Auk þess sem Sigurður leikur afa á tveimur vígstöðvum, heima sem og á sviðinu, er hann um þessar mundir meðal annars að æfa gamanleikinn Nei, ráðherra sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu 18. febrúar næstkomandi.

„Það er mikill áhugi á leiklist á Íslandi og því er mjög gefandi að vinna þetta starf,“ segir Sigurður spurður út í viðhorf sitt til starfsins. „Það eru forréttindi að fá að starfa við það að gefa fólki eitthvað.“

**juliam@frettabladid.is**



**AFI Á TVEIMUR VÍGSTÖÐVUM** Sigurður nýtur þess að leika afa á tveimur vígstöðvum um þessar mundir, í Borgarleikhúsinu og heima fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



*Elskuleg dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Sigrún Vilbergsdóttir**
Háagerði 43,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 3. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 11. janúar kl. 15.00.

**Jóhanna Ögmundsdóttir**
**Sigurbjörg Svavars** — **Eyþór Örlygsson**
**Sylvía Svavarsdóttir** — **Ragnar Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Faðir minn, tengdafaðir og afi okkar,*

**Guðmundur Guðlaugsson**
Gvendur Eyja,

lést að heimili sínu Hamraborg 26 þann 30. desember. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 10. janúar klukkan 13.00.

**Björgvin Valur Guðmundsson**
**Þóra Björk Nikulásdóttir**
**Erna Valborg Björgvinsdóttir**
**Haukur Árni Björgvinsson**
**Axel Þór Björgvinsson**
**Jesse Myree McGoldrick**



**Vertu skrefi á undan** heitir námskeið á vegum Forvarnarhúss um slysavarnir barna. Á námskeiðinu er fjallað um hvernig megi tryggja öryggi barna á heimilum og í bílum. Námskeiðið stendur í 90 mínútur, er ókeypis og fer fram í Forvarnarhúsinu í Kringlunni 1-3. Nauðsynlegt er að hafa boðskort frá ung- og smábarnavernd Heilsugæslunnar meðferðis. Næsta námskeið verður haldið 12. janúar.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






Fyrir bústaðinn og heimilið

Nóra

Opið: 12:30 -18:00
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

friendtex

ÚTSALA

40 - 70 % AFSLÁTTUR



Opnunartími:
mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugard.11:00 - 16:00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
visir.is


**Bergrún Íris Sævarsdóttir vill hluti með tilfinningalegt gildi**

# *Hýsti sparistell og glös*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mér finnst mikilvægt að umkringja mig hlutum sem hafa einhverja sögu og vekja minningar. Húsgagnið sem mér þykir vænst um á mínu heimili er skenkur sem var í eigu ömmu og afa mannsins míns," segir Bergrún Íris Sævarsdóttir, nemandi í Myndlistaskólanum í Reykjavík, en skenkurinn komst í hennar eigu þegar amma og afi fluttu í minna húsnæði.

„Tengdaforeldrar mínir fluttu þá skenkinn heim í bílskúrinn sinn og gerðu hann upp. Ég hélt alltaf að þau ætluðu að hafa hann inni hjá sér en þegar við hjónaleysin keyptum okkar fyrstu íbúð fengum við skenkinn til eignar. Kannski hefur jagið í mér gert útslagið en ég dáðist alltaf mikið að skenknum," segir Bergrún hlæjandi.

Skenkurinn var keyptur í Vestmannaeyjum í kringum árið 1975 í Húsgagnaverslun Marinós Guðmundssonar. Á heimili ömmu og afa hýsti hann sparistell og glös en nú er að finna DVD diska og borðspil í hillum og skúffum.

Bergrún hefur alltaf haft gaman af fallegum hlutum og heldur úti blogginu Óskalistinn á Eyjunni.

„Mig langaði til að koma því á framfæri sem mér finnst flott og áhugavert. Ég hef sérstaklega gaman af því þegar hlutum er fundið nýtt notagildi."

*heida@frettabladid.is*


6 mánaða vaxtalausar greiðslur

ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

20-70% AFSLÁTTUR
Af völdum vörum




10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



50% AFSLÁTTUR

Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð 199.000
Nú 99.500

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Orkuverð** hefur hækkað og því er gott að leita leiða til að spara orkunotkunina á heimilinu. Þvottavélin notar til að mynda 30 prósenta minni orku ef hitinn er lækkaður um þriðjung og það þarf um 30 prósenta minni orku ef kaffi er lagað í kaffivél í stað þess að nota hraðsuðuketil og hella upp á á gamla mátann.
















Nýjasta línan, Coiling collection: Stólar með setum úr ullarflóka og viðarfótum. Sýning stendur yfir í FAT Galerie í París um þessar mundir þar sem hægt er að skoða frumgerðir húsgagnanna.



Stóll sem sýndur var á London Design Festival á þarsíðasta ári.

# Ísraelskt par slær í gegn

**Skærustu stjörnur húsgagnahönnunar í dag eru par, bæði fæddar í Tel-Aviv. Yael Mer og Shay Alkalay hafa frá því þau útskrifuðust úr Royal College of Art unnið til fjölda virtra hönnunarverðlauna.**

Yael Mer og Shay Alkalay, sem saman mynda hönnunardúettinn Raw-Edge Design, höfðu verið lengi saman sem par áður en þau fóru að hanna saman en þau eru bæði fædd í Tel-Aviv í Ísrael og skráðu sig bæði til náms í hönnun í Royal College of Art þaðan sem þau útskrifuðust saman árið 2006.

Frá því ári hafa þau fangað heiminn með ótrúlegri hönnun, frumlegri hvað varðar efni og liti og húsgögnin hafa ekki síst óvenjulega og sérstaka notkunarmöguleika. Enda er það þeirra yfirlýsta stefna að hanna hluti sem „ekki hafa sést áður“.

Meðal þeirra verðlauna sem þau Mer og Alkalay hafa unnið til eru hollensku hönnunarverðlaunin, The British Council Talented Award og í hittifyrra hlutu þau hönnunarverðlaun tímaritsins Wallpaper. Meðal nýjustu verka þeirra eru húsgögn, kollar og stólar, í línu sem kallast Coiling Collection.

*- jma*



Yael Mer og Shay Alkalay sem saman mynda hönnunarteymið Raw-Edges.



Gólfið í verslun Stellu McCartney í Mílanó á Ítalíu er hannað af þeim Mer og Alkalay en þau máluðu lituðu fjalirnar í stafaparketinu, hverja fjöl fyrir sig, áður en það var lagt.



Kollur frá árinu 2009. Undir setunni má sjá tappa sem má opna og loka en setan er fyllt lofti.



Kollur úr Coiling Collection.











Eigendur fiska þurfa að mörgu að huga. Styrkur lýsingar í búri skal vera um eitt watt miðað við hverja tvo lítra af vatni í búrinu. Gróður þarf helst birtu í 12-14 klukkustundir á sólarhring. Kjörhitastig fyrir gullfiska er á bilinu 16-22°C, en á bilinu 24-26°C fyrir skrautfiska. Áríðandi er að koma fyrir lífhreinsi í búrinu og er æskilegt að hann hreinsi um helming af vatnsmagni búrsins á hverri klukkustund.

www.is.wikibooks.org/wiki




FASTEIGNIR.IS
2. TBL. 10. JANÚAR 2011
vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ





Óskum eftir fleiri eignum á söluskrá!

Góð þjónusta fyrir seljendur og kaupendur á sanngjörnu verði

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti. **Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFUR - TRAUST - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 • 210 Garðabæ

Við náum árangri í fasteignaviðskiptum

- Þarftu að selja?
- Komdu til okkar með eignina þína við veitum toppþjónustu og náum árangri
- **Hringdu núna!**


Sigurður
Lögg. fasteignasali
GSM: 898 6106


Hafdís
Sölustjóri
GSM: 895 6107


Þorsteinn
Sölufulltrúi
GSM: 694 4700


Berglind
Lögg. fasteignasali
GSM: 694 4000




Húsið er á eftirsóttum stað í Þingholtunum.

# Virðulegt hús í Þingholtum

**Fasteignasalan Eignamiðlun hefur til sölu þriggja hæða einbýlishús við Fjölnisveg.**

Húsið er 321 fermetri, virðulegt og fallegt á eftirsóttum stað í Þingholtunum. Það er teiknað af Pétri Ingimundarsyni árið 1930 og er í svokölluðum skipstjóravillustíl. Húsið stendur á 1.020 fermetra eignarlóð og er á þremur hæðum auk rislofts. Í hluta kjallara er lítil íbúð með sérinngangi.

Eignin skiptist þannig: Á aðalhæð eru anddyri, samliggjandi stofur, rúmgott hol, gestasnyrting, eldhús með sólskála og inngangur bakdyramegin. Á efri hæð eru fjögur til fimm herbergi og baðherbergi. Yfir efri hæðinni er baðstofuloft með góðri lofthæð. Í kjallara er meðal annars lítil tveggja herbergja íbúð og svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslur.

Stofurnar á aðalhæð eru bjartar og rúmgóðar, með mikilli lofthæð og rósettum í loftinu. Á gólfinu er marmari. Út frá eldhúsi er búið að byggja sólskála og er þar rúmgóður krókur.

Svefnherbergin á efri hæð eru fimm en tvö þeirra eru samliggjandi. Öll eru herbergin rúmgóð. Baðherbergi hefur verið endurnýjað og er flísalagt hólf í gólf með baðkari, sturtu og innréttingu. Baðstofuloftið er rúmgott og bjart með góðri lofthæð en þar er einnig kamína.

Óskað er eftir tilboðum í húsið.

Fasteignasala Mosfellsbæjar


Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Dalatangi – Einbýlishús



Mikið endurnýjað 306,6 m2 tvílyft einbýlishús með aukaíbúð við Dalatanga 27 í Mosfellsbæ. Á aðalhæð er stofa, borðstofa, glæsilegt eldhús, sjónvarphol, 3 svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Á neðri hæð eru þrjú góð svefnherbergi, salerni, geymsla og stórt unglingaherbergi með sérútgangi. Á neðri hæð er einnig aukaíbúð með sér inngangi, þar er stofa, svefnherbergi, eldhúskrókur og baðherbergi. **V. 65,0 m.** 4972

Spóahöfði - Raðhús



Mjög fallegt 153,6 m2 raðhús á einni hæð m/bílskúr við Spóahöfða 11 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, eldhús m/góðum borðkrók, rúmgóða stofu, sjónvarpshol, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi m/sturtu og geymslu/þvottahús. Rúmgóður bílskúr með geymslulofti. Hellulagt bílaplan fyrir framan húsið og timburverönd og garður í suðurátt. **V. 37,8 m.** 5064




**Kvíslartunga 39 - Parhús**
250,6 m2 parhús á tveimur hæðum með bílskúr við Kvíslartungu í Mosfellsbæ. Húsið er skráð samkvæmt Fasteignamati ríkisins 217,7 m2 og bílskúrinn 32,9 m2. Húsið sem er timbureiningahús er tæplega fokhelt í dag og afhendist í núverandi ástandi. Byggingarefni og einangrun sem eru í húsinu fylgja með í kaupunum. **V. 23,9 m**. 5009



**Fálkahöfði - 3ja herbergja m/bílskúr**
Falleg 91 m2, 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á 2. hæð ásamt 27,6 m2 bílskúr. Eikar innréttingar og eikarparket og flísar á gólfum. fallegt útsýni. Golfvöllur, sundlaug, leikskóli og skóli í næsta nágrenni. **V. 23.5 m. Verð íbúðar án bílskúrs 20.7 m**. 5035



**Miðholt - 3-4ra herbergja**
Góð 94,8 m2, 4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Miðholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu, tvö rúmgóð svefnherbergi og sjónvarpshol sem er auðvelt að breyta í svefnherbergi. íbúðinni fylgir rúmgóð sérgeymsla á stigagangi. Góð staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar. Stutt í alla þjónustu og skóla. **V. 18,6 m**. 5042

Austurberg - 4ra herb m/ bílskúr



Góð 4ra herbergja endaíbúð á fjórðu hæð auk endabílskúrs við Austurberg í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, hjónaherbergi með fataskápum, tvö lítil barnaherbergi,baðherb erg, eldhús, stofu og sólskála. Sér geymsla er á jarðhæð ásamt sameiginlegu þurrkherbergi. Fallegt útsýni. **Möguleiki á 100% láni frá Íbúðalánasjóði. V. 17,9 m.** 5088

Þórðarsveigur - 4ra herbergja



Góð 4ra herbergja 118,9 fm íbúð með sérinngang og stæði í lokaðri bílageymslu við Þórðarsveig. Íbúðin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, þvottaherbergi, baðherbergi, eldhús og stofu. Sér geymsla er í kjallara. **Áhvílandi er ca. 23,8 milljón kr. lán.**
**V. 24,9 m**. 5353

Draumahæð 6 - Raðhús




Mjög fallegt 159,1 m2, endaraðhús með innbyggðum bílskúr við Draumahæð 6 í Garðabæ. Á neðri hæðinni er forstofa, forstofuherbergi, gestasnyrting, stofa, borðstofa, eldhús og þvottahús, innangengt í 22,2 m2 bílskúr, Efri hæð skiptist í sjónvarpshol, tvö svefnherbergi, baðherbergi og risloft. Fallegur og gróinn garður með timburverönd, stórt hellulagt bílaplan fyrir framan húsið. **V. 39,5 m.**

Smábýli – 5,8 Hektarar



Um er að ræða ca. 5,8 hektara landspildu við Smábýli 5 úr landi Skrauthóla á Kjalanesi, undir einbýlishús og t.d. hesthús á fallegum stað undir hlíðum Esjunnar. Landið hallar lítið eitt til vesturs og er mikið og fallegt útsýni frá landinu út á sundin og að Reykjavík. **V. 10,0 m.** 5091

- með þér alla leið

MIKLABORG
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is

Við leitum að

**3ja til 4ra herbergja íbúð í völdum lyftuhúsum í Salahverfi.**
Viðkomandi hefur þegar selt sína fasteign, sterkar greiðslur og rúmur afhendingartími í boði.
- Nánari upplýsingar veitir Atli í síma 899 1178.

**Góðri eign í Laugarás/Teigahverfi**
Einbýlishús helst 180-300 fm, öruggur kaupandi.
**Bein kaup.**
- Nánari upplýsingar veitir Halldór í síma 897 4210.

**2ja íbúða húsi fyrir samhenta fjölskyldu.**
Einbýlishús með góðri aukaíbúð þar sem skipti koma til greina.
- Nánari upplýsingar veitir Óskar í síma 661 2100.

**2ja til 3ja herbergja íbúð með sérinngangi**
Í grónum hverfum í Reykjavík.
- Nánari upplýsingar veitir Atli í síma 899 1178.

**3ja herbergja íbúð á jarðhæð með bílskúr.**
Má vera í Reykjavík eða Kópavogi. **Bein kaup.**
- Nánari upplýsingar veitir Ragna í síma 892 3342.

**Sumarhúsum á skrá.**
Mikil eftirspurn og góð sala.
- Nánari upplýsingar veita Heimir og Hilmar í símum 893 1485 og 695 9500.

**6 til 8 íbúða fjölbýli.**
Fyrir fjársterkan aðila, sem mest tilbúið.
- Nánari upplýsingar veitir Halldór í síma 897 4210.

**Einbýli eða raðhús í Garðabæ.**
Þarf að losna sumarið 2011. Verð 38 - 55 milljónir.
- Nánari upplýsingar veitir Jason í síma 899 3700.

**220 til 300 frm einbýli í Vesturbæ Kópavogs.**
Hjallahverfi, Lindahverfi eða Salahverfi.
- Nánari upplýsingar veita Heimir og Hilmar í símum 893 1485 og 695 9500.

**Mikil eftirspurn eftir sérbýlum á Höfuðborgarsvæðinu.**

MIKLABORG
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is

- með þér alla leið


# Raðhús miðsvæðis í Reykjavík

**Fasteignasalan Miklaborg kynnir gott raðhús í Sólheimum**

Endaraðhús á þremur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Húsið stendur á hornlóð við Skeiðarvog og er samtals um 180 fm. Eignin skiptist í anddyri, gestasnyrtingu, vinnuherbergi með glugga, bílskúr, þvottahús og geymslu undir stiga. Á 2. hæð er stórt eldhús, stofa og gott herbergi.

Á 3. hæð er góður pallur, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Eldhús er mjög rúmgott með stórum borðkrók og góðri hvítri viðarinnréttingu. Tengi fyrir uppþvottavél. Baðherbergið er með glugga, baðkari og flísum á gólfi og veggjum.


Eignin er á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr.

Snyrting á jarðhæð með glugga. Þvottahús með glugga og hurð út á baklóð. Bílskúrinn er innbyggður og með góðum gluggum og er innangengt í hann út frá vinnuherbergi. Eignin er laus við kaupsamning.



Innlitin hafa vakið mikla athygli og standa öllum til boða.

# Fólki auðveldað að skoða fasteignir á vefnum

**Fasteignasalan Miklaborg býður upp á nýjung í sölu fasteigna sem þeir nefna Innlit. Innlit felst í því að seljendur fasteigna fá tækifæri til að kynna eign sína í gagnvirku vefumhverfi þar sem sýndar eru ljósmyndir af fasteigninni ásamt grunnmyndum.**

Innlitin eru til sýnis fyrir kaupendur á vefslóðinni www.miklaborg.is og eru mjög aðgengileg þar sem notendur geta flutt sig úr einu rými húsnæðisins í annað og skoðað einstök rými út frá ýmsum sjónarhornum. Samhliða því sem kaupendur klikka á ljósmyndir birtast upplýsingar á grunnmyndinni um hvar þeir eru staddir hverju sinni út frá grunnteikningu eignarinnar. Hugsanlegir kaupendur geta því „gengið“ um eignina og skoðað hana nánast eins og þeir væru á staðnum.

Helstu kostir þessarar nýjungar er að auðveldara er fyrir kaupendur að átta sig á möguleikum viðkomandi eignar og hvernig hún hentar þeim út frá fjölskyldustærð, skipulagi og öðru. Einnig getur verið gott að skoða eignina með þessum hætti á netinu eftir að farið hefur verið á staðinn í eigin persónu, áður en endanleg ákvörðun er tekin um kaup.

# Einbýli í rótgrónu hverfi

**Fasteignasalan Miklaborg kynnir glæsilegt einbýlishús á frábærum stað**

Til sölu er 307 fm. einbýlishús á glæsilegri hornlóð á mótum Hjallavegar og Ásvegar. Húsið hefur verið endurnýjað og endurhannað frá grunni.

Óskum eftir einbýli-, rað og parhúsum í Garðabæ

**Einbýlishús í Fossvogi og Þingholtum**
Gott einbýlishús óskast fyrir traustan kaupanda

**Einbýlishús á Seltjarnarnesi**
óskast í skiptum fyrir raðhús við Vesturströnd

**250 FM VERSLUNARHÚSNÆÐI ÓSKAST Í SKEIFUNNI, FAXAFENI, FÁKAFENI EÐA Í NÁGRENNI.**

**500-700 FM VERSLUNARHÚSNÆÐI Á JARÐHÆÐ ÓSKAST TIL KAUPS EÐA LEIGU. STAÐSETNING: 101, 105 EÐA 108.**

**50-150 FM. VERSLUNARHÚSNÆÐI ÓSKAST TIL LEIGU Í BANKASTRÆTI, SKÓLAVÖRÐUSTÍG EÐA NEÐARLEGA Á LAUGAVEGI**



# SKEIFAN FASTEIGNAMIÐLUN

Suðurlandsbraut 46 • www.skeifan.is
Sími 568 5556 • Fax 568 5515

### Hlíðasmári
**– Stórglæsilegar skrifstofuhæðir**
**– Frábær staðsetning - Gott útsýni til allra átta.**







Höfum til leigu stórglæsilegar fullbúnar skrifstofuhæðir í þessu nýja glæsilega lyftuhúsi á einum besta útsýnisstað í Kópavogi.

Um er að ræða þrjár 324 fm hæðir. Tvær þeirra fimmta og sjötta hæðin eru til útleigu nú þegar fullbúnar. Þriðju hæðina á eftir að innrétta og getur hún innréttast eftir þörfum leigutaka. Einnig er möguleiki að skipta þeirri hæð í minni einingar.



**Andarhvarf - sérhæðir**

Erum með til sölu glæsilegar 180 fm sérhæðir með bílskúr við Andarhvarf í Kópavogi. Glæsilegt útsýni, mikil fjallasýn. Verð 28,9 millj. Tilbúið til innréttinga. Fullbúið að utan. Frágengin lóð.

**Erum með fjársterkan kaupanda sem er að leita að 6 til 10 íbúðum á stór Reykjavíkursvæðinu.**

**Erum með leigjendur að íbúðum upp við Elliðavatn, einnig vantar okkur 2ja til 3ja herbergja leiguíbúð á svæði 104 og 108.**



**Seljudalur Njarvík.**

**Skipti á ódýrari eða á bíl**
Höfum til sölu 149 fm raðhús á einni hæð á góðum stað. Húsið er til afhendingar nánast fullbúið að utan. Að innan skilast húsið rúmlega fokhelt. Útveggir einangraðir og tilbúnir til að múra þá og sparsla. Gröfjöfnuð lóð. Skipti möguleg á ódýrari eign eða að taka bíl upp í kaupverð. **Verðtilboð.**



**SUMARBÚSTAÐUR – ÚTHLÍÐ – BLÁSKÓGABYGGÐ**

Höfum til sölu þennan fallega 85 fm nýlega sumarbústað við Úthlíð. Fallegar innréttingar. Parket. 3 svefnherbergi. 170 fm timburpallur við húsið með heitum potti. Glæsilegt útsýni til suðurs. Til afhendingar strax með öllum búnaði. Höfum einnig til sölu Norskan RC innfluttan ósamsettan sumarbústað. Fullbyggður er bústaðurinn fokheldur, án þakjárns. Gler er í gluggum. Ekki þarf að fúaverja klæðningu.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

## Rauðalækur - götulokun

Fyrirhugað er að loka Rauðalæk í Reykjavík fyrir gegnumakstri bíla.
Götunni var lokað við Rauðalæk 22 að tilmælum íbúa í tilraunaskyni í 2 mánuði sumarið 2010. Í kjölfarið var gerð könnun meðal íbúa í Rauðalæk og nærliggjandi götum um viðhorf gagnvart lokuninni. Mikill meirihluti var hlynntur lokun fyrir gegnumakstri til frambúðar. Hér með er hverjum þeim sem vilja gera athuga - semdir við áform um lokun götunnar gefið tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri.
Athugasemdum skal komið til skrifstofu Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111, netfang: umhverfissvid@reykjavik.is fyrir 10. febrúar næstkomandi.

Samgöngustjórinn í Reykjavík.


## HEILDSALAR – FATNAÐUR

Óskum eftir samstarfi við eða kaupum á lítilli eða meðalstórri rekstrareiningu sem selur fatnað á fyrirtækja- eða endursölumarkaði

Áhugasamir vinsamlegast sendið svar á netfangið box@frett.is fyrir föstudag 14. janúar 2011.



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is


NORDPLUS

# Menntaáætlun Nordplus 2011

### Auglýst eftir styrkjum til samvinnu á sviði menntunar á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum

Nordplus menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar stuðlar að gæðum og nýsköpun í menntakerfum Norðurlanda og Eystrasaltslanda með styrkjum til ýmiskonar samstarfsverkefna og samstarfsneta. Heildarfjármagn menntaáætlunar Nordplus starfsárið 2011 er u.þ.b. 8 miljónir evra.

Einnig er auglýst eftir umsóknum um styrki í **Norrænu tungumála- og menningaráætlun Nordplus (Nordplus Nordiske Sprog- og kulturprogram)**.

Menntaáætlun Nordplus samanstendur af fjórum undiráætlunum og eru meginmarkmið og áherslur þeirra tilgreindar hér að neðan. Þar að auki er lögð sérstök áhersla árið 2011 á loftlagsmál sem á við allar undiráætlanirnar fjórar.

**Nordplus Junior**
Styrkir samvinnu þátttökulanda á sviði grunn- og framhaldsskóla og styður samstarfsnet leik-, grunn- og framhaldsskóla. Árið 2011 verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Gæði í menntun, iðnmenntun, heilsa, brottfall úr skólum, fjölmenning í kennslu, frumkvöðlastarf, nýsköpun og hugvit.

**Nordplus fyrir háskólastigið**
Stuðlar að samvinnu á milli skóla á háskólastigi í þátttökulöndunum auk annarra stofnana og félagasamtaka sem starfa á sviði háskólamenntunar. Mynduð eru samstarfsnet þar sem miðlað og skipst er á upplýsingum um reynslu, góð vinnubrögð og frumlegar niðurstöður. Árið 2011 verður áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Þróun á sameiginlegum námsleiðum, þróun á námsefni og gæðaeftirliti á háskólastiginu. Einnig endurnýjun og stækkun samstarfsneta og þá sérstaklega aðkomu nýrra skóla frá Eystrasaltslöndunum.

**Nordplus Voksen**
Styrkir samvinnu og samstarfsnet þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu. Árið 2011 verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Grunnfærni fullorðinna og viðurkenning og mat á raunfærni. Bæta aðgengi og framboð í fullorðinsfræðslu. Sérstök áhersla er lögð á að ná til landsbyggðarfólks. Samspil fyrirtækja og fullorðinsfræðslustofnana í þjálfun og menntun fullorðinna.
- Áherslur á loftslagsmál og umhverfi en einnig að frumkvöðlastarfsemi.

**Nordplus Horisontal**
Styrkir þverfaglega samvinnu á milli sviða menntageirans og styður samstarfsnet og verkefni sem ná til fleiri en einnar undiráætlana Nordplus og styðja við áherslur þeirra. Árið 2011 verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi svið:

- Samstarfverkefni og samstarfnet sem hafa að markmiði að þróa gæðamenntun fyrir alla sem stunda nám í þátttökulöndunum, t.d. með því að fjalla um brottfall og aðgengi að námi.
- Kennaramenntun og uppeldisaðferðir, óháð kennslugreinum, sem fjalla t.d. um nýstárlega samvinnu og tengsl milli grunn- og framhaldsskóla, fullorðinsfræðslu, háskólamenntunar, rannsókna, fyrirtækja og félagasamtaka.

**Nánari upplýsingar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, landskrifstofu Nordplus: www.nordplus.is**

**Umsóknarfrestur í öllum hlutum Menntaáætlunar Nordplus er 1. mars 2011**

**Öllum umsóknum verður að skila rafrænt í gegnum umsóknarkerfið ARS á slóðinni:**

**http://ars.norden.org**

**Leiðbeiningar og frekari upplýsingar á www.nordplusonline.org**

NORDPLUS

# Norræna tungumála- og menningaráætlun Nordplus 2011

### (Nordplus Nordiske Sprog- og kulturprogrammet)

### Auglýst eftir styrkjum til verkefna á sviði Norðurlandatungumála og til námsferða í grunn- og framhaldsskólum.

Tungumála- og menningaráætlun Nordplus er sérstakur vettvangur helgaður norrænum tungumálum. Þau lönd sem standa að áætluninni eru Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Einnig eiga sjálfsstjórnarsvæðin Færeyjar, Grænland og Álandseyjar ásamt samíska málsvæðinu aðild að áætluninni.

Tungumála- og menningaráætlun Nordplus hefur alls til umráða 6.517.480 danskar krónur (DKK) til starfsemi sinnar árið 2011. Þar af eru 2.000.000 DKK sérstaklega ætlaðar námsferðum nemenda og starfsfólks grunn- og framhaldsskóla.

**Meginmarkmið Tungumála- og menningaráætlunar Nordplus á árunum 2008-2011 eru:**
- Að styrkja málskilning og þá sérstaklega skilning á grannmálunum (dönsku, norsku og sænsku).
- Að auka áhuga, þekkingu og skilning á norrænni menningu, málum og lífsháttum.

**Áætlunin er tvískipt:**
- Annar hluti hennar er helgaður **norrænum málum**. Veittir verða styrkir til verkefna og samstarfsneta.
- Hinn hluti hennar er ætlaður **námsferðum á sviði grunn- og framhaldsskóla**. Styrkir verða veittir til nemenda- og starfsmannaskipta með það að markmiði að styrkja málskilning, málkunnáttu og menningarvitund nemenda/uppeldisstarfsfólks. Þessi hluti áætlunarinnar er fyrst og fremst ætlaður bekkjum á grunn- og framhaldsskólastigi en einnig kennurum og öðrum sem starfa að uppeldismálum innan grunn- og framhaldsskóla.

**Áherslur 2011**
- Verkefni sem efla málskilning barna og ungmenna (á dönsku, norsku, sænsku).
- Verkefni sem innihalda leiðbeiningar um hvernig best sé að kenna dönsku, norsku og sænsku í Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og samísku svæðunum.
- Verkefni sem innleiða verkefnið 'sprogpiloterne' í kennslu ungmenna (14-19 ára). (sjá www.sprogpiloter.dk).
- Verkefni sem styrkja stöðu málskilnings í kennaramenntun og styrkja samvinnu um stefnumótun á sviði norrænna mála í kennaramenntun á Norðurlöndunum.
- Verkefni sem innihalda hugleiðingar um val háskóla á tungumálum sem kennt er á.
- Samstarfs- og þróunarverkefni á sviði tungutækni.
- Verkefni sem stuðla að því að markmið norrænu tungumálaherferðarinnar (Nordisk Sprogkampagne) náist. (sjá www.nordisksprogkampagne.org).

**Öllum umsóknum verður að skila rafrænt í gegnum umsóknarkerfið ARS á slóðinni:**

**http://ars.norden.org**

**Umsóknarfrestur í öllum áætlunum Nordplus er 1. mars 2011**

**Nánari upplýsingar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, landskrifstofu Nordplus: www.nordplus.is**

**Upplýsingar á norrænum málum á aðalsíðu Nordplus: www.nordplusonline.org/sca/sprog_kultur**

**Candida sveppasýking, einkenni og lyfjalaus meðferð**, er heiti á fyrstu bók Sölku sem komin er út á árinu. Vegna mikillar eftirspurnar er þessi bók endurútgefin en líka betrumbætt og endurskrifuð í ljósi nýrra rannsókna um þennan algenga en leynda nútímakvilla.






# Sjáum miklar framfarir

**Ás styrktarfélag og World Class bjóða upp á sérsniðin átaksnámskeið fyrir einstaklinga með þroskahömlun. Talsmenn beggja sjá ástæðu til að fjölga námskeiðum og bæta þannig þjónustu við fatlaða.**



Að sögn Önnu Lilju fá þátttakendur útrás og fræðslu um næringu á námskeiðinu.

„Þetta hefur gefið mjög góða raun, þátttakendur eru í betra líkamlegu ástandi í lokin og sumir hafa tekið framförum í hreyfifærni,“ segir Anna Lilja Magnúsdóttir hjá Ás styrktarfélagi sem hefur í samvinnu við World Class staðið fyrir átaksnámskeiðum fyrir einstaklinga með þroskahömlun síðustu þrjú ár.

Námskeiðið kallast Breyttur lífsstíll og á því spreyta þátttakendur sig á fjölbreyttum æfingum, spinning, lyftingum, dansi, útiæfingum og -leikjum og fleiru, undir leiðsögn reynds einkaþjálfara á vegum World Class, Nönnu Guðbergsdóttur og þroskaþjálfa frá Ási, Önnu Kristjánsdóttur. „Fólkið fær þarna góða útrás og fræðslu um næringu, setts fram með þeim hætti sem því gæfist kannski annars ekki kostur á,“ segir Anna Lilja og kann þeim Nönnu og Önnu bestu þakkir fyrir.

Anna Lilja segir námskeiðið hins vegar því miður vera þeim annmörkum háð að töluvert færri komist að en vilja hverju sinni. „Það komast ekki nema í mesta lagi svona tíu í einu. Svo vilja ef til vill sumir halda áfram eftir eitt námskeið, þannig að nýir komast kannski ekki að. Við höfum reynt að bregðast við þessu með því að lengja tímabilið. Fyrsta námskeiðið var átta vikna langt en nú eru þetta orðnar einhverjar fjórtán vikur. En betur má ef duga skal.“

Að sögn Önnu Lilju og Gígju Þórðardóttur, deildarstjóra heilsuræktar hjá World Class, er sameiginlegur áhugi og vilji fyrir því að bregðast við þessum vanda og sjá þær fjölgun námskeiða sem helstu úrlausn hans. „Við erum klárlega tilbúin að halda fleiri námskeið, útvega einkaþjálfara og aðstöðu. Það þyrfti þá að skoða útfærsluna,“ segir Gígja og Anna Lilja bætir þá við. „Það mætti til dæmis halda tvö námskeið í einu, eitt sem væri fyrir byrjendur og þá sem þurfa lengri tíma til að aðlagast og annað fyrir lengra komna og þá sem geta gert meira.“

Þær segja hins vegar allt saman stranda á fjárskorti. „Þroskaþjálfinn er tilbúinn að taka þátt í fleiri námskeiðum en við höfum hins vegar ekki fjármuni til að greiða launin, verðum þar að treysta á sjálfsaflafé sem dugar ekki til þess. Vonin er því sú að fá fleiri til liðs við okkur í þessu,“ segir Anna Lilja. „Það hefði alveg heilmikið að segja.“

*roald@frettabladid.is*

## Skallavandinn leystur?

SÉRFRÆÐINGAR TELJA AÐ ORSÖK SKALLAMYNDUNAR HJÁ KÖRLUM SÉ AÐ LEITA TIL VANVIRKRA STOFNFRUMNA OG MEGI Í FRAMTÍÐINNI LEYSA MEÐ EINFÖLDU KREMI.

Hingað til hefur verið óljóst hvað veldur skalla hjá körlum. Þó hefur verið talið að karlhormónið testósterón og erfðir spili þar einhvern þátt. Rannsóknarteymi frá háskólanum í Pennsylvaniu telur sig hafa fundið aðra orsök. Það fylgdist með körlum sem gengust undir hárígræðslu. Þeir báru saman hársekki á skallablettum saman við hársekki þar sem hárið var þétt.

Þá kom í ljós að á skallablettunum var sami fjöldi stofnfrumna sem eru til þess gerðar að búa til hár og í venjulegum hársverði. Hins vegar var hlutfall svokallaðra „progenitor“ frumna lægra á sköllóttum svæðum. Þannig eru hárin á skallablettum enn til staðar en eru bara mjög fíngerð og vart sýnileg.

Rannsakendur binda vonir við að hægt verði að finna upp efni eða krem sem hægt verði að bera á hárlausa hluta sem örva muni stofnfrumur hársins og virkja þær á ný þannig að þær fari að framleiða þykkara og betra hár.



Skallinn er sjaldan vinsæll meðal karla og því vísast margir sem myndu fagna lausn á vandamálinu.

## Ferðast á meðgöngu

ALLIR ÞURFA AÐ VERJA SIG FYRIR SÓL OG HITA Á FERÐALÖGUM, EKKI SÍST ÓFRÍSKAR KONUR.

Margir hyggja á sólarlandaferðir í kuldanum, líka verðandi mæður. Sérstaklega mikilvægt er fyrir þær sem eru með barni að huga að því að hlífa sér við hita og sól.

Mikill hiti getur valdið fósturskaða og því mikilvægt að skýla sér með léttum klæðnaði, halda sig innandyra yfir mesta hitatíma dagsins og drekka vel af vökva.

Þá er hættara við að húðlitarefnið hlaupi í kekki þegar sól skín beint á húðina með þeim afleiðingum að húðin verður oft flekkótt.

*- jma*



Ófrískar konur á leið í sól ættu að huga vel að hlífðarklæðnaði.


# Námskeið í Rope Yoga & TRX hefjast 10. & 11. janúar

# elin.is




“Ég finn fyrir mikilli aukningu á styrk eftir að ég byrjaði í TRX.
Æfingarnar eru fjölbreyttar og mér finnst ég vera að æfa alla vöðvahópana sem ég þarf til að synda hraðar.”
Ragnheiður Ragnarsdóttir. sundkona

“Mér finnst Rope Yoga og TRX virkilega hjálpa mér í að ná auknum styrk og einbeitingu”
Hrafnhildur Lúthersdóttir. sundkona

| 8 vikna námskeið | | | Tími: | Verð: |
|---|---|---|---|---|
| Nr. 1 | Mán. mið. & fös | TRX & Rope Yoga | kl. 06:00 (70 mín) | 30.900 kr. |
| Nr. 2 | Þri & fim. | TRX & Rope Yoga | kl. 06:00 (70 mín) | 21.900 kr. |
| Nr. 3 | Mán. mið. & fös | Rope Yoga | kl. 07:15 (70 mín) | 28.900 kr. |
| Nr, 4 | Mán. mið. & fös | Rope Yoga | kl. 12:00 (70 mín) | 28.900 kr. |
| Nr. 5 | Mán | Eldri borgara, Rope Yoga | kl. 10:35 (70 mín) | 9.900 kr |
| Nr. 6 | Þri. & fim. | Rope Yoga | kl. 16:20 (70 mín) | 19.900 kr. |
| Nr 7. | Þri. & fim | TRX & Rope Yoga | kl. 17:40 (70 mín) | 21.900 kr. |
| Nr 8. | Þri, & fim. | TRX & Rope Yoga Karla, | kl. 19:00 (70 mín) | 21.900 kr. |
| Nr. 9 | Mán. & mið | Rope Yoga | kl. 18:40 (70 mín) | 19.900 kr. |
| Nr. 10 | Mið. | Unglinganámskeið | kl. 15:30 (70 mín) | 5.900 / 14.900 kr. |

Ástundun fyrir vana, ótakmörkuð mæting

| | | |
|---|---|---|
| Þri. & fim | | kl. 09:00 (90 mín) |
| Mán. mið. & fös. | | kl. 17:00 (90 mín) |




Bæjarhraun 2 Hafnarfirði sími: 696-4419 elin@elin.is

## BÍLAR & FARATÆKI

**STÓRA BÍLASALAN**



Skoda Fabia Classic Árgerð 04/2006, ekinn 65þ.km, beinskiptur, flottur bíll sem eyðir litlu. Er á staðnum. Skipti möguleg á ódýrari! Tilboðsverð 950.000kr!! Raðnúmer 131077. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**MOTOR HARLEY-DAVIDSON COMPANY**

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

**City Runner**



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Með settinu fylgir aukalega reykskynjari og annar hreyfiskynjari.

**City Runner ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

**100 bílar.is bílasala**



Nissan PATHFINDER SE 35", árg. 3/2007, dísel, sjálfskiptur, 35" breyttur, Vel búinn og lítur mjög vel út, krókur omfl, Ásett verð aðeins 4990þús.kr, bíllinn er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



**Toyota Hiace langur 2.5 dísel SJÁLFSKIPTUR**
Toyota Hiace Dísel SJÁLFSKIPTUR nýskráður 11.10.2002 ekinn 178.000 D4D vélin. Nýskoðaður 2011,6 hurðar, álfelgur og dráttarkrókur. Er á góðum vetrardekkjum. Verð 1.390 þúsund, skoða skipti. Upplýsingar í síma 693-5053. p.s möguleiki á auka bekk fyrir 3 með beltum.



Til sölu VW Beetle árg.09-2007 ekinn 27000 km. glertopplúga vetrardekk á felgum, ásett verð 2,590,000- tilboð 2,390,000-stgr. Honda Shadow 750-c árg.07-2008 ekið 1160km ásett verð 1,250,000- tilboð 1,150,000-stgr. uppl. 696-7002.



Ford F350 King Ranch 2008 með öllu. Góð 37" dekk og fallegar felgur, brettakantar, pallhús og margt fleira. Ekinn 46000 km. Bíll í toppstandi og nýskoðaður. Ásett verð er kr. 5.400.000,-Ekkert áhvílandi og skipti koma til greina. Uppl. í s. 821 6386.

Til sölu Nissan Almera árg. ,01. Vél ek. 117.623. Ásett verð 550 þús, Tilboð 390 þús. stgr. Uppl. í s. 897 9252.

### Bílar óskast

Golf, Polo, Micra, Almera, Peougut 206, Yaris eða Lancer ÓSKAST Árg. 1998-2003 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772-5450.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

Óska eftir bíl sem þarfnast viðgerðar á verð bilinu 30-250þ. Uppl. í s. 893 5517.

Kaupi bíla til niðurrifs. Allt kemur til greina. S. 661 5270, Baldur.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma

691 9374.

### Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Varahlutir




**BILAPARTAR.IS**
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**NET-PARTAR**




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.**
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Hringbraut.is Varahlutasala**
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan Scenic 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Tek að mér heimilisþrif og flutningsþrif. Er vön og vandvirk. S. 691 2173

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð.
- kristjan@vidhald.is

### Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

**Líkamsnudd !**
Frábær þjónusta. Tilboð í dag. S. 693 0348 eða 661 8272.

**NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ S. 823 8280**
Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

BEST MASSAGE!!!WITH TWO OR FOUR HANDS! 693-7597

**Flisaverk.is**
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smíðavinna - Flísalagnir - Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Kristján Rúnar Sveinsson 898 4990
kristjan@flisaverk.is

**K2 NÁTTÚRUVÆN LOFTSTOKKAHREINSUN**



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

**GK Trésmíði ehf s. 893 6314**
**Glugga og glerskipti, hurðaísetningar, þakvinna, parketlagnir, mótauppsláttur, ásamt allri viðhaldsvinnu.**
**gktresmidi.is**

**Smíðum eftir máli!**
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
— Sérhæfð trésmiðja! —
**Hurðir & gluggar**
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

**N & V Verktakar.**
**Flísalögn á frábæru tilboði.**
**4.000kr. fermeterinn.**
**Upplýsingar í síma 661 3149.**

**Viðhalds Verk ehf**

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

### Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.


# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 23 stöðum á Suðurlandi og 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Bónus, Selfossi
Krónan, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
Olís, Selfossi
Samkaup Úrval, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Minni Borg, Grímsnesi
Verslunin Árborg, Árnesi
Þrastalundur, Grímsnesi
Bónus, Hveragerði
N1, Hveragerði
Samkaup Strax, Laugarvatni
Samkaup Strax, Flúðum
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum, Hellu
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1, Vík
Krónan, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum



Allt sem þú þarft...

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** erindi, **6.** skst., **8.** töf, **9.** æxlunarkorn, **11.** drykkur, **12.** aðfall, **14.** fet, **16.** bardagi, **17.** útsæði, **18.** tilvist, **20.** tveir eins, **21.** illgresi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nýja, **3.** eftir hádegi, **4.** ritsmíð, **5.** atvikast, **7.** frægð, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** matur, **16.** fóstra, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vers, **6.** no, **8.** hik, **9.** gró, **11.** te, **12.** aðsog, **14.** skref, **16.** at, **17.** fræ, **18.** líf, **20.** ðð, **21.** arfi.

**LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** eh, **4.** ritgerð, **5.** ske, **7.** orðstír, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** ala, **19.** ff.









# Nokkur gleðiráð

**BAKÞANKAR**
**Júlíu Margrétar Alexandersdóttur**



Eftir lestur bókarinnar Brasilíufanginn varð ég að hafa snar handtök og finna gleðilyf sem virkaði beint í æð. Höfundi tekst mætavel að soga lesandann inn í ömurleika fangelsisvistar og frelsissviptingar og það er erfitt að hrista þrúgandi innilokunartilfinningu af sér eftir lesturinn. Bókin hefur án efa afbragðsforvarnargildi og ég var fegin að höfundur þröngvaði ekki samúð með burðardýrinu upp á lesandann, magnað í raun hversu langt undan hún er.

**NÆST** eyði ég hins vegar sumarfríinu í að lesa hrollvekjur og les gömlu brandarabækurnar mínar og Andrés Önd í skammdeginu. Andrés Önd og jólin – man ekki einhver eftir sögunni þar sem Andrés sá að það var miklu hagstæðara að halda jólin í janúar á útsölum? Í janúar 2012 verð ég búin að finna það blað og annað sem fleytir lundinni enn hærra þegar sól hækkar á lofti og andinn með.

**ÞAÐ** er ýmislegt sem má gera til að lyfta sér upp og valdið er oftar en ekki manns megin. Andrés Önd er þar til að mynda mjög góður til að hefja daginn á. Jafnvel áður en farið er fram úr rúminu. Um leið og hægt er að skemmta sér yfir einni lipurri sögu úr Andabæ má stinga upp í sig mola af súkkulaði sem geyma má í náttborðsskúffunni og hafa til reiðu kvöldið áður. Eða fyrir þá sem eru með heilsutengt áramótaheit: svo lífræna gulrót að moldarbragðið af jarðvegi Mosfellssveitar finnst á tungunni.

**EF** maður er ekki enn kominn fram úr eftir þessar prufur (þú lagðir jafnvel ekki í þær – myndir ekki láta þér detta það í hug að kaupa þér Andrésblað eftir að hafa lesið það í Fréttablaðinu að kona sem las Brasilíufangann hefði reynst það vel að lesa teiknimyndasögur til að koma sér aftur á ról), er spilið alls ekki búið.

**KROSSGÁTUBLAÐ** í náttborðsskúffunni innihalda oft einfeldningslega brandara, kannski smá dónó ef þú ert heppinn, inni á milli krossgátna. Það mætti reyna að teygja sig eftir því blaði, prófa að hlæja bara að einum brandara, þótt það þurfi að neyða sig til þess og stíga svo í fæturna. Það er góð og gild ástæða fyrir því að krossgátublöð eru mikið keypt þegar gleðin og vellíðan skal gefin í botn í sumarfríum. Ekki má gleyma sjónvarpsefninu sem getur verið jarðsprengjusvæði fyrir janúarþunglynda Byrona. Ef þið eruð svo heppin að ná erlendum stöðvum er bókað að allir eru yfirleitt glaðir í suður-þýsku og austurrísku alpasjónvarpi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALA

## ÖLL RAFTÆKI Í ELDHÚS OG ÞVOTTAHÚS Á ÚTSÖLU

**Ofnar, helluborð og háfar með allt að 50% afsl.**

**Sjálfvirkar kaffivélar frá Saeco – verð frá kr. 49.990**

**Mikið úrval kæliskápa frá Candy, Blomberg og Severin á frábæru verði**

**Candy þvottavélar - verð frá kr. 79.990**

**Severin smátæki með allt að 33% afslætti**

**Hágæða 2000w Hoover ryksugur - verð frá kr. 12.990**

**Kitchenaid hrærivélaaukahlutir með 20% afslætti og pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 30% afslætti**

**Sýningareintök og útlitsgallað með miklum afslætti**

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**50** milljónir dala, eða tæpa 6 milljarða íslenskra króna, þarf fyrrum Frasier-leikarinn Kelsey Grammer að borga eiginkonu sinni fyrrverandi, Camille Grammer, en hjónin ákváðu að skilja eftir 13 ára hjónaband. Grammer hefði betur skrifað undir kaupmála fyrir brúðkaupið, en um helmingur auðæfa hans rennur nú til Camille.

## Holly geymdi tárin fyrir sjónvarpið

Fyrrverandi Playboy-kanínan Holly Madison óskaði Hugh Hefner til hamingju með trúlofun sína í raunveruleikaþætti sínum. Madison segist hafa orðið miður sín við fréttirnar og vilji að allur heimurinn viti hvernig henni líði.

„Þegar ég heyrði fréttirnar ákvað ég að fela tilfinningar mínar, ég vildi segja honum hvernig mér liði í sjónvarpsþættinum mínum. Ég vildi að allir fengju að vita hvernig mér liði,“ sagði Madison, sem hafði sjálf lengi vonast eftir því að ganga í hið heilaga með Hefner. Hann hafði þó ávallt haldið því fram að hann vildi ekki giftast aftur og því eru fréttirnar um trúlofun hans og hinnar 24 ára gömlu Crystal Harris mikið áfall fyrir Madison.

„Þetta var mjög persónulegt fyrir mig,“ sagði Madison í viðtali við tímaritið People.



**ÁFALL** Holly Madison var ekki ánægð þegar hún heyrði af trúlofun Hugh Hefner og Crystal Harris. NORDICPHOTOS/GETTY


LAGERSALA

20-70% afsláttur af notuðum og nýjum tækjum

Háfar á vegg og yfir eyjur

Borðviftur

Kaffivélar

Uppþvottavélar

Kæli- og frystiskápar fyrir heimili og fyrir iðnaðareldhús

Að auki eru tilboð á völdum vörum í verslun

TAKMARKAÐ MAGN

Opið frá kl. 10:00-18:00

LIEBHERR elica COLLECTION MBM Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborg@centrum.is




Björn Ingi Hrafnsson, einn eigenda Bleikt.is, og Hlín Einarsdóttir, ritstjóri Bleikt.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## BLEIKT STUÐ Á ESJU

**Hlín Einarsdóttir og fylgdarlið hennar á vefnum bleikt.is blésu til mikillar veislu á skemmtistaðnum Esju við Austurstræti. Vefurinn hefur náð miklum vinsældum á skömmum tíma og það virðist ekkert lát ætla að vera á uppákomum í kringum hann. Ritstjórinn Hlín upplýsti meðal annars að brátt færi í loftið Kama Sutra-stellingavefur og að í næstu viku hæfist keppni milli þriggja kvenna um að komast í sem best form.**



Brynja Guðmundsdóttir, Gunnhildur Geira og Líney Sandholt mættu á svæðið.



María Kristjánsdóttir, Klara Egils og Kristín Þórsdóttir létu sig ekki vanta.



Tinna Björg, Bryndís Gyða og Birgitta Ólafsdóttir brostu sínu breiðasta.



Kidda og Elvar Logi voru í stuði.


LYFJA – Lífið heil



Nicorette Freshmint 2mg 210 stk. ~~5.670 kr.~~ 4.819 kr.

Nicorette Fruitmint 2mg 210 stk. ~~4.975 kr.~~ 4.229 kr.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

15% afsláttur af öllum Nicorette vörum í janúar

# Eitt mesta úrval námskeiða er í Sporthúsinu

## Veldu aðhald, skemmtun, gleði og árangur með okkur



**Dansskóli Birnu Björns**
spennandi og vandað dansnám fyrir allan aldurshóp
17. jan

**Rope Yoga**
andleg og líkamleg heilsurækt
11. jan

**ZUMBA**
dansaðu þig í form við taktfasta latin tónlist
10. & 11. jan

**Happy Yoga**
losar um stíflu, óhreinindi & spennu
11. jan

**Fit Pilates/Fit Pilates Power**
sléttur magi & stinnur rass
10. & 11. jan

**Cage Fitness**
nýjasta æðið í Bandaríkjunum
fjölbreyttar og krefjandi æfingar með púðum
17. jan

**Áskorun**
aðhald 5 daga vikunnar
10. jan

**Weigh to Go**
fyrir konur sem vilja taka aðhaldið skrefinu lengra
aðhald 6 daga vikunnar
11. jan

**Íþróttaskóli Latabæjar**
fyrir hressa krakka á aldrinum 3-6 ára
12. & 15. jan

**Hot Yoga**
Nýjung: Vinyasa flæði, Ashtanga og Yin Yoga
10. & 11. jan

**Hópþjálfun fyrir konur & karla**
veldu 3 tíma af 6 í viku sem henta þér!
10. jan

**HádegisPúl fyrir konur**
í frábærum hópi kvenna
11. jan

**Ketilbjöllur**
kraftur - snerpa - liðleiki
10. & 11. jan

**Mömmu- & meðgönguleikfimi**
krefjandi þjálfun fyrir verðandi og nýbakaðar mæður
11. jan

**CrossFit**
lífstíll heilbrigðis og vellíðunar
5. & 12. jan

**TRX**
lengri og fallegri vöðvar
11. jan

**Morgungleði fyrir konur**
Morguntímar með menntuðum einkaþjálfara
11. jan

**Power Burn**
átök, fræðsla, mælingar og persónuleg ráðgjöf
10. jan

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin finnir þú á www.sporthusid.is

**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla

Dalsmára 9-11
gunnhildur@sporthusid.is
564-4050










# Spagettí og drone í rokkgraut

Rokksveitin The Heavy Experience hefur gefið út tvö lög sem eru fáanleg á 10 tommu vínyl-plötu og í stafrænu formi. Sveitin hefur verið starfandi í tæpt ár og er þetta fyrsta útgáfa hennar.

„Þetta byrjaði aðallega sem hliðarverkefni. Við erum allir í öðrum hljómsveitum líka og allar þær hljómsveitir lentu í hálfgerðum stoppum út af hinu og þessu. Þannig að þessi hljómsveit var stofnuð í staðinn," segir gítarleikarinn Albert Finnbogason, sem hefur einnig spilað með Swords of Chaos og Skelk í bringu.

The Heavy Experience er hugarfóstur Brynjars Helgasonar sem hefur gefið út undir nafninu Carpetshow. „Mörg bönd sem byrja að spila saman finna ekki sándið fyrr en eftir tvö til þrjú ár en þetta var mjög markvisst hjá okkur," segir Albert.

Þeir félagar spila svokallaða drone-tónlist, sem er hæg og mínimalísk rokktónlist, og í staðinn fyrir söng kemur saxófónn inn í jöfnuna. Áhrif úr spagettítónlist Ennio Morricone eru einnig til staðar. Hljómsveitin hyggur á gerð stórrar plötu síðar meir en upptökur eru ekki hafnar.



**THE HEAVY EXPERIENCE** Rokksveitin hefur gefið út tvö lög sem eru fáanleg á vínyl og í stafrænu formi.

Útgáfutónleikar The Heavy Experience verða á Bakkus þriðjudaginn 18. janúar þar sem ókeypis verður inn.

- fb

# Nemendasýningar menntaskólanna að taka á sig mynd

**Leiksýningar menntaskólanna hafa notið mikilla vinsælda um langt skeið og er nú farið að skýrast hvaða sýningar verða settar upp í vinsælustu menntaskólunum.**

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Verzlunarskóli Íslands og Menntaskólinn í Reykjavík setji báðir upp leiksýningar sem byggja á leikverki Shakespeares um Draum á Jónsmessunótt. MR frumsýnir sjálft leikverkið 25. febrúar í húsi Norðurpólsins og verður leikstjórn í höndum Gunnars Helgasonar en Verzlunarskólinn setur upp söngleikinn Drauminn í Loftkastalanum og verður frumsýnt 3. febrúar. Leikstjóri Verzlinga er leikarinn Orri Huginn Ágústsson, danshöfundur er Stella Rósenkranz og tónlistarstjórn er í höndum strákanna í StopWaitGo, en þeir hafa verið að gera það gott í tónlistargeiranum hér á landi.

Kvennaskólinn í Reykjavík setur upp Vorið vaknar eftir Frank Wadekind, en það er Kári Viðarsson sem leikstýrir Kvenskælingum og verður verkið sýnt í skólanum sjálfum. Leikfélag Menntaskólans við Sund setur upp söngleikinn Hairspray, en handritið er byggt á kvikmynd John Waters frá 1988. Hairspray verður frumsýnt í Austurbæ 15. febrúar, en leikstjóri er leikarinn góðkunni Pétur Einarsson og danshöfundur er Örn Guðmundsson.

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð vinnur að spunasýningu sem nemendur semja sjálfir, en sýningin hefur ekki enn hlotið nafn. Leikstjóri MH-inga er Bjartmar Þórðarson en verkið verður sýnt í Hamrahlíðinni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinnur Fjölbrautaskólinn í Garðabæ að söngleiknum Lyngmóar 3, en ekki fengust nánari upplýsingar um verkið.

kristjana@frettabladid.is



**SVIPUÐ SÝNING Í BÁÐUM SKÓLANUM** Þær Björg Brjánsdóttir, formaður leikfélags MR-inga, og Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, formaður Nemendamótsnefndar Verzlunarskólans, setja báðar upp leikverk sem byggja á Draumi á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Pitt vill leika Lennon

Hjartaknúsarinn Brad Pitt er í viðræðum við Yoko Ono um að hann leiki eiginmann hennar, John Lennon, í nýrri mynd um ævi hans. Pitt hitti Ono á dögunum og reyndi að sannfæra hana um að hann væri rétti maðurinn í hlutverkið. „Það er maður að skrifa handrit myndarinnar fyrir Brad. Yoko hefur gefið verkefninu blessun sína svo lengi sem myndin verði trú ævi Johns," sagði heimildarmaður. Brad er sagður ætla að læra að syngja og tala eins og Bítillinn fyrrverandi, sem gæti reynst þrautin þyngri enda talaði Lennon gjarnan með miklum Liverpool-hreim. Talið er að Pitt ætli einnig að framleiða myndina. Enginn leikstjóri hefur enn verið orðaður við verkefnið. Stutt er síðan Aaron Johnson lék Lennon á hans yngri árum í myndinni Nowhere Boy sem kom út 2009.



**BRAD PITT** Ætlar að leika hinn sáluga John Lennon í nýrri mynd um ævi hans.

# Best að kyssa Tom Cruise

**Leikkonan Gwyneth Paltrow hefur kysst nokkra af kynþokkafyllstu karlmönnum heims í gegnum vinnu sína. Hún á þó ekki í neinum vandræðum með að nefna þann sem henni þótti standa sig best og það er Tom Cruise.**



GWYNETH PALTROW

**„Ég lék lítið hlutverk í kvikmyndinni Austin Powers 3 og þar fékk ég að kela svolítið við Tom Cruise. Hann er frábær kyssari," sagði leikkonan góðkunna í nýlegu viðtali.**





# 20-70% afsláttur
# ÚTSALA!

## Stillanlegt Infinity heilsurúm
## Ótrúlegt verð!
## 399.000,-

Þrjár stærðir,
eitt verð:
160x200
180x200
180x210

Gafl kr. 44.900,-

### HEILSUKODDI 50% AFSLÁTTUR



**2.950,-**
Frábær kaup

### BARNASÆNG 70% AFSLÁTTUR



**1.770,-**
Barnasæng 140x200 cm

### MIKIÐ ÚRVAL 20% AFSLÁTTUR



**3.120,-**
Sængurverasett




### VELDU GÆÐI

**Serta Daysleeper**

| Stærð cm. | Ótrúlegt! |
|---|---|
| 100x200 | 122.900,- |
| 120x200 | 154.800,- |
| 140x200 | 166.900,- |
| 160x200 | 199.800,- |
| 180x200 | 207.900,- |

### ÞÆGILEGUR LÆKKAÐ VERÐ



**59.900,-**
Hægindastóll í taui

Búið er að reikna afslátt inn í verð í auglýsingunni

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# sport

sport@frettabladid.is

3 DAGAR

**FEÐGARNIR** Geir Hallsteinsson og Logi Geirsson annars vegar og Atli Hilmarsson og Arnór Atlason hins vegar hafa báðir spilað fyrir Íslands hönd á HM í handbolta. Geir tók þátt í þremur heimsmeistarakeppnum en Logi hafði verið með á tveimur síðustu keppnum. Atli var með á HM 1986 og Arnór er að fara á sínu þriðju heimsmeistarakeppni nú.



**KOMUST EKKI ÁFRAM** Róbert Aron Hostert, leikmaður U-21 landsliðsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undankeppni HM U-21:

## Ísland komst ekki á HM

**HANDBOLTI** Íslensku strákarnir í U-21 landsliði Íslands máttu sætta sig við tap, 28-24, fyrir Serbíu í lokaleik sínum í undankeppni HM sem haldið verður í Grikklandi næsta sumar. Riðill Íslands fór fram í Serbíu um helgina og vann Ísland fyrstu tvo leiki sína, gegn Svartfjallalandi og Eistlandi, rétt eins og Serbar.

En aðeins eitt lið komst áfram í úrslitakeppni HM og mættust því liðin í hreinum úrslitaleik riðilsins í gær. Ísland var með forystu í hálfleik, 14-13, en markvörður Serba fór mikinn á lokakafla leiksins þegar heimamenn sigu fram úr.

Sami árgangur náði silfrinu á HM U-19 ára í Túnis fyrir tveimur árum en keppnin í Grikklandi hefði verið síðasta verkefni hans í keppni yngri landsliða.

Alls vantaði fimm leikmenn í íslenska liðið. Þrír eru meiddir og tveir, Aron Pálmarsson og Oddur Gretarsson, voru valdir í æfingahóp A-landsliðsins fyrir HM í Svíþjóð. **- esá**



**J. G. GUESTA** Þjálfari Brasilíu. MYND/AFP

Æfingamót í Danmörku:

## Þrjú töp hjá Brasilíu

**HANDBOLTI Brasilía reið ekki feitum hesti frá fjögurra landa æfingamóti sem fór fram í Danmörku um helgina. Liðið tapaði öllum sínum leikjum, í gær fyrir Svíum, 38-26. Áður hafði liðið tapað fyrir Danmörku og Túnis.**

**Brasilía er með Íslandi í riðli á HM í Svíþjóð en liðin mætast í annarri umferð riðlakeppninnar á laugardaginn kemur.** **- esá**

# Höfum ekkert unnið enn á HM

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er ánægður með sigrana tvo í æfingaleikjunum gegn Þýskalandi. Þó eru enn fjórir dagar í fyrsta leik á HM og því varar hann við því að þjóðin fari á flug of snemma.**

**HANDBOLTI** Óhætt er að segja að íslenska landsliðið í handbolta líti vel út fyrir HM í Svíþjóð sem hefst nú á fimmtudaginn. Ísland vann sterkt lið Þýskalands í báðum æfingaleikjum liðanna í Laugardalshöll um helgina, þann síðari á laugardaginn, 31-27.

„Þetta gekk mjög vel,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og bætti við að liðið hefði lagt grunninn að báðum sigrunum með frábærum varnarleik.

„Við þurfum hins vegar að æfa hann enn betur fram að móti og svo ætlum við okkur að vera klárir með eitt varnarafbrigði til viðbótar og hafa til vara,“ sagði hann. „Það er gott að vita að við getum spilað fína vörn. Engu að síður þurfum við að nota dagana fram að móti mjög vel og okkur bíður nú það erfiða verkefni að halda einbeitingunni góðri og fylgja þessum góðu leikjum gegn Þýskalandi eftir. Við þurfum líka að skoða sóknarleikinn betur þar sem það komu kaflar í báðum leikjum þar sem sóknin datt niður hjá okkur. Það er enn margt sem við getum bætt í okkar leik.“

### Nítján á æfingunum í dag

Næsta verkefni Guðmundar verður að ákveða hvaða sextán leikmenn hann mun velja úr nítján manna æfingahópnum til að fara til Svíþjóðar. „Ég er enn að hugsa málið og reikna með því að taka morgundaginn [í dag] í að hugsa málið. Ég verð með allan hópinn á báðum æfingum dagsins og ákveð mig eftir þær. Ég er kominn nálægt niðurstöðu en er enn að hugsa málið.“

Hann segir þetta vissulega vera jákvætt vandamál að hafa úr svo sterkum hópi að velja. „Það þarf engu að síður að taka rétta ákvörðun og það er í mörg horn að líta. Þetta snýst ekki endilega um hvaða leikmenn eru bestir hverju sinni heldur hvað nýtist liðinu best. Allir nítján geta farið með út en ég þarf að finna út úr því hvaða sextán leikmenn skapa bestu liðsheildina og virka best saman, bæði í vörn og sókn.“

### Ungverjarnir virðast afar sterkir

Fyrsti leikur Íslands á mótinu verður gegn Ungverjalandi á föstudaginn. Ungverjar virðast mæta til leiks með afar sterkt lið en þeir báru sigur úr býtum á æfingamóti í Póllandi um helgina.



**HAFA UM NÓG AÐ HUGSA** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og Óskar Bjarni Óskarsson, aðstoðarmaður hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Allir nítján geta farið með út en ég þarf að finna út úr því hvaða sextán leikmenn skapa bestu liðsheildina og virka best saman, bæði í vörn og sókn.
>
> **GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON**
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI Í HANDBOLTA

„Ég er nú með upptökur af þremur leikjum Ungverja í höndunum og erum við byrjaðir á að greina þá,“ sagði Guðmundur. „Það er alveg ljóst að þarna er gott lið á ferðinni og betra en ég og margir aðrir bjuggust við. Í liðinu eru öflugar skyttur, frábærir hornamenn og góðir línumenn. Þetta er gott lið sem við þurfum að vera á varðbergi gagnvart. Það er vissulega margt jákvætt í gangi í okkar liði líka en við þurfum að nýta tímann fram að leik mjög vel.“

### Löng og grýtt leið fram undan

Áhorfendur troðfylltu Laugardalshöllina um helgina og voru með mikil læti á leikjunum, strákunum til stuðnings. Guðmundur varar þó við of miklum væntingum í garð liðsins.

„Það er gott að við spiluðum vel í þessum leikjum en þetta eru æfingaleikir og það ber að líta á þá sem slíka. Við höfum ekkert unnið á HM enn og fram undan er löng og grýtt leið þar sem við munum mæta mörgum erfiðum andstæðingum. Það er of snemmt að fara á flug.“

Engin alvarleg meiðsli eru í íslenska leikmannahópnum en Ingimundur Ingimundarson sneri sig á ökkla í leiknum á laugardaginn og hvíldi því síðari hluta leiksins. Aron Pálmarsson sneri sig á föstudaginn en var einn besti maður Íslands á laugardaginn.

Ólafur Stefánsson var markahæstur íslenska liðsins í báðum leikjunum um helgina og markverðirnir Björgvin Páll Gústavsson og Hreiðar Levý Guðmundsson sýndu að þeir eru aftur komnir í sitt besta form. Reyndar stóðu langflestir leikmennirnir sig gríðarlega vel, ekki síst þeir Kári Kristján Kristjánsson og Oddur Gretarsson sem eru að berjast fyrir sæti í HM-hópi Guðmundar landsliðsþjálfara.

eirikur@frettabladid.is

### Tölfræði Íslands

**Fös: Ísland - Þýskaland 27-23 (14-12)**
**Lau: Ísland - Þýskaland 31-27 (16-13)**

| Mörk Íslands (skot): | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson | 13/7 (17/9) |
| Aron Pálmarsson | 11 (21) |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 7 (11/1) |
| Alexander Petersson | 7 (14) |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 4 (6) |
| Kári Kristján Kristjánsson | 3 (3) |
| Ingimundur Ingimundarson | 3 (3) |
| Róbert Gunnarsson | 3 (3) |
| Arnór Atlason | 3 (7) |
| Vignir Svavarsson | 1 (1) |
| Oddur Gretarsson | 1 (1) |
| Sverre Jakobsson | 1 (1) |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 1 (2) |
| Sturla Ásgeirsson | 0 (1) |
| Sigurbergur Sveinsson | 0 (1) |

| Varin skot: | |
|---|---|
| Björgvin P. Gústavss. | 24/2 (61/5, 39%) |
| Hreiðar Guðmundss. | 10/1 (23/3, 43%) |

Hraðaupphlaupsmörk: 15
Alexander 3, Ingimundur 3, Guðjón Valur 3, Kári Kristján 1, Vignir 1, Arnór 1, Ólafur 1, Ásgeir Örn 1, Aron 1.

Fiskuð víti: 10
Róbert 5, Aron 2, Kári Kristján 1, Snorri Steinn 1, Alexander 1.

Utan vallar: 18 mínútur.




7 ÁRA KIA ÁBYRGÐ

**7 ára ábyrgð**
á öllum nýjum KIA bílum

# Losa minna $CO_2$
# = kosta minna




Ný lög um bifreiðagjöld sem tóku gildi um áramótin staðfesta að KIA bílarnir eru nútímalegur valkostur. Í nýju lögunum er miðað við losun koltvísýrings ($CO_2$) við álagningu vörugjalds og það gleður okkur mikið að geta sagt frá því að við þessa breytingu flytjast **þrettán af nítján gerðum KIA niður um vörugjaldsflokk og**
**lækka því verulega í verði!**

Nútímaleg hönnun, nýjasta tækni við framleiðslu og nákvæm gæðastjórnun gerir KIA kleift að gera betur en samkeppnisaðilarnir og bjóða **sjö ára ábyrgð á öllum nýjum bílum**. Háþróaðar bensín- og dísilvélar sem eru bæði **sparneytnar** og **menga lítið** eru til marks um stöðuga framþróun í framleiðslu KIA. Allt frá nettum fólksbílum á borð við cee'd yfir í öfluga jeppa eins og Sorento,
**KIA er með rétta bílinn**.

Kíktu við í Öskju að Krókhálsi 11 og reynsluaktu glæsilegum bílum frá KIA sem standast kröfur nútímans. Við tökum vel á móti þér.

**Opið virka daga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16**

KIA

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# ÚRSLIT

## Enska bikarkeppnin

| | |
|---|---|
| **Arsenal - Leeds** | **1-1** |
| 0-1 Robert Snodgrass, víti (55.), 1-1 Cesc Fabregas, víti (90.). | |
| **Lincoln City - Hereford United** | **3-4** |
| **Blackburn - QPR** | **1-0** |
| Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópi QPR. | |
| **Bolton - York** | **2-0** |
| 1-0 Kevin Davies (83.), 2-0 Johan Elmander (89.) Grétar Rafn Steinsson var ekki í hópnum hjá B. | |
| **Brighton - Portsmouth** | **3-1** |
| Hermann Hreiðarsson kom inn á sem varamaður í hálfleik hjá Portsmouth. | |
| **Bristol City - Sheffield Wednesday** | **0-3** |
| **Burnley - Port Vale** | **4-2** |
| **Burton Albion - Middlesbrough** | **2-1** |
| **Coventry - Crystal Palace** | **2-1** |
| Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Cov. | |
| **Doncaster - Wolves** | **2-2** |
| 0-1 Nenad Milijas (38.), 1-1 Billy Sharp (41.), 2-1 James Hayter (42.), 2-2 Stephen Hunt (57.) | |
| **Fulham - Peterborough** | **6-2** |
| **Huddersfield - Dover** | **2-0** |
| Jóhannes Karl Guðjónsson var á bekknum hjá H. | |
| **Hull - Wigan** | **2-3** |
| **Norwich - Leyton Orient** | **0-1** |
| **Preston - Nottingham Forest** | **1-2** |
| **Reading - WBA** | **1-0** |
| 1-0 Shane Long (41.) Ívar Ingimarsson var á bekknum hjá Reading. | |
| **Scunthorpe - Everton** | **1-5** |
| 0-1 Louis Saha (4.), 0-2 Jermaine Beckford (32.), 1-2 Michael Collins (46.), 1-3 Seamus Coleman (57.), 1-4 Maroune Fellaini (73.), 1-5 Leighton Baines (82.) | |
| **Sheffield United - Aston Villa** | **1-3** |
| 0-1 Kyle Walker (8.), 0-2 Marc Albrighton (33.), 1-2 Jamie Ward (47.), 1-3 Stiliyan Petrov (90.) | |
| **Southampton - Blackpool** | **2-0** |
| 1-0 Lee Barnard (53.), 2-0 G. Do Prado (88.) | |
| **Stoke City - Cardiff City** | **1-1** |
| 0-1 Michael Chopra (7.), 1-1 Tuncay Sanli (44.) Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í hópnum hjá S. | |
| **Sunderland - Notts County** | **1-2** |
| 0-1 Craig Westcarr (4.), 0-2 Lee Hughes (74.), 1-2 Darren Bent (80.) | |
| **Swansea - Colchester** | **4-0** |
| **Torquay - Carlisle** | **1-0** |
| **Watford - Hartlepool** | **4-1** |
| 0-1 Antony Sweeney (45.), 1-1 Piero Mingoia (66.), 2-1 Marvin Sordell (67.), 3-1 Marvin Sordell (81.), 4-1 Danny Graham (89.). Ármann Smári Björnsson var á bekknum hjá Hartlepool. | |
| **West Ham - Barnsley** | **2-0** |
| 1-0 J. Spector (29.), 2-0 Frederic Piquionne (90.) | |
| **Manchester United - Liverpool** | **1-0** |
| 1-0 Ryan Giggs, víti (2.). | |
| **Tottenham - Charlton** | **3-0** |
| 1-0 Andros Townsend (49.), 2-0 Jermain Defoe (58.), 3-0 Jermain Defoe (60.). | |
| **Chelsea - Ipswich** | **7-0** |
| 1-0 Solomon Kalou (33.), 2-0 Daniel Sturridge (33.), 3-0 sjálfsmark (41.), 4-0 Nicolas Anelka (49.), 5-0 Sturridge (52.), 6-0 Frank Lampard (78.), 7-0 Frank Lampard (79.). | |
| **Leicester - Manchester City** | **2-2** |
| 1-0 Souleymane Bamba (1.), 1-1 James Milner (23.), 1-2 Carlos Tevez (45.), 2-2 Andy King (64.). | |

## Spænska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| **Deportivo - Barcelona** | **0-4** |
| 0-1 David Villa (26.), 0-2 Lionel Messi (52.), 0-3 Andres Iniesta (80.), 0-4 Pedro (81.). | |
| **Real Madrid - Villarreal** | **4-2** |
| 0-1 Cani (7.), 1-1 Cristiano Ronaldo (10.), 1-2 Marco Ruben (18.), 2-2 Ronaldo (45.), 3-2 Ronaldo (80.), 4-2 Kaka (82.). | |

## Powerade-bikar kvenna

### 8-LIÐA ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Njarðvík - Haukar | 70-68 |
| Skallagrímur - KR | 62-98 |
| Snæfell - Hamar | 71-94 |
| Keflavík - Grindavík | 78-61 |

## Powerade-bikar karla

### 8-LIÐA ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| **KR - Fjölnir** | **82-74** |
| **KR**: Brynjar Þór Björnsson 18, Fannar Ólafsson 15, Marcus Walker 14, Hreggviður Magnússon 13, Pavel Ermolinskij 11, Finnur Atli Magnússon 7, Skarphéðinn Ingason 3, Jón Orri Kristjánsson 1. **Fjölnir**: Brandon Springer 17, Sindri Kárason 15 Ægir Þór Steinarsson 14/11 fráköst/6 stoðsendingar, Tómas Heiðar Tómasson 8, Jón Sverrisson 7, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 7, Sigurður Þórarinsson 2, Arnþór Freyr Guðmundsson 2, Trausti Eiríksson 2. | |
| **Haukar - Njarðvík** | **98-84** |
| **Haukar**: Gerald Robinson 27, Semaj Inge 18/14 fráköst/14 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 18, Sævar Ingi Haraldsson 16, Sveinn Ómar Sveinsson 15, Örn Sigurðarson 2, Emil Barja 2. **Njarðvík**: Christopher Smith 36, Magnús Þór Gunnarsson 15, Friðrik E. Stefánsson 9, Rúnar Ingi Erlingsson 7, Guðmundur Jónsson 6, Jóhann Árni Ólafsson 4, Egill Jónasson 3, Hjörtur Hrafn Einarsson 2, Lárus Jónsson 2. | |
| **Tindastóll - Skallagrímur** | **72-48** |
| **Tindastóll**: Hayward Fain 15, Dragoljub Kitanovic 14, Svavar Atli Birgisson 14/11 fráköst, Friðrik Hreinsson 9, Sean Kingsley Cunningham 9/6 fráköst/5 stoðsendingar, Helgi Rafn Viggósson 5/18 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 4, Halldór Halldórsson 2. **Skallagrímur**: Darrell Flake 17/11 fráköst, Mateuz Zowa 8/8 fráköst, Hafþór Ingi Gunnarsson 7, Halldór Gunnar Jónsson 7, Birgir Þór Sverrisson 6, Davíð Guðmundsson 3. | |

D-deildarlið Stevenage sló Newcastle út í ensku bikarkeppninni en 3. umferðin fór fram um helgina:

# Sagði strákunum að vinna Newcastle 5-0

**FÓTBOLTI** Þriðja umferð ensku bikarkeppninnar vekur ávallt mikla athygli en það er í þeirri umferð sem liðin úr tveimur efstu deildunum í Englandi taka fyrst þátt. Oftar en ekki vilja nokkur stórlið falla úr leik fyrir óþekktum liðum úr neðri deildunum og var engin undantekning þar á nú.

Alls taka 739 lið utan efstu tveggja deildanna þátt í ensku bikarkeppninni, flest í undankeppninni, en aðeins 44 þeirra komust alla leið í þriðju umferð aðalkeppninnar.

Enska D-deildarliðið Stevenage kom mest á óvart með því að vinna 3-1 sigur á Newcastle. „Við einbeittum okkur að því fyrir leik hvernig við gætum unnið 5-0 sigur,“ sagði Graham Westley, stjóri Stevenage. „Við áætluðum að þó svo að okkur myndi ekki takast nema 20 prósent af því sem við ætluðum okkur myndi það samt duga til sigurs.“

Dregið var í fjórðu umferðina í gær en Stevenage mun þá mæta Íslendingaliðinu Reading sem leikur í ensku B-deildinni. Reading sló út úrvalsdeildarlið West Brom á laugardaginn.



**GLEÐI** Leikmenn og stuðningsmenn Stevenage fagna. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meistararnir í Chelsea unnu kærkominn sigur í gær er liðið vann Ipswich, 7-0, í bikarnum og mætir næst Everton.

Notts County sló út úrvalsdeildarlið Sunderland um helgina og mætir annað-hvort Manchester City eða Leicester sem skildu jöfn í gær.

Leikur Liverpool og Manchester United var eina innbyrðisviðureign úrvalsdeildarfélaga um helgina en auk fyrrnefnda liðsins féll Blackpool úr leik eftir tap fyrir Southampton. **- esá**

# Sveinar Sir Alex kunna ekki að tapa

**Kenny Dalglish lenti í miklu mótlæti í sínum fyrsta leik sem stjóri Liverpool í 20 ár. Dómarinn Howard Webb bættist ekki á jólakortalista hans eftir að liðið féll úr bikarnum með tapi gegn Manchester United.**

**FÓTBOLTI** „Þú verður rekinn á morgun,“ sungu stuðningsmenn Manchester United til Kenny Dalglish þegar hann gekk til búningsklefa í hálfleik í stórleik ensku bikarkeppninnar í gær. Heimamenn í United voru 1-0 yfir og Liverpool þar að auki manni færri eftir að fyrirliðanum Steven Gerrard var vísað af velli með rautt spjald. Reyndust þetta svo lokatölur leiksins.

Fyrir hádegi á laugardag tilkynnti stjórn Liverpool að Roy Hodgson hefði verið rekinn og var Dalglish ráðinn í hans stað. Dalglish var staddur á skemmtiferðaskipi í Dubai þegar hann fékk símtalið og kom til Englands á laugardagskvöld, ekki mörgum klukkutímum áður en flautað var til leiks á Old Trafford.

Dalglish fékk gríðargóðar móttökur hjá stuðningsmönnum Liverpool enda stýrði hann liðinu til fjölmargra titla þegar hann hélt um stjórnartaumana 1985-1991. Þetta var hins vegar hans fyrsti leikur sem knattspyrnustjóri á þessari öld.

En byrjunin á hans fyrsta leik var sem martröð. Erkifjendurnir frá Manchester fengu vítaspyrnu þegar Dimitar Berbatov féll innan teigs eftir viðskipti við Daniel Agger. Dómarinn Howard Webb benti á punktinn en á endursýningum sást að sá búlgarski lét sig falla skrefi eftir að snerting hafði átt sér stað og gestirnir mótmæltu skiljanlega.

Dómnum var þó ekki haggað og Ryan Giggs, sem átti glimrandi leik í gær, skoraði úr vítinu. Heimamenn komnir yfir og ekki tvær mínútur liðnar. Liverpool fann taktinn hægt og bítandi eftir þetta snemmbúna áfall og virtist vera að ná völdunum á miðjunni þegar annað áfall dundi yfir.

Fyrirliðinn Steven Gerrard fór þá í tveggja fóta tæklingu á Michael Carrick og var í kjölfarið sendur í bað. Glórulaust hjá Gerrard sem hefur gert margt gáfulegra á lífsleiðinni.



**ERFIÐ BYRJUN** Kenny Dalglish er aftur kominn í stjórasætið hjá Liverpool en átti erfiðan fyrsta dag í vinnunni í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Skiptar skoðanir

Þrátt fyrir liðsmuninn og nokkrar þungar sóknarlotur tókst United ekki að bæta við öðru marki. Gestirnir börðust vel og voru líflegri en undanfarnar vikur. Þeim gekk bölvanlega að skapa hættu upp við mark heimamanna en reyndu hvað þeir gátu að sigrast á mótlætinu og spila fínan bolta. Í loftinu voru margar vísbendingar um að stuðningsmenn liðsins fá fleiri tækifæri til að gleðjast það sem eftir lifir tímabils.

Vél Manchester United heldur áfram að malla. Þrátt fyrir að liðið sýni enga meistaratilburði og virðist eiga mikið inni þá er það á beinni braut og hefur til að mynda ekki enn tapað í deildinni. Eftir að hafa rutt Liverpool úr vegi verður Southampton mótherjinn í næstu umferð bikarsins en dregið var í hana strax eftir leikinn.

„Þessi vítaspyrnudómur var grín. Þetta var kolrangt nema þeir hafi breytt reglunum eitthvað,“ sagði Dalglish. „Mér fannst rauða spjaldið líka harður dómur.“

Heimamenn í United eru honum ekki sammála. „Auðvitað var þetta víti. Það var snerting, nægilega mikil til að ég missti jafnvægið. Fólk sem þekkir mig veit að ég læt mig ekki falla af ástæðulausu,” sagði Berbatov eftir leik.

Sir Alex Ferguson, stjóri United, tók í sama streng og bætti við varðandi rauða spjaldið hjá Gerrard: „Hann tók tveggja fóta tæklingu og með lappirnar í loftinu. Maður er ekki vanur því að sjá svona frá Steven Gerrard en dómarinn átti ekki aðra kosti en að reka hann af velli,“ sagði Ferguson.

„Það er í raun með ólíkindum að við höfum ekki náð að vinna þennan leik stærra en 1-0. Við áttum að gera út um þetta í seinni hálfleiknum. Allt getur gerst þegar forystan er svona tæp og ýmislegt hefur gengið á í þessari keppni.“

Wayne Rooney, Edwin van der Sar og Nemanja Vidic voru allir fjarri góðu gamni hjá United í gær en reiknað er með því að þeir verði klárir í slaginn í næsta leik.

**elvargeir@frettabladid.is**

Þremur leikjum af fjórum lokið í fjórðungsúrslitum Powerade-bikarkeppni karla:

# Heimavöllurinn dýrmætur í bikarnum

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fóru fram í Powerade-bikarnum í körfubolta í gær og unnust heimasigrar í þeim öllum. KR, Tindastóll og Haukar verða í pottinum þegar dregið verður í undanúrslitin.

KR vann Fjölni í Reykjavíkurslag 82-74. KR hafði undirtökin í leiknum lengst af og var með tólf stiga forystu í hálfleik en Fjölnismenn sóttu í sig veðrið og buðu upp á spennu á lokamínútunum.

„Þetta Fjölnisliðið er bara alvöru lið og þessi Bandaríkjamaður á eftir að nýtast þeim ágætlega sýnist mér. Við lögðum grunninn að þessu með vörninni okkar í fyrri hálfleik og um helmingur stiga okkar þá kom úr hraðaupphlaupum,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR.

Haukar unnu Njarðvík 98-84. Njarðvíkingar virðast ekki ætla að finna beinu brautina og töpuðu enn einum leik sínum í vetur. Þeir byrjuðu mun betur og voru tíu stigum yfir eftir fyrsta leikhluta. Haukarnir fóru þá af stað og gátu sýnt listir sínar í seinni hálfleiknum.

„Þetta var hrikalegt,“ sagði Njarðvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson. „Við ákváðum að byrja vel núna en vorum svo bara lélegir það sem eftir var.“ En hvað þurfa þeir að gerast til að koma sér úr þessari erfiðu stöðu? „Ef við myndum vita það værum við löngu komnir úr henni,“ sagði Magnús en hans lið er í harðri baráttu fyrir lífi sínu í deildinni.

Pétur Ingvarsson, þjálfari Hauka, var ánægður með sitt lið. „Þeirra leikur hrapaði eftir fyrsta leikhluta en við héldum bara áfram að gera það sem við erum að gera. Skotin hjá þeim hættu að detta. Við vitum að Njarðvík er með hörkulið, þarna eru sex landsliðsmenn og frábær útlendingur,“ sagði Pétur.

„Við gáfumst ekkert upp. Okkar leikmaður, Haukur Óskarsson, átti afmæli í dag og við ákváðum að spila afmælisvörn og afmælissókn. Þetta var bara góður sigur. Við erum einum leik frá úrslitaleik í Laugardalshöll og við tökum á honum þegar þar að kemur.“ Það var engin spenna á Sauðárkróki þar sem Tindastóll burstaði Skallagrím 72-48. Það er því aðeins einn leikur eftir í átta liða úrslitum en það er viðureign Grindavíkur og Laugdæla. **- egm**



**ÞREFÖLD TVENNA** Semaj Inge var öflugur hjá Haukum og bauð upp á þrefalda tvennu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**ÖFLUGUR** Gyula Gal, línumaður Ungverja. NORDIC PHOTOS/AFP

Æfingamót í Póllandi:

## Ungverjar í góðum málum

**HANDBOLTI** Ungverjaland virðist mæta sterkt til leiks á HM í Svíþjóð en Ísland mætir Ungverjum í fyrsta leik B-riðils á föstudaginn kemur.

Ungverjar unnu um helgina sterkt æfingamót sem fór fram í Póllandi en liðið gerði jafntefli, 31-31, við heimamenn í lokaleiknum. Fyrir hafði liðið unnið bæði lið Slóvakíu og Tékklands.

Ungverjaland gekk ekki vel á EM í Austurríki og varð í 14. sæti eftir að hafa verið í neðsta sæti D-riðils. Liðinu gekk þó vel á HM í Króatíu fyrir tveimur árum og varð þá í sjötta sæti. Ungverjaland hefur einu sinni unnið til verðlauna á stórmóti er liðið varð í öðru sæti á HM í Sviss árið 1986. - esá


**NORÐMENN STERKIR** Eivind Tangen, leikmaður Noregs, skýtur að marki. NORDIC PHOTOS/AFP

Æfingamót í Sviss:

## Noregur fagnaði sigri í Sviss

**HANDBOLTI** Noregur bar sigur úr býtum á Yellow Cup-mótinu í Sviss þrátt fyrir að hafa tapað fyrir Rúmeníu í lokaleik þess í gær, 32-31. Noregur hafði þegar unnið sigur á Slóveníu og Sviss á mótinu.

Noregur er með Íslandi í riðli á HM í Svíþjóð sem hefst á fimmtudaginn og mætast liðin í lokaumferð riðlakeppninnar. Robert Hedin landsliðsþjálfari leyfði mörgum óreyndari leikmönnum að spila í gær og æfði til dæmis liðið í að spila sóknarleikinn án markvarðar síðustu fimm mínútur leiksins. - esá


**EFTIRMAÐUR DAGS** Magnus Andersson, þjálfari Austurríkis. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Æfingaleikir hjá Austurríki:

## Stórt tap fyrir Serbum

**HANDBOLTI** Austurríska landsliðið lauk undirbúningi sínum fyrir HM í Svíþjóð með því að tapa stórt fyrir Serbum í Belgrad, 39-27. Serbar komust strax tólf mörkum yfir í fyrri hálfleik og unnu því öruggan sigur.

Þetta var fyrsta tap austurríska landsliðsins undir stjórn Svíans Magnus Andersson sem tók við liðinu af Degi Sigurðssyni. Í síðustu viku lék liðið tvo æfingaleiki við Portúgal og vann þá báða.

Ísland er með Austurríki í riðli á HM í Svíþjóð sem hefst á fimmtudaginn kemur. - esá

Fall í Laugardalshöllinni fyrir stórmót í handbolta er fararheill fyrir þýska landsliðið:

# Veit á gott fyrir Þjóðverja að tapa á Íslandi

**HANDBOLTI** Þó svo að Þýskaland hafi tapað báðum æfingaleikjunum sínum gegn Íslandi í Laugardalshöllinni um helgina þarf það ekki endilega að þýða að liðið sé í slæmum málum. Þvert á móti segir sagan að þá sé von á góðu hjá Þjóðverjum á HM í Svíþjóð sem hefst á fimmtudaginn.

Þjóðverjar höfðu tvívegis komið hingað til lands skömmu fyrir stórmót og í bæði skiptin, rétt eins og nú, töpuðu þeir báðum leikjunum. En í bæði þessi skipti komust þeir í undanúrslit á næsta stórmóti.

Í fyrra skiptið var það í janúar árið 1995. Þá vann Ísland báða leikina með litlum mun (22-20 í íþróttahúsi UBK og 22-21 í Laugardalshöllinni). Um vorið fór svo HM í handbolta fram hér á landi og komust Þjóðverjar í undanúrslit. Þeir enduðu þó í fjórða sæti eftir tap fyrir verðandi heimsmeisturum Frakka í undanúrslitum.


**HEINER BRAND** Þjálfaði einnig þýska landsliðið árið 2002.

Enn athyglisverðara er að rifja upp þegar liðin mættust árið 2002. Ísland hafði betur í tveimur leikjum í Laugardalshöllinni 12. og 13. janúar, skömmu áður en Evrópumeistaramótið, sem einmitt var haldið í Svíþjóð, hófst.

Þá komust bæði Ísland og Þýskaland í undanúrslit. Þjóðverjar höfðu betur gegn Dönum og komust í úrslitaleikinn gegn Svíum. Sá var æsispennandi og réðst ekki fyrr en í framlengingu en að lokum voru það heimamenn sem höfðu betur og urðu Evrópumeistarar. Eins og frægt er máttu Íslendingar sætta sig við fjórða sæti mótsins.

Ef bæði lið komast upp úr sínum riðlum í Svíþjóð nú mætast Ísland og Þýskaland í milliriðlakeppninni, rétt eins og þau gerðu árið 2002. Það sem meira er – Guðmundur Guðmundsson var landsliðsþjálfari Íslands og Heiner Brand landsliðsþjálfari Þýskalands, rétt eins og nú. - esá




## > Amanda Bynes

„Handrit eru bara pappír, þau geta verið frábær og þau geta verið hrikaleg. Maður veit aldrei. Jafnvel handrit sem eru frábær geta endað á því að klikka."

***Amanda Bynes leikur hina sautján ára Daphne sem fer til Bretlands í leit að föður sínum í kvikmyndinni What a Girl Wants sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON SPÁIR Í FJÖLSKYLDUBÖND

# *Idolið heldur fjölskyldufriðnum*

Ég hef stundum dottið í það að fylgjast með stjörnuleit á borð bandaríska Idolið og X-Factor. Skemmtilegast finnst mér að fylgjast með leitinni sjálfri og hef stundum furðað mig á því af hverju nánustu aðstandendur sumra þátttakendanna skulu yfirhöfuð leyfa þeim að fara og gera sjálfa sig að fífli fyrir framan alþjóð. „Af hverju segir þeim enginn að þau geti ekki sungið?" hef ég oft hugsað með sjálfri mér. „Hvers konar vinir eru þetta?" hugsa ég og hristi höfuðið undrandi.

Svarið við spurningu minni kom úr óvæntustu átt. Ég horfði á uppistandsþáttinn Live at the Appollo á sjónvarpsstöðinni BBC um daginn og þar fjallaði einn uppistandarinn meðal annars um X-Factor þættina. Hann vildi meina að fjölskyldum þátttakendanna finnist einfaldlega auðveldara að láta aðra sjá um að merja drauma þeirra. Þannig haldist fjölskyldufriðurinn og allir fara heim sem vinir, sammála um að dómararnir séu kjánar. Stórsniðugt ráð, sé út í það farið,

Annað sem þessi góði uppistandari benti á var að margir þátttakendurnir virtust eiga í erfiðleikum með skap sitt. Í fyrstu hæddu þeir dómurunum í hástert en ef nei-in urðu þrjú breyttist hólið umsvifalaust í ávítun og fortölur. Athyglisverð ábending og nú mun ég aldrei geta horft á Idolið sömu augum aftur.



**AÐALMAÐURINN** Simon Cowell sló í gegn sem dómari í Idol-þáttunum. Hann hefur sagt skilið við þáttinn og sest þess í stað í dómarasætið hjá X-Factor.

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Eva María og Steingrímur Hermannsson**
**17.20 Landinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Sammi** (36:52)
**18.07 Franklín** (46:65)
**18.30 Sagan af Enyó** (2:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Umhverfis jörðina á 20 árum** Leikarinn Michael Palin segir frá ferðalögum sínum um heiminn í tilefni af því að liðin eru 20 ár síðan þáttaröð hans „Umhverfis jörðina á 80 dögum" var sýnd.
**20.55 Ferð til fjár** (2:2) Í þáttunum er fjallað um fjármál einstaklinga og algengar ranghugmyndir um peninga, sparnað og eyðslu.
**21.25 Svona á ekki að lifa** (2:6) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Lukkubær** (5:8) (Happy Town) Aðstoðarlögreglustjóri í smábæ í Minnesota situr uppi með nokkur óupplýst barnaránsmál frá liðnum árum.
**23.00 Sterkasti maður á Íslandi**
**23.30 Kastljós** (e)
**23.50 Fréttir** (e)
**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 When Harry Met Sally**
**10.00 The Muppet Christmas Carol**
**12.00 The Valley of Light**
**14.00 When Harry Met Sally**
**16.00 The Muppet Christmas Carol**
**18.00 The Valley of Light**
**20.00 What a Girl Wants**
**22.00 Kings of South Beach**
**00.00 The Number 23**
**02.00 Silent Hill**
**04.05 Kings of South Beach**
**06.00 Fracture**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lie to Me** (8:22)
**11.00 White Collar**
**11.45 Falcon Crest** (9:28)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (19:24)
**13.25 So You Think You Can Dance** (1:23)
**14.50 ET Weekend**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (20:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (2:19)
**19.45 The Big Bang Theory** (3:17)
**20.10 Glee** (9:22)
**20.55 Undercovers** (6:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles.
**21.40 The Deep End** (4:6) Áhrifarík þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu í að ná árangri á virtri lögfræðistofu.
**22.25 Dollhouse** (13:13) Spennuþáttaröð sem gerist í nánni framtíð.
**23.15 The Bill Engvall Show** (5:8) Frábærir gamanþættir með Bill Engvall úr Blue Collar Comedy. Hann leikur fjölskylduráðgjafa sem er sjálfur í vandræðum heima fyrir.
**23.40 Darfur**
**01.15 Modern Family** (6:24)
**01.40 Chuck** (8:19)
**02.25 The Savages**
**04.15 Glee** (9:22)
**05.00 The Big Bang Theory** (3:17)
**05.25 Two and a Half Men** (2:19)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. Utd. - Liverpool**
**15.45 Leicester - Man. City**
**17.30 The Royal Trophy** Fyrsta stórmót ársins í golfi fer fram í Taílandi þar sem úrvalslið Evrópu og Asíu mætast en keppnisfyrirkomulagið er það sama og í Ryder-bikarnum. Þetta er í fimmta sinn sem þetta mót er haldið en síðast sigraði Evrópuliðið með minnsta mögulega mun þar sem úrslitin réðust með síðasta púttinu á síðustu holunni.
**20.30 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**21.00 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.50 Til síðasta manns** (8:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum. Í þáttunum heimsækja þeir afskekkta staði víðs vegar um heiminn þar sem þeir kynnast nýjum bardagaaðferðum og etja kappi við frumbyggja.
**22.45 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.35 Spænski boltinn: Real Madrid - Villarreal**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.15 Premier League World 2010/11**
**17.45 Premier League Review 2010/11**
**18.45 PL Classic Matches. Man Utd - Liverpool, 1992**
**19.15 Arsenal - Man. City** Útsending frá leik Arsenal og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**22.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**22.30 Man. Utd - Liverpool / HD** Útsending frá leik Man. Utd og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 7th Heaven** (1:22) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Married Single Other** (1:6) (e)
**19.00 Judging Amy** (23:23)
**19.45 Will & Grace** (4:22)
**20.10 90210** (10:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Naomi þykist í örvæntingu sinni kunna á brimbretti til að nálgast brimbrettakappa.
**20.55 Life Unexpected** (6:13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Cate og Ryan eru ekki ánægð þegar yfirmenn þeirra á útvarpsstöðinni vilja að Baze verði með þeim í útsendingu. Lux reynir allt til að fá Jones til að falla frá ákæru gegn Bug.
**21.45 CSI: New York** (23:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Það er komið að lokaþættinum og rannsóknardeildin er að rekja slóð raðmorðingjans Shane Casey (Edward Furlong).
**22.35 Jay Leno**
**23.20 Dexter** (8:12) (e)
**00.10 Flashpoint** (6:18) (e)
**00.55 Will & Grace** (4:22) (e)
**01.20 Life Unexpected** (6:13) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.55 Tournament of Champions** (4:4)
**11.55 Golfing World**
**12.45 Tournament of Champions** (4:4)
**16.45 Ryder Cup Official Film 2010**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Tournament of Champions** (4:4)
**23.20 PGA Tour Yearbooks** (7:10)
**00.05 ESPN America**

## EXTRA

**19.35 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.15 E.R.** (10:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Hlemmavídeó** (11:12) Frábærir gamanþættir með Pétri Jóhanni Sigfússyni.
**22.20 Chase** (2:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum.
**23.05 Numbers** (11:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
**23.50 Mad Men** (6:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
**00.40 E.R.** (10:22)
**01.25 The Doctors**
**02.05 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Tveir gestir** Guðrún Blöndal nútímafræðingur spjallar við Radek Dudziak einkaþjálfara.
**18.45 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Dr. Sigmundur og Sóley Elíasdóttir leikkona tala um eiturefni í umhverfinu.
**20.30 Nýju fötin keisarans** Steinunn Ketils og félagar.
**21.00 Frumkvöðlar** Arnþrúður og Ingvi Hrafn tala um ljósvakafrumkvöðlastarf.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús og Eiki, í veislueldhúsi Hyrnunnar.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

World Class ICELAND

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

**Glee**

Fjörið heldur áfram hjá söngelsku krökkunum í Glee. Núna er komið að söngkeppni milli skóla og það vantar einn liðsmann í Glee-hópinn eftir að Kurt Hummel skipti um skóla og gekk til liðs við strákana í Dalton Academy.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið. **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan

**Næturútvarp** Rásar 1

### BBC entertainment

**09.25** QI **09.55** Whose Line Is It Anyway? **10.20** Waterloo Road **11.10** EastEnders **11.45** Doctor Who **12.30** Deal or No Deal **13.05** Deal or No Deal **13.40** QI **14.10** QI **14.40** Only Fools and Horses **15.10** Only Fools and Horses **15.40** Doctor Who **16.25** New Tricks **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** Wrong Door **20.00** Catterick **20.30** Torchwood **21.20** QI **21.50** QI **22.20** New Tricks **23.10** EastEnders **23.40** Wrong Door **00.10** Catterick **00.40** Torchwood **01.25** Robin Hood

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Natur til hele banden **11.35** Min italienske drøm **12.30** Inuit Eksperimentet - i sundhedens tjeneste **13.00** Den store dag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** I Afrikas vulkaner **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Babar **15.30** Ni-Hao Kai Lan **15.50** Mor Muh og Kragen **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det sode liv **17.00** Jamie Olivers eget køkken **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **19.00** Enæggede tvillinger **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hercule Poirot **22.35** OBS **22.40** Robin Hood

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Schrödingers katt **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Folk **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Lyngbø og Hærlands Big Bang **16.00** NRK nyheter **16.10** Koht på jobben **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Puls **19.15** Kjendisbarnevakten **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Koselig med peis **21.30** Sangskatter med Henning Sommero **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kalde spor **23.55** Nytt på nytt

### SVT 1

**11.05** Sportspegeln **11.35** Minnenas television **12.00** Gårdarna runt sjön **14.00** Hasse Alfredson - ett porträtt **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Minuten **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Sjukdomar jag fick på utlandssemestern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Helt apropå 25 år **19.50** SOS AMBULANS **19.55** SOS AMBULANS **20.00** Drottningoffret **21.00** Förnuft och känsla **23.15** Morden i Midsomer **00.45** Big Love


# Þorrablót Fjölnis

í íþróttamiðstöðinni Dalhús
laugardaginn 15. janúar 2011



Húsið opnar kl 19:00 og borðhald hefst kl. 20:00
með alíslenskum þorramat frá þorrakóngnum
í Múlakaffi og flottum réttum fyrir þá sem
ekki þora í þorrann.

Hinn geðþekki og þjóðlegi
Gísli Einarsson stýrir veislunni.

Skemmtiatriði og happadrætti

Stuðhljómsveitin BUFF sér um fjörið fram á nótt.



**Miðaverð:**

Matur og ball 6.900 kr.
Ball 3.000 kr.

Húsið opnar fyrir ballgesti kl. 23:00
Miðasala hefst 3. janúar í Hagkaup Spönginni
Allar nánari upplýsingar í síma 845-8206

## Þorrahlaðborð Múlakaffis-Veislurétta

**Súrmeti**
- Hrútspungar
- Súr sviðasulta
- Lundabaggar
- Bringukollar
- Lifrapylsa
- Blóðmör
- Hvalrengi

**Nýmeti**
- Hangikjöt úr læri
- Harðfiskur
- Hákarl
- Síldarréttir, 2 tegundir
- Rúgbrauð
- Flatbrauð
- Smjör

- Ný sviðasulta
- Sviðakjammar
- Lifrapylsa
- Blóðmör
- Köld rófustappa
- Ítalskt salat

**Heitir réttir**
- Soðið saltkjöt með uppstúf og kartöflum
- Hreindýraragú með eplasalati og steiktum hrísgrjónum
- Glóðarsteikt lambalæri transerað í sal

FJÖLNIR

## Ekki missa af balli ársins!



FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.




Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég horfi þessi misserin á Mad Men. Það er merkilegt að í þessum þáttum er ekki klikkuð saga. Þetta er í fyrsta sinn sem maður sér þætti sem byggjast á dularfullu andrúmslofti.“*

Ólafur Jóhannesson kvikmyndagerðarmaður.

# Liverpool-treyjur rokseljast á Íslandi

Liverpool-treyjur halda áfram að seljast vel hér á landi þrátt fyrir arfaslakt gengi liðsins upp á síðkastið. „Salan hefur aldrei verið betri, þetta er voðalega skrítið,“ segir Viðar Valsson, starfsmaður verslunarinnar Jóa útherja sem sérhæfir sig í enskum fótboltatreyjum.

Sala á Chelsea-treyjum hefur dregist töluvert saman, sérstaklega síðan Eiður Smári Guðjohnsen hætti hjá liðinu. Spurður hvernig salan á Stoke-treyjum hefur verið segir Viðar: „Við tókum ekki sénsinn með Stoke. Við tókum sénsinn með Mónakó-treyjur og það floppaði alveg.“

Liverpool-treyjur hafa alltaf verið vinsælastar í versluninni. Í öðru sæti eru treyjur Manchester United. Hægt er að láta merkja treyjur með nöfnum leikmanna. Torres og Gerrard eru vinsælastir hjá Liverpool en upp á síðkastið hafa Meireles og Lucas komið sterkir inn. Joe Cole, sem kom til liðsins fyrir tímabilið, var gríðarvinsæll til að byrja með en er núna kominn út í kuldann hjá íslenskum „púlurum“. Hjá United er Javier „Chicharito“ Hernandez vinsælastur um þessar mundir, þrátt fyrir að „Chicharito“-merkingin sé meðal þeirra dýrustu í versluninni.

Við þetta má bæta að Tottenham-treyjur hafa sótt í sig veðrið undanfarið. „Litlu guttarnir eru að snúa sér þangað. Þetta er skemmtilegur fótbolti sem þeir spila og þarna eru stjörnur á borð við Bale og van der Vaart,“ segir Viðar. - fb



**VIÐAR VALSSON** Liverpool-treyjur seljast enn best í Jóa útherja og „Chicharito“ er vinsælastur þessa dagana hjá stuðningsmönnum United. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þær Sigríður Mogensen og **Guðný Helga Herbertsdóttir** kvöddu samstarfsfólk sitt á fréttastofu Stöðvar 2 á föstudagskvöldið á skemmtistaðnum Austur en þær halda nú á vit ævintýranna í olíkum störfum þó; Sigríður hefur störf hjá sérstökum saksóknara á meðan Guðný Helga hefur verið ráðin upplýsingafulltrúi Íslandsbanka.



Svo skemmtilega vildi til að þetta sama kvöld var mikið partí í tilefni af komu dönsku trúðanna **Casper Christensen** og Frank Hvam á sama stað. Þeim Casper og Frank gafst ekki mikill tími til að setjast niður og slaka á því aðdáendur þeirra voru æstir í að fá myndir af sér með þeim. Sjónarvottar höfðu á orði að þeir hefðu kannski haft tækifæri til að fá sér einn sopa af bjór milli myndataka.



Annars virðast Casper og **Frank** hafa tekið miklu ástfóstri við land og þjóð því fréttavefurinn Bleikt.is greindi frá því að þeir hefðu keypt sér íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er hins vegar vitað hvar sú íbúð er en ljóst þykir að þessi heimsókn var ekki sú síðasta.

- fgg

MAGNÚS SCHEVING: ÍÞRÓTTAÁLFURINN SLÓ COLIN POWELL ÚT AF LAGINU Á RÁÐSTEFNU Í MEXÍKÓ

# Vinnur með ríkasta manni heims

Magnús Scheving hefur fundað með Carlos Slim, ríkasta manni heims, um hvernig Latibær og hann geti tekið höndum saman í baráttunni gegn offitu barna.

Magnús segist finna fyrir ótrúlegum meðbyr gagnvart boðskap Latabæjar, þjóðir heims átti sig nú á að við raunverulegan vanda sé etja og vilji fá Latabæ til liðs við sig. „Manni fannst hérna áður fyrr að við værum með réttan boðskap á röngum tíma, nú er eins og við séum með réttan boðskap á réttum tíma.”

Latibær hefur ekki látið sitt eftir liggja í baráttunni gegn offitu barna í Mexíkó. Íslenska fyrirbærið var í fararbroddi í mikilli herferð sem mexíkóska

**66** milljarðar dollara er heildarupphæð auðæva Carlosar Slim, ríkasta manns í heimi.

HEIMILD: FORBES.COM

heilbrigðisráðuneytið og bandaríska stofnunin USDA stóðu fyrir í nóvember og desember á síðasta ári í öllum stórmörkuðum Mexíkó. Tilgangurinn var að auka neyslu mexíkóskra barna á ávöxtum og grænmeti og fór árangurinn fram úr björtustu vonum, neysla á grænmeti og ávöxtum jókst um 29 prósent á þessu tímabili. Þá hefur ekki verið flutt inn jafnmikið af grænmeti og ávöxtum frá Bandaríkjunum í sjö ár samkvæmt síðustu tölum.

Ekki var vanþörf á átaki sem þessu því samkvæmt nýjustu tölum eru mexíkósk börn þau feitustu í heimi og offita þar í landi meðal yngstu kynslóðarinnar orðið mikið heilsufarsvandamál.



**BAKSVIÐS MEÐ COLIN** Magnús Scheving sló Colin Powell, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, út af laginu á ráðstefnu í Mexíkó nýlega. Latibær hefur verið í fararbroddi í baráttunni gegn offitu barna í Mexíkó og var í forsvari fyrir átök sem átti að auka neyslu ávaxta og grænmetis í landinu.

Magnús var hálfgerður senuþjófur á mikilli ráðstefnu sem fjallaði um Mexíkó og möguleika landsins. Eins og ítrekað hefur verið fjallað um í heimspressunni glímir landið við mikið eiturlyfjavandamál þar sem glæpaklíkur og eiturlyfjabarónar vaða uppi í helstu borgum og bæjum landsins.

Meðal ræðumanna voru nóbelsverðlaunahafinn Paul Krugman og Colin Powell, fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna. „Þetta var alveg ógnarstór salur, sviðið algjört ferlíki,“ segir Magnús sem kom á svið á eftir Krugman. Svo óheppilega vildi til að nóbelsverðlaunahafanum varð fótaskortur á sviðinu og því brá Magnús á það ráð að ganga á höndum inn á svið. Og var kynntur með þeim orðum að hann myndi ekki detta. Þetta vakti eðlilega mikla kátínu meðal ráðstefnugesta, nema kannski hjá Colin Powell. „Hann fór á svið á eftir mér og sagðist eiga erfitt með að toppa þetta.“ freyrgigja@frettabladid.is




KOMIÐ OG DANSIÐ!

Námskeið vor´11

LÆRÐU LÉTTA DANSSVEIFLU Á TVEIM DÖGUM!

GJALDFRJÁLST kynningarkvöld
þriðjudag 11. janúar kl. 20.00
sving, línudansar ofl.

Næstu Svingnámskeið 16. jan. og 5. feb.

**Svingnámskeið um helgi:**
5. og 6. febrúar

**Svingnámskeið 5 þriðjudagskvöld:** 18. janúar

**Verðum ballfær – Blandaðir dansar:**
Hvert námskeið er 4 sunnud.kv.: kl. 20.30 – 22.30
Námskeiðin hefjast 16. jan., 13. feb. og 13. mars

**Línudansar á miðvikudagskvöldum:**
10 kvölda námskeið hefst 19. janúar

**Gömludansakvöld með IOGT:**
4. febrúar og 1. apríl

SÍMI 557 7700

DANSHÖLLIN

Drafnarfelli 2 111 Reykjavík
kod@komidogdansid.is
www.komidogdansid.is


# Tilfinningaríkur Dolli situr heima

„Jú, ég hef alveg setið heima en þau eru ekki mörg mótin,“ segir Adolf Ingi Erlingsson íþróttafréttamaður. Það hefur varla farið framhjá neinum að HM í handbolta hefst í vikunni. Að þessu sinni verður sýnt frá mótinu beint á Stöð 2 Sport sem þýðir að Adolf Ingi mun ekki lýsa neinum leik á mótinu, en hann hefur lýst þeim undanfarin ellefu ár.

Adolf kveðst þó ekki vera neitt svakalega svekktur en hann hefur fylgt þjóðinni í gegnum sigra og sorgir strákanna okkar allt frá Evrópumótinu í Króatíu árið 2000. „Fólk er fljótt að gleyma, ég sat til að mynda síðast heima á EM í Sviss 2006,“ segir Adolf og bætir því við, af sinni alkunnu hógværð, að hann búist ekki við því að fólk eigi eftir að sakna hans. „En ef svo er þá yrði það bara skemmtilegt.“

Adolf viðurkennir hins vegar að hann verði oft tilfinningalega tengdur „strákunum“ á þessum miklu ferðalögum. Hann þekki orðið marga þeirra mjög vel og ekkert síður þjálfarana og þá sem standa fyrir utan völlinn eins og sjúkranuddara og lækna.

Hann er ekki neinum vafa hvert eftirminnilegasta mótið sé, Ólympíuleikarnir í Peking, þegar strákarnir komust í sjálfan úrslitaleikinn en töpuðu fyrir Frökkum. Margir muna eflaust eftir því myndbroti þegar Adolf þerraði tár af hvarmi sínum þegar ljóst var að sæti í úrslitum var náð. „Þetta var mikið afrek og sennilega er þetta eitt mesta afrekið í íslenskri íþróttasögu.“ Og þá þarf vart að rifja upp magnaðan varnarleik Alexanders Peterssonar sem Adolf lýsti með sínum einstaka hætti.



**Í KUNNUGLEGRI STÖÐU** Adolf Ingi Erlingsson hefur um árabil lýst leikjum íslenska landsliðsins á stórmótum. Hann verður hins vegar að sitja heima að þessu sinni.

Íþróttafréttamaðurinn kveðst hins vegar vera hóflega bjartsýnn fyrir mótið núna og telur strákana setja markið á sjö efstu sætin enda komast sjö efstu liðin í undankeppni Ólympíuleikanna. „Ég sé fimmta eða sjötta sætið fyrir mér.“ - fgg



EB, Fbl.
IÞ, Mbl.
„Dásamleg leikhúsupplifun“
SA, TMM
„Hvert augnablik var ævintýr ... eins og langþráður draumur“
EB, Fbl.
„Skemmtileg og glæsileg sýning í alla staði“
IÞ, Mbl.
„Ógleymanleg stund í leikhúsinu ... helst vildi ég sitja áfram að lokinni sýningu og fara hvergi“
BS, pressan.is
WILLIAM SHAKESPEARE
OFVIÐRIÐ
Í LEIKSTJÓRN OSKARAS KORŠUNOVAS
mið. 12/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 13/1 kl. 20 UPPSELT
þri. 18/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 19/1 kl. 20 UPPSELT
fös. 21/1 kl. 20 UPPSELT
þri. 25/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 26/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 30/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 3/2 kl. 20 UPPSELT
fim. 10/2 kl. 20 Örfá sæti
sun 20/2 kl. 20 Örfá sæti
Tryggðu þér miða strax!
Miðasala | 568 8000
borgarleikhus.is
Íslenski dansflokkurinn
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Í pólitík er oft vesen

**Jóhanna Sigurðardóttir** forsætisráðherra var spurð að því á blaðamannafundi eftir ríkisstjórnarfund á föstudag hvort hún yrði aldrei þreytt á veseni í stjórnarsamstarfinu, sundurlyndi í samstarfsflokki og andstöðu einstakra ráðherra, svo sem Jóns Bjarnasonar, við sameiningu ráðuneyta. Hún vildi þó ekki meina að svo væri. „Pólitík er oft vesen og ég tekst bara á við hana eins og hún kemur hverju sinni og læt hverjum degi nægja sínar þjáningar í því efni," sagði hún.



### Elskar safaríkar pitsur

Tónlistarmaðurinn **Ólafur Arnalds** var í ítarlegu viðtali á vef breska blaðsins Guardian á laugardaginn. Fram kemur í greininni að Ólafur hafi verið fremur þunnur þegar viðtalið var tekið. Ólafur segir í viðtali að það sé fremur auðvelt að selja marga diska á Íslandi, ekki síst vegna þess að eftir efnahagshrunið hafi verð á erlendri tónlist rokið upp úr öllu valdi. Þá talar Ólafur einnig um ástríðu sína fyrir safaríkum pitsum. „Þegar þú ert vinnufíkill og drekkur of mikið kaffi eða þegar þú ert fullur þá eru pitsur eina vitið."

**- óká, fgg**



### Mest lesið vísir.is

1. Fjölskyldan þakkar hlýhug
2. Reyndu að stinga öryggisvörðinn af
3. Viktoría Beckham ófrísk
4. Fyrrverandi þingmenn fá milljónir
5. Drottningin: Þetta er dásamlegur dagur

Office1
Fyrirtækjaþjónusta
ÓDÝR REKSTRARVARA
Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.
PÖNTUNARSÍMI
550 4111
Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

TILBOÐ!
AÐEINS Í DAG!
» Evrópa frá:
9.900 kr.*
» Ameríka frá:
19.900 kr.*

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, Evrópa frá 9.900 kr. og New York frá 19.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar. Athugið að flugvallarskattar geta verið mismunandi eftir áfangastöðum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00-23.59
**Ferðatímabil:** 10. janúar-28. febrúar 2011
**Áfangastaðir:** New York, London Gatwick, London Stansted, Kaupmannahöfn og Berlín

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

Iceland Express
með ánægju




Fiton / SÍA
www.icelandexpress.is